



Ársskýrsla 2011



UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri - Egilsstaðir - Ísafjörður - Mývatn - Patreksfjörður - Reykjavík - Snæfellsnes - Vestmannaeyjar

UMHVERFISSTOFNUN ÁRSSKÝRSLA 2011

EFNISYFIRLIT

4.....	FRÁ FORSTJÓRA
7.....	STEFNA UMHVERFISSTOFNUNAR
8.....	STARFSMANNAMÁL
9.....	HLUTVERK UMHVERFISSTOFNUNAR
16.....	LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA
26.....	HEILSUSKADLEG EFNI OG ÚRGANGUR
36.....	UPPLÝSINGAR UM UMHVERFISMÁL
42.....	VERND, VIÐHALD, ENDURHEIMT OG NÝTING NÁTTÚRU ÍSLANDS
52.....	VILLTIR DÝRASTOFNAR
58.....	ÚTIVIST OG BÆTT LÝÐHEILSA LANDSMANNA
64.....	HAF OG VATN
76.....	ÚRGANGUR OG ENDURVINNSLA
86.....	STJÓRNSÝSLA
96.....	UMHVERFISMERKINGAR
102.....	FJÁRMÁL OG REKSTUR



© UMHVERFISSTOFNUN 2012

Ritstjórn: Áki Ármann Jónsson og Kristinn Már Ársælsson
Ljósmyndir: Helga Kvam

Hönnun og umbrot: Einar Guðmann
Súlu- og kökurit: Völundur Jónsson
Ljósmynd á forsiðu: Helga Kvam
Prentun: Guðjón Ó - Svansmerkt prentsmiðja

Útgáfunúmer: UST-2012:05
Mars 2012

FRÁ FORSTJÓRA

Ástand umhverfisins

Allir vilja búa í heilnæmu og ómengduðu umhverfi og því eru upplýsingar um ástand umhverfisins mikilvægar. Umhverfisvísar segja okkur til um þróun og ástand umhverfisins. Umhverfisstofnun gaf á árinu 2011 út nýja umhverfisvísa sem gefa á einfaldan hátt vísendingar um hvert við stefnum. Vísarnir snerta loftslagsmál, úrgang, loftgæði, losun mengandi efna, náttúruvernd og sjálfbært samfélag. Einnig má fylgjast með loftgæðum víðsvegar um land í rauntíma á vefsvæði stofnunarinnar. Nú þegar söfnum við saman ítarlegum upplýsingum á mörgum sviðum, s.s. í tengslum við stjórn vatnamála, losun gróðurhúsalofttegunda, úrgang og ástand hafsins. En við þurfum að bæta mælingar á mörgum sviðum, t.d. á mengandi efnun í hafinu, enda er ástand hafsins mælikvarði á gæði okkar helstu útflutningsvöru.

Upplýsingar úr vöktun og rannsóknum eru gríðarlega mikilvægar fyrir markvissa stjórnsýslu og forsenda upplýstrar ákvarðanatöku. Áreiðanlegar upplýsingar verða ætíð að vera tiltækar. Stefnumótun og ákvarðanir um umhverfismál verða að byggja á marktækum gögnum, ekki úreltum eða ófullnægjandi. Til að tryggja að upplýsingar séu aðgengilegar er nauðsynlegt að gera vöktunaráætlanir fyrir allt landið fyrir mikilvægustu umhverfisþættina. Í þeirri vinnu þarf að huga að heildarmyndinni í samvinnu stofnana sem sinna vöktun. Í Hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands kemur t.a.m. fram að fjölmargar stofnanir annast vöktun á náttúru Íslands og svo virðist sem lítil áhersla hafi verið lögð á samhæfingu.

Frá 2008 höfum við lagt áherslu á að bæta upplýsingagjöf til almennings. Við viljum veita almenningi góðar upplýsingar þannig að hver og einn geti tekið upplýsta ákvörðun. Opnað var nýtt vefsvæði fyrir almenning á árinu, grænn.is. Þar má finna hafsþjó af upplýsingum, m.a. um varasöm efni í neytendavörum, endurvinnslu, garðinn, samgöngur, leikföng og öryggismál. Lögð er rík áhersla á að gefa góð og einföld ráð sem allir geta notið sér og haft þannig áhrif í sínu nærumhverfi. Á hverjum degi komumst við í snertingu við fjöldann allan af efnun og efnasamböndum. Þessi efni er að finna í okkar daglega umhverfi eins og t.d. í leikföngum, snyrtivörum, raftækjum, mat og lyfjum. Rannsóknir benda til þess að hættan af efnun í umhverfi okkar sé hugsanlega vanmetin því ekki hafi verið horft til samanlagðra áhrifa þeirra, svonefndra kokteilaáhrifa.

Almenningur þarf að hafa gott aðgengi að upplýsingum um efni og efnasambönd sem verið er að skoða þótt ekki sé búið að banna eða takmarka notkun þeirra.

Hert eftirlit

Tilgangur mengunareftirlits er að koma í veg fyrir óæskileg og skaðleg áhrif á umhverfi eða almenning. Umhverfisstofnun og forverar hennar hafa sinnt þessu hlutverki um langt skeið. Lengi vel var eftirlit opinberra aðila talið til trafala og neikvætt, jafnvel til óþurftar. Þetta starf stofnunarinnar hefur því oft átt undir högg að sækja. En nú eru aðrir tímar og því ber að fagna.

Umhverfisstofnun hélt áfram á árinu 2011 að bæta eftirlit með mengandi starfsemi og ekki síður eftirfylgni og að þvingunarræðum sé beitt ef þörf krefur. Búið er að bæta ferla við eftirlit.

Skráning í eftirliti og endurbættar eftirlitsskýrslur einfalda eftirfylgni með frávikum og athugasemdum. Stofnunin hóf að beita þvingunarræðum með markvissum hætti á árinu 2010 og var árið 2011 fyrsta heila árið þar sem nýju verkferlunum var beitt.

Afleiðingin er fjölgun þvingunarræða milli ára en þeim var sjaldan beitt á árunum á undan.

Eitt af mikilvægustu skrefunum var birting eftirlitsskýrslna á netinu. Nú geta allir fylgst með eftirliti Umhverfisstofnunar, hvort einhver frávik séu frá starfsleyfum og viðbrögðum Umhverfisstofnunar. Við viljum hvetja almenning, hagsmunaaðila og alla sem láta sig umhverfismál varða til þess að fylgjast með atvinnurekstri í sinni heimabyggð og láta okkur vita ef einhverju er ábótavant eða senda inn hrós um það sem vel er gert. Hafa verður í huga að þó áminningum hafi fjölgað þá stendur stærstur hluti eftirlitsþega sig vel. Mikilvægt er að forsvarsmenn fyrirtækja geri sér fulla grein fyrir skyldum sínum og ræki þær af ábyrgð.

Til þess að tryggja faglegt starf stofnunarinnar var ákveðið að fá ISO 9001 gæðavottun fyrir stofnunina. Kerfinu er ætlað að tryggja að verkferlar innan stofnunar séu vandaðir og að góð yfirsýn sé yfir stöðu mála. Gæðakerfið var vottað á seinni hluta ársins 2011 en hefur verið í innleiðingu síðustu tvö ár. Jafnframt kláruðum við innleiðingu á ISO 14001

umhverfsvottun enda viljum við vera í fararbroddi í umhverfismálum á Íslandi. Umhverfisstofnun varð þannig fyrsta opinbera stofnunin á Íslandi til að hljóta vottun fyrir bæði ISO 9001 og ISO 14001.

Ég vil þó itreka að ekkert kerfi getur komið í veg fyrir að mistök eigi sér stað, það er jú fólk sem vinnur störfin. Ferlar og innri úttektir eiga að tryggja að slíkt sé í lágmarki, að mistök uppgötvist snemma og að brugðist sé við. Ég tel mikilvægt að á þessu sé skilningur og að stjórnvöld séu óhrædd við að viðurkenna mistök. Að öðrum kosti myndast þrýstingur á að fela og greina ekki frá til þess að viðhalda ímynd þess sem aldrei gerir nein mistök. Við trúum og treystum á opna stjórnsýslu. En það er barnaskapur og jafnvel hættulegt að halda því fram að nokkurt kerfi sé fullkomið. Aðalatriðið er að hafa hagsmuni almennings og umhverfisins að leiðarljósi og vakandi auga fyrir stöðu mála. Í því sambandi gegnir gæðakerfið lykilhlutverki.

Við teljum að undir lok árs 2011 hafi eftirlitskerfi stofnunarinnar verið komið í ásættanlegan farveg. Það tók langan tíma að ná þeim árangri en engin ástæða er til þess að gera lítið úr honum. Honum var nefnilega náð í niðurskurði en ekki með auknum fjárheimildum eins og veittar hafa verið öðrum eftirlitsstofnunum.

Friðlýsingar og framkvæmdir

Sumarið 2011 var eitt það umfangsmesta hvað varðar framkvæmdir á friðlýstum svæðum í sögu stofnunarinnar. Mikil vakning hefur verið um mikilvægi friðaðra svæða og aukinn skilningur á því að það er ekki nóg að friðlýsa svæði heldur þarf líka að hugsa vel um þau. Í nýútkominni skýrslu Ferðamálastofu kemur fram að um 62% erlendra ferðamanna nefna náttúruna þegar spurt var um kveikju að Íslandsferð og um 80% sögðu náttúruna hafa haft áhrif á ákvörðunina. Stór hluti fjölsóttustu svæðanna er friðlýstur og eru þau því grundvöllur ferðaþjónustu á Íslandi.

Sjö ný svæði voru friðlýst á árinu 2011 sem er frábær árangur. Friðlýsingar mikilvægra náttúrusvæða gerast ekki af sjálfu sér. Á bak við hverja friðlýsingu liggur mikil vinna. Ekki síst framlag og framsýni þeirra sem landið eiga. Enn á þó eftir að friðlýsa mörg svæði og mikilvægt að fjölga stjórnþækjum í náttúruvernd. Viðast annars staðar eru stjórnþæki í náttúruvernd mun fjölbreyttari en hér þekkt. Í undirbúningi friðlýsinga er fyrst reynt að fá landeigendur og aðra hagsmunaaðila til að semja um friðlýsingu. Samningar geta falið í sér greiðslu í forni styrks, þjónustusamnings, tæknaðstoðar og/eða framkvæmda, eða jafnvel skattaafsláttar. Ef um þrýtur er í flestum löndum eignarnámsleið einnig fær í náttúruvernd. Stofnunin itrekar að friðlýsingar eru samstarfsverkefni og að fjármagn og stuðningur sé lykilþættir í ferlinu.

Græn framtíð

Ég tel að grænkun atvinnulífsins sé ekki aðeins mikilvæg heldur nauðsynleg. Stór hluti atvinnulífsins er háður auðlindum jarðar og ef við göngum á þær með ósjálfbærum hætti er ljóst að þær muni ekki standa undir lífsgæðum okkar til lengdar. Öll fyrirtæki þurfa að taka þátt í þessari vegferð í átt að sjálfbærni. Mikið hefur verið rætt um Græna hagkerfið en það felur í sér bæði áskoranir og tækifæri. Mörg fyrirtæki sjá sér hag í því að standa sig vel í umhverfismálum og ná þannig samkeppnisforskoti. Uppgangur umhverfismerkja á borð við Svaninn á undanförunum árum ber þess skýrt merki. Gríðarleg tækifæri eru fólgin í grænni nýsköpun, hönnun og endurhönnun sem kemur okkur öllum til góða, fyrirtækjum, neytendum og umhverfinu. Margnota vörur, endurnotanlegar að hluta eða öllu leyti og ný nálgun í hráefnanotkun hefur farið vaxandi og mun vaxa enn meira á næstu árum og áratugum. Grænt kapphlaup er hafið og til þess að ná árangri í því þurfum við grænar lausnir og græna nýsköpun. Ég tel að Umhverfisstofnun eigi að leika stórt hlutverk í því að móta grænni framtíð. Meðal þess sem við þurfum að bæta hjá okkur er beiting snjallra reglugerða á umhverfissviði sem tryggja ekki einungis heilnæmt umhverfi heldur ýta undir grænar lausnir og nýsköpun. Ef okkur tekst að feta þessa grænu slóð, þá mun okkur farnast vel í framtíðinni.


mars 2012

Kristín Linda Árnadóttir



SKIPURIT UMHVERFISSTOFNUNAR

Starfsemi Umhverfisstofnunar grundvallast á skipuriti sem tók gildi í byrjun árs 2008. Umhverfisstofnun skiptist í fimm svið auk yfirstjórnar. Þrjú sviðanna eru þverfagleg og vinna náið með sviðum umhverfsgæða og náttúruauðlinda. Hvert svið fyrir sig er sjálfstætt og heyrir beint undir forstjóra en sviðsstjórar starfa náið saman að því að sinna verkefnum stofnunarinnar.



STEFNA UMHVERFISSTOFNUNAR

Umhverfisstofnun hefur sett sér stefnu til fimm ára. Sett eru tíu markmið sem stofnunin mun leggja áherslu á. Markmiðin endurspeglar stefnu og hlutverk stofnunarinnar og gefa um leið vísendingu um þau málefni sem nauðsynlegt er að unnið sé að á næstu árum. Í ársskýrslunni er farið yfir markmiðin og þá vinnu sem unnin var til að ná þeim.

Markmið Umhverfisstofnunar 2008-2012:

- Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi.
- Draga úr losun heilsuskaðlegra efna og efna sem eru hættuleg umhverfinu.
- Gera upplýsingar um umhverfismál aðgengilegar almenningi og hagsmunaaðilum og gera þeim þannig kleift að hafa áhrif á umhverfi sitt.
- Vinna að vernd, viðhaldi, endurheimt og nýtingu þeirra auðlinda sem felast í náttúru Íslands með sjónarmið um líffræðilega fjölbreytni, varðveislu jarðmyndana og landslagsheilda að leiðarljósi.
- Stuðla að verndun og sjálfbærri nýtingu villtra dýrastofna.
- Kynna rétt almennings til að njóta útivistar í náttúrunni og bæta þannig og tryggja lýðheilsu landsmanna.
- Beita vistkerfisnálgun við heildstæða stjórnun á umhverfi í vatni og hafi.
- Draga úr myndun úrgangs og auka endurvinnslu hans.
- Stjórnsýsla stofnunarinnar verði skýr og skilvirk.
- Umhverfismerkingar leiði innkaup almennings og fyrirtækja.

SKRIFSTOFA FORSTJÓRA

Ársáætlun
Gæðamál
Mannauður
Sérverkefni
Starfsmannamál
Umhverfisskýrsla

SVIÐ NÁTTÚRUAUÐLINDA

skiptist í tvær deildir:
DEILD NÁTTÚRUVERNDAR
Eftirlit með framkvæmdum
Mat á umhverfisáhrifum
Náttúruverndaráætlun
Sjálfbærniáætlun og náttúruvernd
Umsjón náttúruverndarsvæða
Verndaráætlanir

DEILD LÍFRÍKIS OG VEIÐISTJÓRNUNAR

CITES
Dýravernd
Erfðabreyttar lífverur
Líffræðilegur fjölbreytileiki
Stjórnun veiðistofna
Veiðikort og veiðitölur

SVIÐ UMHVERFISGÆÐA

skiptist í tvær deildir:
DEILD HOLLUSTUVERNDAR
Efni og efnavörur
Hljóðvist
Hollustuhættir
Jarðvegsvernd
Meðhöndlun úrgangs
Starfsleyfi og mengunareftirlit

DEILD UMHVERFISVERNDAR

Bráðamengun
Fráveitur og skólp
Hafgæði
Loftgæði
Loftslagsmál
Losun gróðurhúsalofttegunda
Starfsleyfi og mengunareftirlit
Vatnsgæði
Verndun ósonlagsins

SVIÐ FRÆÐSLU- OG UPPLÝSINGA

Bókasafn
Fræðslufundur og ráðstefnur
Gagnagrunnar
Námskeið
Umhverfismerkingar
Umhverfisvísar
Útgáfu og myndarmál
Vefir

SVIÐ LAGA OG STJÓRNSÝSLU

EES málefni
Lögfræðilegar álit
Lögfræðilegar leiðbeiningar
Reglugerðir
Samningagerð
Umsagnir um kaerumál
Undirbúningur friðlýsinga
Þingmál

SVIÐ FJÁRMÁLA OG REKSTRAR

Bókhald
Eignaumsýsla
Fjármálastjórnun
Innkaup
Kostnaðarmat
Símsvörun og móttaka
Skjalavarsla





MANNAUÐSMÁL

Í lok árs voru starfsmenn Umhverfisstofnunar 77 talsins, 42 konur og 35 karlar. Að auki bættist við samstarfsfólk, 19 starfsmenn í störf landvarða, 9 konur og 10 karlar og 8 starfsmenn í átaksstörf með sérstöku fjármagni frá félagsmálaráðuneytinu, 3 konur og 5 karlar. Starfsmannavelta á árinu var 10%.

Helsta umbótaverkefni ársins var að allar starfslýsingar yrðu endurskoðaðar og að menntunar- og hæfniskröfum til hvers starfs yrði bætt við. Herslumun vantar til að ljúka verkefninu að fullu. Í framhaldi af því er ætluin að gerðar verði einstaklingsmiðaðar símenntunaráætlanir. Hingað til hefur verið haldið utan um það verkefni hjá starfsmannastjóra en nú er ljóst að yfirmaður og starfsmaður þurfa reglulega að vinna áætlanir af þessum toga saman.

Áhersla hefur verið lögð á að starfsmenn sækja sér endur- eða símenntun til að efla sig í starfi. Á árinu sóttu 87% starfsmanna sér endurmenntun af einhverju tagi. Stofnunin efndi til nokkurra innanhúss námskeiða en starfsmenn sóttu einnig fjölmörg námskeið hjá endurmenntunarstofnunum. Í febrúar var efnt til heimskaffis á Nauthól, sem allir starfsmenn voru boðaðir til. Þátttakan var góð og dagurinn líflægur. Niðurstöður dagsins fólust í hugmyndum um bættááætlanir og voru síðan notaðar

til frekari úrvinnslu í vinnuhóp um innri móralska stefnumótun. Ýmsar ábendingar og tillögur frá hópnum skiluðu sér beint í starfið á árinu. Önnur námskeið sem haldin voru hjá Umhverfisstofnun voru um EES samninginn, um forgangsroðun verkefna (Listin að gera lista), Árórsamninginn og fyrirlestur um að ná árangri með vellíðan. Hið síðast nefnda var eftir ábendingu frá starfshópi um innri móralska stefnumótun.

Niðurstöður úr starfsánægjukönnuninni, Stofnun ársins, voru lítið eitt slakari en á árinu á undan, en markmiðið var að stofnunin yrði áfram fyrir ofan meðaltal stærri stofnana. Niðurstöður könnunarinnar gefa stjórnendum góðar vísendingar hvaða þætti starfsins má bæta.

Starfsfólk Umhverfisstofnunar er til fyrirmyndar þegar kemur að hreyfingu og því að nota aðra fararskjóta en einkabíla. Á árinu voru starfræktir badminton- og fótboldahópar svo og skokkhópur. Þá var framúrskarandi þátttaka í verkefninu Hjólað í vinnuna í maí. 56 starfsmenn voru skráðir til þátttöku og hjóluðu eða gengu í 579 daga af 840 mögulegum (69%) m.v. fjölda þátttakenda. Fjöldi veikindadaga á árinu var 7,72 að meðaltali en miðgildi þeirra var 4,99 dagar.

Starfsfólk Umhverfisstofnunar er til fyrirmyndar þegar kemur að hreyfingu og því að nota aðra fararskjóta en einkabíla

STARFSFÓLK UMHVERFISSTOFNUNAR

FORSTJÓRI

Kristín Linda Árnadóttir

SVIÐ FJÁRMÁLA OG REKSTRAR

Gylfi Ástbjartsson, sviðsstjóri
Kristbjörg Bjarnadóttir
Kristinn Valtýsson
Kristín Ágústa Björnsdóttir
Magnea I. Kristinsdóttir
Stella Aðalsteinsdóttir
Svanhildur Sigurðardóttir
Þórey J. Pétursdóttir
Þórunn E. Karlsdóttir

SVIÐ FRÆÐSLU OG UPPLÝSINGA

Áki Ármann Jónsson, sviðsstjóri
Anna Sigurveig Ragnarsdóttir
Anne Maria Sparf
Einar Guðmann
Elva Rakef Jónsdóttir
Gunnar Steinn Jónsson
Inga G. Aradóttir
Jón Örvar Geirsson Jónsson
Kristinn Már Ársælfsson
Sigurður B. Finnsson
Völundur Jónsson

SKRIFSTOFA FORSTJÓRA

Ástríður Elín Jónsdóttir
Helgi Jensson
Sigrún Valgarðsdóttir
Sigurbjörg Gísladóttir

SVIÐ LAGA OG STJÓRNSÝSLU

Sigrún Ágústsdóttir, sviðsstjóri
Anna Kristín Ólafsdóttir
Eva Dögg Kristjánsdóttir
Guðríður Þorvarðardóttir (í leyfi)
Hrafnhildur Bragadóttir
Kristín Aðalsteinsdóttir
Stefán Bogi Sveinsson
Svanfríður Dóra Karlsdóttir

SVIÐ NÁTTÚRUAUÐLINDA

Ólafur A. Jónsson, sviðsstjóri
Hjalti J. Guðmundsson, sviðsstjóri (í leyfi)
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Ásgeir Björnsson
Bergþóra Kristjánsdóttir
Bjarni Pálsson
Björn Stefánsson
Chas Goemans
Edda Björk Rögnvaldsdóttir
Guðbjörg Gunnarsdóttir
Guðrún Lára Pálmadóttir
Hákon Ásgeirsson
Hildur Vésteinsdóttir
Jóhann Guttormur Gunnarsson
Jón Björnsson
Kristín S. Jónsdóttir
Kristín H. Kristjánsdóttir
Óskar Sævarsson
Steinar Rafn Beck Baldursson
Þórdís Vilhelmina Bragadóttir

SVIÐ UMHVERFISGÆÐA

Gunnlaug Einarsdóttir, sviðsstjóri
Ágúst Angantýsson
Bergþóra Hlíðkvist Skúladóttir
Birgitta Íris Birgisdóttir
Birna Sigrún Hallsdóttir
Björn Gunnlaugsson
Brynja Jóhannsdóttir
Christoph Wöll
Gísli Jónsson
Gottskálk Friðgeirsson
Guðmundur B. Ingvarsson
Haukur R. Magnússon
Heiðrún Guðmundsdóttir
Jóhanna Björk Weisshappel
Katrín Hilmarsdóttir
Kristján Geirsson
Niels Br. Jónsson
Ólafur Kristinn Tryggvason
Ragnhildur Guðrún Finnbjörnsdóttir
Sigríður Kristjánsdóttir
Sigrún Guðmundsdóttir
Sigurður Ingason
Sigurrós Friðriksdóttir
Tryggvi Þórðarson
Valur Klemensson
Vanda Úlfur Liv Helsing
Þorsteinn Jóhannsson

HLUTVERK

Stofnunin starfar samkvæmt lögum nr. 90 / 2002 um Umhverfisstofnun, en hlutverk hennar er einnig markað af fjölda annarra laga. Hlutverk Umhverfisstofnunar er að stuðla að velferð almennings með því að beita sér fyrir heilnæmu umhverfi, öruggum neysluvörum og verndun og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda.

VERKEFNI UMHVERFISSTOFNUNAR

- Eftirlit og leyfisveitingar
- Umsjón og rekstur á friðlýstra svæða og þjóðgarðs
- Samræmingarhlutverk vegna heilbrigðis- og mengunarmála
- Söfnun og miðlun upplýsinga um ástand umhverfisins og umhverfismál
- Umsjón með umhverfisluta EES- samningsins
- Gerð reglugerða
- Leiðbeiningar til annarra opinberra aðila s.s. sveitarfélaga og fyrirtækja
- Umsagnir vegna m.a. mats á umhverfisáhrifum og skipulags
- Friðlýsing nýrra svæða í samræmi við Náttúruverndaráætlun
- Umsagnir um kærur
- Önnur störf samkvæmt sérstöku samningum eða samkvæmt ákvörðun umhverfisráðuneytis

ÁFRAM STEFNT AÐ MEIRI GÆÐUM

Mikilvægum áfanga var náð á árinu í gæðamálum. Umhverfisstofnun fékk tvö gæðakerfi vottuð: umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt ISO 14001 og gæðastjórnunarkerfi samkvæmt ISO 9001. Vottunin var framkvæmd af faggiltri vottunarstofu.

Mikilvægi vottunar gæðakerfa felst í því að hún staðfestir að þau eru virk. Þannig er grunnurinn er lagður fyrir áframhaldandi þróun á árangursstjórnun stofnunarinnar. Innleitt hefur verið einfalt og öflugt gæðakerfi með skýrar boðleiðir og fagleg ábyrgð er tryggð með framúrskarandi fagþekkingu starfsmanna. En auðlindir liggja ekki eingöngu í starfsfólki heldur þarf einnig að sjá til þess að það hafi gott starfsumhverfi og upplýsingakerfi sem styðja við störf þess.

Umhverfisstjórnunarkerfi var innleitt á stærri starfsstöðvum stofnunarinnar, í Reykjavík og á Akureyri. Markmið voru sett um umhverfisþætti sem flokkast undir flokk 3 (þ.e. sem hægt er að stýra), s.s. akstur, pappírnotkun, ræstivörur, rekstrarvörur og þjónusta og flokkun úrgangs. Er gaman að geta þess að mjög góður árangur náðist í flokkun á sorpi og dróst óflokkaður úrgangur saman um 88% frá því að innleiðing hófst. Markmið sem sett voru innan þessara flokka náðust í flestum atriðum nema hvað varðar stærri innkaup og notkun á grænum leigubílum. Þó virðist enn mega gera betur. Gefin verður út umhverfisskýrsla á sama tíma og ársskýrslan en í henni má finna nánari upplýsingar um umhverfisstjórnunarkerfið og grænt bókhald, sem haldið er til að fylgjast með innkaupum, notkun auðlinda sem og magni sorps. Skýrslan verður gefin út rafrænt og hægt að nálgast hana á umhverfisstofnun.is.

Í gæðastarfinu urðu ákveðin kaflaskil þar sem meginþungi vinnunnar hefur undanfarið tvö ár hvílt á greiningu ferla og innleiðingar á þeim. Einnig skipaði vinnan við að leiða gæðakerfið í gegnum vottun stóran sess. Var stofnunin heimsótt í tvígang af úttektarmönnum, fyrri hluta árs sem var gerð forúttekt en aðalúttektin var gerð um haustið. Búast má við að áhersla verði nú sett á frekari mælingar markmiða og fínstillingar á þegar innleiddum ferlum. Kjarnastarfsemin verður ávallt að vera í fyrirrúmi og verður lögð sérstök áhersla á að hlúa áfram að henni, mæla málshraða, stilla af verkboðhald og tryggja að stofnunin hafi þær auðlindir sem hún þarf til að sinna lögbundnu hlutverki sínu.


Framhald var á ferlagreiningarvinnunni og má þar nefna sérstaklega einn mikilvægan feril sem leit dagsins ljós. Hann varðar eftirfylgni í eftirliti með mengandi starfsemi og virkjun þvingunarúrræða. Ferillinn skýrir vel skil milli eftirlits og beitingu þvingunarúrræða, þ.e. hvenær eftirlit hættir að vera eftirlit og verður beiting þvingunarúrræða til að framfylgja ákveðnum athugasemdum úr eftirliti. Þessi ferill er gott dæmi um að grunnvinna verður að hafa farið fram áður en hægt er að byggja ofan á. Ekki hefði til dæmis verið auðvelt að framfylgja ákveðnum kröfum um úrbætur nema eftir samræmingarvinnu í framkvæmd eftirlits og gerð eftirlitsskýrslna. Töluverð aukning varð á árinu í fjölda mála sem tilheyrja þessum flokki og voru áminningarmál alls 41.

Umhverfisstofnun setti sér tíu markmið fyrir tímabilið 2008 til 2012 sem gerð verða upp og ný sett í lok árs 2012. Markmið þessi hafa verið leiðandi í öllum þeim verkefnum sem stofnunin hefur sett á áætlun. Mörg þeirra eru þó þess eðlis að erfitt er að mæla þau. Því var með innleiðingu gæðakerfis ákveðið að setja sértækari og mælanlegri markmið til eins árs. Ákveðið var að byrja á að setja fá markmið þar sem setning markmiða og mæling þeirra krefst breytinga í vinnulagi, gagnaöflun og viðhorfi. Þrátt fyrir þetta er ekki hægt að segja að markmiðin séu beinlínis fá þar sem málaflokkarnir eru margir og voru til að mynda sett markmið innan verkefnaáætlunar sem öll stuðla að þessum tíu áður nefndu yfirmarkmiðum stofnunarinnar. Markmið voru sett um málshraða ákveðinna afgreiðsluverkefna stofnunarinnar, er varða eftirlitsskýrslur, vinnslutíma starfsleyfa og umsagna. Einnig voru sett markmið um starfsmannamál og ánægju viðskiptavina.


Markmið var sett um að áhersluverkefnum sem sett væru á verkefnaáætlun yrði 82% lokið í árslok. Markmiðið var mjög nálægt því að nást þar sem 79% verkefna var með stöðuna lokið í árslok. Þrátt fyrir að markmiði um lok áhersluverkefna á verkefnaáætlun hafi ekki náðst er ekki hægt að segja annað en að betur hafi tekist til en árið 2010 þar sem 67% áhersluverkefna var með stöðuna lokið í árslok 2010. Þetta sýnir vel að ákveðin reynsla er að byggjast upp innan stofnunarinnar í áætlanagerð sem er mjög mikilvægt í allri stjórnun.

Mælingar á málshraða starfsleyfa, umsagna og eftirlitsskýrslna voru ekki eins auðveldar og ætla mátti í fyrstu. Málshraðaviðmið starfsleyfa eru sett 180 dagar, þar af eru átta vikur almennur kynningartími,


Áhersluverkefni 2010




Áhersluverkefni 2011



Ábendingar og fyrirspurnir



Meðalsvartími



annars fjórar vikur, skv. reglugerð. Samkvæmt málakerfi stofnunarinnar var meðalmálshraði starfsleyfa sem afgreidd voru á árinu 2011, 445 dagar sem er sjáanlega langt yfir málshraðaviðmiðum stofnunarinnar. Þessi tala segir þó einungis hálf sögu þar sem stórt hlutfall heildarvinnslutíma starfsleyfisumsóknar er bið vegna ýmissa orsaka, t.d. umsagna annarra stofnana eða vegna þess að það vantar gögn frá umsækjanda. Allt að 45% af heildarmálshraða starfsleyfa er hægt að skýra með biðtíma. Það þarf því nákvæmari skráningar til að fylgjast með málshraða starfsleyfa. Það sama má segja um umsagnir en þar má sjá að í málakerfi stofnunarinnar höfum við staðist málshraðaviðmið umsagna, sem er 120 dagar, en laga þarf skráningar til að hægt sé að er hægt að vinna upplýsingar varðandi önnur málshraðamarkmið sem lúta að öðrum umsögnum sem og eftirlitsskýrslum.

Fylgst er með ánægju viðskiptavina með því að skoða fjölda ábendinga sem koma í gegnum heimasíðu stofnunarinnar og um leið er lögð rík áhersla á að þeim sé öllum svarað innan fimm virkra daga. Ábendingakerfi var tekið í notkun árið 2009 þar sem meginhluturinn er að hvetja almenning til að koma ábendingum til stofnunarinnar og tryggja að unnið sé úr þeim ábendingum sem berast eins og kostur

er. Kerfið hefur verið virkt í rétt tæp tvö ár og er enn að slíta barnskónum og erfitt að segja til um hvort ábendingum hafi fjölgað þar sem gert er ráð fyrir að betri skráningu fylgi töluverð aukning ábendinga. Það kemur einnig í ljós, eins og sjá má á súluritinu að fjöldi fyrirspurna er stórt hlutfall erinda sem berast þarna inn og má einnig gera ráð fyrir að það sem er flokkað sem ábending/kvörtun séu ekki allt hreinar kvartanir. Kvörtun á eingöngu við um ábendingar þar sem þjónusta stofnunarinnar hefur ekki staðið undir væntingum en á ekki við um kvartanir sem berast þar sem stofnunin er að framfylgja hlutverki sínu.

Eins og súluritið sýnir má stofnunin standa sig betur í að svara innan settra málshraðamarka þar sem meðalsvartími kvartana fer upp í rúma níu daga og fyrirspurna rúma átta daga.

Starfi í gæðamálum er aldrei lokið og ávallt hægt að verða betri, enda stýring verkefnisins sett upp með þá augljósu staðreynd fyrir augum að okkur kemur til með að verða á og að í mistökum felast tækifæri til að gera betur.

Vandi fylgir vegsemd hverri og lítum við svo á að með vottun á stjórnkerfum fylgi mikil ábyrgð sem endurspeglast í slagorði stofnunarinnar á næsta ári í gæðamálum: „Vandi fylgir vottun, vöndum okkur!“

Allt að 45% af heildarmálshraða starfsleyfa er hægt að skýra með biðtíma

Umhverfisstjórnunarkerfi var innleitt á stærri starfsstöðvum stofnunarinnar, í Reykjavík og á Akureyri

Markmið voru sett um málshraða ákveðinna afgreiðsluverkefna stofnunarinnar, er varða eftirlitsskýrslur, vinnslutíma starfsleyfa og umsagna



Umhverfisstjórnun og grænt bókhald

Umhverfisstofnun vill vera leiðandi í gæðamálum umhverfisstjórnunar með því að draga úr notkun auðlinda og lágmarka úrgang frá starfsemi sinni. Árið 2011 var áhersla lögð á betri gagnaöflun varðandi þá umhverfispætti sem greindir voru árið 2009. Unnið var eftir aðgerðaráætlun til að ná neðangreindum markmiðum. Aðgerðir fólust m.a. í því að skipt var út stórum tunnnum fyrir almennt sorp fyrir tunnur fyrir plast. Allar ómerktar sorptunnur voru fjarlægðar og voru reikningsviðskipti fyrir leigubílaakstur gerð rafræn til betri gagnaöflunar. Sérstaklega var skoðað hvernig best væri að minnka prentun. Starfsfólki bauðst að skrifa undir samgöngusamning en megininntak hans fólst í að hvetja fólk til að nýta sér vistvænan samgöngumáta til og frá vinnustað. Sett voru markmið innan hvers flokks og árangur tekinn saman í lok árs í grænu bókhaldi. Niðurstöður umhverfisstjórnunar og græns bókhalds eru kynntar í umhverfisskýrslu ársins á vef stofnunarinnar.

Áherslur ársins 2011

Orku og auðlindanotkun

Stefnan fyrir árið var að afla upplýsinga um orkunotkun, rafmagn, hita og aðra vatnsnotkun, til að geta metið hvort og hvar væri hægt að auka hagkvæmni.

Aðföng – keypt vara og þjónusta

Stefnan fyrir þá þætti sem falla undir þennan flokk er að bæta gagnaöflun og kanna þá sérstaklega það magn sem keypt er inn og einnig hvort valdar séu umhverfismerktar vörur.

Ferðalög

Stefnan er að halda áfram að hvetja starfsfólk til að velja umhverfisvænan kost vegna fundahalda: nota fjarfundarbúnað, reiðhjól, metan-bíl stofnunarinnar og metan leigubíla. Rafræn viðskipti vegna leigubíla voru innleidd fyrir 1. október 2011.

Úrgangur og flokkun

Markmiðið fyrir árið 2011 var að viðhalda þeim góða árangri sem náðist við flokkun á úrgangi á árinu 2010 eða að bæta hann. Þá var unnið að því á árinu að bæta vinnulag við vigtun á óflokkuðum úrgangi til að auka áreiðanleika gagna.

GÆÐASTEFNA UMHVERFISSTOFNUNAR

- Stefna Umhverfisstofnunar í gæðamálum er að veita úrvalsþjónustu og beita heildstærri nálgun í öllu sínu starfi
- Rík áhersla er lögð á **ábyrga** og vandaða ákvarðanatöku og að uppfylla kröfur og væntingar viðskiptavina

stofnunarinnar. Unnið verði eftir skýrum og skilvirkum ferlum sem hafi einfalt viðmót. Stefnit er að auknu samstarfi við önnur stjórnvöld í þágu einföldunar og til að tryggja gæði þjónustunnar

- Umhverfisstofnun byggir starfsemi sína á **faglegum** styrk. Tekið er á málefnum sem berast af fjölbreyttri og víðtækri þekkingu

- Áhersla er lögð á að stofnunin njóti **trausts**
- Umhverfisstofnun vinnur að stöðugum umbótum á starfsemi sinni og stefnir að því að vera leiðandi í gæðamálum
- Umhverfisstofnun mun vinna samkvæmt gæða- og umhverfisstjórnunarkerfi sem uppfyllir kröfur ISO 9001 og ISO 14001



TEYMI UMHVERFISSTOFNUNAR

Markmið teyma Umhverfisstofnunar eru margvísleg en að grunni til tvenns konar. Annars vegar að tryggja þverfaglega vinnu og upplýsingastreymi í málaflokknum milli sviða og innan sviðs. Hins vegar að nýta þekkingu stofnunarinnar sem best við lausn verkefna og stefnumótun, stuðla að gagnkvæmu upplýsingastreymi og samræmi í úrlausnum á sviði viðkomandi teymis. Samræmi í úrlausnum er meðal þess sem vænst er af teymisvinnu. Teymin eiga að miðla reynslu starfsmanna stofnunarinnar þeirra í milli.

Um mitt ár 2010 var gert heildstætt mat á virkni teymanna og hvað mætti bæta. Nýir teymisstjórar voru skipaðir á árinu í stað þeirra sem höfðu stýrt þeim undanfarna 18 mánuði og bera þeir ábyrgð á að kalla til fundar og skipuleggja starf teymanna. Teymisstjórar funda reglulega með forstjóra þar sem farið er yfir starfið, hvað gangi vel og hvað miður.

EFTIRLITSTEYMI

Eva Dögg Kristjánsdóttir

Vinnur að samræmdri eftirlitsáætlun, samræmingu þ.á.m. eftirlitsskýrslna og þvingunarúrræða og fer yfir fjölda áminninga og dagseka til að fá yfirsýn yfir stöðu mála.

FRAMKVÆMDATEYMI

Kristinn Valtýsson

Skoðar verndarráðstafanir á friðlýstum svæðum, vinnur tillögu að framkvæmdaáætlun, tillögu að válista yfir svæði í mestri hættu og tillögur að verkefnum sjálfbóðaliða á friðlýstum svæðum í umsjón stofnunarinnar.

GAGNASKILATEYMI

Gunnar Steinn Jónsson

Framkvæmir úttekt á gagnagrunnum Umhverfisstofnunar, metur þörf og öryggi gagnagrunna, vinnur úttekt á meðferð gagna, gagnaskýrslur, birtingu og aðgengi að gögnum. Tillaga að stefnumörkun í gagnamálum og gagnaskilum.

HAF- OG VATNSTEYMI

Heiðrún Guðmundsdóttir

Vinnuáætlun vegna haftilskipunar, gera kynningaráætlun fyrir haf- og vatnsmál og gera drög að viðbragðsáætlun Umhverfisstofnunar vegna bráðamengunar hafs og stranda.

NÁTTÚRUVAUÐLINDATEYMI

Hildur Vésteinsdóttir

Innleiðing náttúruverndaráætlunar, Evrópsk löggjöf um náttúruvernd, úttekt á eftirlitsþörf með veiðum og ágengar framandi tegundir.

LOFTMENGUNARTEYMI

Þorsteinn Jóhannsson

Kynningaráætlun fyrir loftgæði og loftslagsmál, eftirfylgni með landsáætlun um loftgæði og aðkoma að gæðamálum sem tengjast loftmengun.

NEYTENDATEYMI

Bergþóra Skúladóttir

Vefsvæði um neytendamál, fyrirsagnarform á heimasiðu og vinna að átaksverkefni til að kynna ýmis umhverfis- og varúðarmerki fyrir almenningi.

ÚRGANGSTEYMI

Guðmundur Ingvarsson

Yfirlit um flutning úrgangs, eftirfylgni með landsáætlun um úrgang og kynningaráætlun um úrgangslosun og leiðir til þess að draga úr henni.

UMHVERFISMATSTEYMI

Svanfríður Dóra Karlsdóttir

Fjallar um umsagnir á MÁU, úttekt á málshraða vegna afgreiðslu mála (tvisvar á ári) og útbýr gátlista til að fara yfir mat á umhverfisáhrifum.



UMHVERFISSTOFNUN

MARKMIÐ 2008-2012

DRAGA ÚR LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA Á ÍSLANDI



LOSUN GRÓÐURHÚSA- LOFTTEGUNDA

Á SÍÐUSTU TVEIMUR ÁRUM (2010 OG 2011) HEFUR VERKEFNUM
UMHVERFISSTOFNUNAR Í ÞESSUM MÁLAFLOKKI FJÖLGAÐ UMTALSVERT
EFTIR AÐ ÍSLAND HÓF UNDIRBÚNING AÐ VIRKRI ÞÁTTTÖKU Í VIÐSKIPTAKERFI
EVRÓPUSAMBANDSINS MEÐ LOSUNARHEIMILDIR GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA (ETS).

Málaflokkur loftslagsmála eflur

Umhverfisstofnun gegnir lykilhlutverki í utanumhaldi og eftirliti með losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi. Stofnunin hefur um margra ára skeið safnað saman upplýsingum um losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi og bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi og árlega skilað þar um gögnum og skýrslu til loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna (UNFCCC). Þessi vinna er síðan tekin út á hverju ári af teymi erlendra sérfræðinga á vegum loftslagssamningsins þar sem ítarlega er farið í hvert atriði og metið hvort vinna stofnunarinnar í þessum málaflokki uppfylli alþjóðlegar kröfur, m.a. um umfang, nákvæmni og gæði. Yfirleitt fá skil Íslands góða einkunn fyrir gæði og efni en iðulega koma ábendingar eða leiðbeiningar um atriði sem betur mega fara. Þá hefur stofnunin gefið út spár um losun gróðurhúsalofttegunda og metið hvort Ísland standi við skuldbindingar sínar á alþjóðavettvangi. Hjá Umhverfisstofnun hefur verið um nokkurt skeið um 1,5 stöðugildi í þessum verkefnum, en með mismikilli þátttöku annarra sérfræðinga hjá stofnuninni um ákveðin og afmörkuð málafni. Auk Umhverfisstofnunar vinna sérfræðingar hjá Landbúnaðarháskóla Íslands, Landgræðslu ríkisins, Skógrækt ríkisins og Orkustofnun að ýmsum þáttum þessarar vinnu.

Frá árinu 2008 hefur staðbundinni iðnaðarframleiðslu, sem losar meira en 30.000 tonn koldíoxíðs árlega og staðbundinni orkuframleiðslu með brennslu jarðefnaeldsneytis sem losar meira en 30.000 tonn koldíoxíðs árlega, verið óheimilt að starfa nema hún hafi aflað sér losunarheimilda sem sérstök úthlutunarnefnd skipuð fulltrúum frá iðnaðar-, umhverfis- og fjármálaráðuneytum úthlutaði. Umhverfisstofnun hefur verið nefndinni til ráðgjafar og verið að vissu leyti tengiliður milli fyrirtækja og úthlutunarnefndar. Þannig sendi atvinnureksturinn umsóknir sínar um losunarheimildir til Umhverfisstofnunar sem fór yfir umsóknirnar

og framsendi til úthlutunarnefndar ásamt umsögn stofnunarinnar. Umhverfisstofnun hefur jafnframt haft með höndum eftirlit með því að þessi atvinnurekstur starfi í samræmi við þær losunarheimildir sem honum hafa verið úthlutaðar og í samræmi við stefnumörkun stjórnvalda. Fram til ársins 2012 er þetta verkefni beintengt við skyldur Íslands skv. Kýótó-bókuninni, þar á meðal vegna hins svokallaða íslenska ákvæðis.

Á síðustu tveimur árum (2010 og 2011) hefur verkefnum Umhverfisstofnunar í þessum málaflokki fjölgað umtalsvert eftir að Ísland hóf undirbúning að virkri þátttöku í viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda (ETS). Viðskiptakerfið er meginstjórnartæki ESB á sviði loftslagsmála og er ætlað að mynda hagræna hvata til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Viðskiptakerfið byggist þannig upp að losun gróðurhúsalofttegunda frá tiltekinni starfsemi á ESB-svæðinu er gerð háð losunarheimildum. Í því felst að rekstraraðila starfseminnar ber árlega að afhenda lögbæru yfirvaldi í viðkomandi ríki losunarheimildir í samræmi við losun síðastliðins árs. Unnt er að afla losunarheimilda með úthlutun yfirvalda í viðkomandi ríki, á uppboði á vegum stjórnvalda, með þátttöku í loftslagsvænum verkefnum og með viðskiptum á frjálsum markaði. Ísland varð formlega þátttakandi í ETS-kerfinu árið 2007 þegar tilskipun 2003/87/EB og tengdar gerðir voru teknar upp í EES-samninginn. Nær engin starfsemi hér á landi féll þá undir gildissvið viðskiptakerfisins og var Ísland því að mestu leyti undanþegið kröfum tilskipunarinnar. Af þessum sökum höfðu reglur viðskiptakerfisins ekki verið innleiddar í íslensk lög. Á undanförunum árum hafa hins vegar þrjár meginbreytingar verið gerðar á ETS kerfinu sem hafa leitt til þess að þessi staða hefur breyst. Í fyrsta lagi var flugstarfsemi felld undir kerfið frá og með árinu 2012, í öðru lagi hefur gildissvið grunntilskipunarinnar verið útvíkkað umtalsvert hvað varðar ýmsa staðbundna iðnaðarstarfsemi og



í þriðja lagi hefur skráningarkerfi losunarheimilda innan ETS (og loftslagssamnings Sp) verið samræmt og verður rekið miðlægt af framkvæmdastjórn ESB. Hér hefur því þurft að endurskoða löggjöf og innleiða reglur og viðmið ETS-kerfisins. Sérfræðingar Umhverfisstofnunar hafa verið umhverfisráðuneytinu til aðstoðar við þessa vinnu sem m.a. leiddi til samþykktar laga, þar sem nokkrir meginþættir ETS-kerfisins voru innleiddir, og setningar reglugerða um hvaða flugrekendur heyra undir umsjón Íslands og um úthlutun endurgjaldslausra losunarheimilda til flugrekenda. Flugtilskipunin hefur því að öllu leyti verið innleidd hér á landi. Hins vegar hefur tilskipun 2009/29/EB ekki verið tekin inn í EES-samninginn enn og ákvæði hennar ekki innleidd í íslenskan rétt nema að litlu leyti. Jafnframt þessu hefur Umhverfisstofnun tekið virkan þátt í undirbúningi að heildarendurskoðun laga um losun gróðurhúsalofttegunda og í tengslum við viðræður um innleiðingu tilskipana vegna ETS.

Umhverfisstofnun gegnir lykilhlutverki í framkvæmd ETS kerfisins hér á landi og á árinu var lagður grunnur að framkvæmd þess. Þetta var í fyrsta lagi gert með

því að unnin voru svokölluð losunarleyfi fyrir þá atvinnustarfsemi sem fellur undir gildissvið kerfisins. Í öðru lagi hefur verið unnið með þessum aðilum að því að uppfylla grunnskilyrði til að fá úthlutað endurgjaldslausum losunarheimildum og skýra stöðu þeirra í kerfinu. Þá hefur verið unnið að því að taka við umsjón með tæplega 200 flugrekendum víða um heim sem falla undir ábyrgðarsvið Íslands, þjónusta þá og vinna að útreikningum á fjölda losunarheimilda sem flugrekendur eiga að fá úthlutað endurgjaldslost árin 2012-2020. Að lokum hefur verið unnið að undirbúningi fyrir opnun skráningarkerfis losunarheimilda en þar hefur m.a. þurft að skilgreina viðmið og reglur, og skipuleggja margvíslega þætti sem falla undir ábyrgð og verkefni Íslands. Umhverfisstofnun hefur umsjón með og ber ábyrgð á rekstri skráningarkerfisins hér á landi. Skráningarkerfið sjálft er hins vegar miðlægt og má að mörgu leyti líkja því við netbanka sem skráir eignarhald losunarheimilda. Umhverfisstofnun stýrir kerfinu hér á landi og þarf að stofna reikninga og halda utan um útgáfu, handhafa, framsal, flutning, afskráningu og ógildingu heimilda í kerfinu.

Hér hefur þurft að endurskoða löggjöf og innleiða reglur og viðmið ETS-kerfisins

Er andrúmsloftið náttúruauðlind?

Andrúmsloftið er ef til vill ekki það fyrsta sem fólki kemur til hugar þegar rætt er um náttúruauðlindir. Nýting þess lýtur að ýmsu leyti öðrum lögmálum en nýting hefðbundinna auðlinda, svo sem dýrastofna, jarðefna, fallvatna og jarðhita. Andrúmsloftið hefur þó í auknum mæli verið skilgreint sem náttúruauðlind á

síðustu áratugum. Má þar t.d. nefna skýrslu auðlindanefndar Alþingis frá árinu 2000, þar sem andrúmsloftið var meðal þeirra náttúruauðlinda sem fjallað var um. Þau gæði sem felast í andrúmsloftinu voru þar talin aðgengi að hreinu lofti, nýting andrúmsloftsins sem viðtaka mengunar, þjónusta andrúmsloftsins sem flutningsleið fyrir rafsegulbylgjur til fjarskipta og möguleikar á nýtingu vindorku.

Umhverfisstofnun hefur umsjón með ýmsum málaflokkum sem tengjast verndun og skynsamlegri nýtingu andrúmsloftsins, svo sem loftgæðum, losun gróðurhúsalofttegunda og verndun ósonlagsins. Hlutverk stofnunarinnar í þessum málaflokkum hefur farið sívaxandi undanfarin ár, m.a. vegna aukinna skuldbindinga íslenska ríkisins á alþjóðavettvangi.

Yfirleitt fá skil Íslands góða einkunn fyrir gæði og efni en iðulega koma ábendingar eða leiðbeiningar um atriði sem betur mega fara

Ísland varð formlega þátttakandi í ETS-kerfinu árið 2007 þegar tilskipun 2003/87/EB og tengdar gerðir voru teknar upp í EES-samninginn

UMHVERFISSTOFNUN HEFUR UMSJÓN MEÐ RÚMLEGA 180 FLUGREKENDUM. EINUNGIS ÁTTA ÞEIRRA ERU ÍSLENSKIR EN RÚMLEGA 100 KOMA FRÁ BANDARÍKJUNUM OG FLESTIR ÞEIRRA FLJÚGA EINUNGIS FÁAR FERÐIR ÁRLEGA.

Til að mæta þessum miklu breytingum hefur Umhverfisstofnun á margan hátt eft umsvif sín í málaflokknum. Á árinu voru ráðnir tveir nýir starfsmenn til stofnunarinnar og verkefni tveggja annarra voru endurskilgreind með það fyrir augum að afmarka betur utnumhald, ábyrgðarsvið, samskipti og verkefni hvers og eins. Þá hefur verið unnið að stefnumörkun og skipulagningu þess að kerfið fari að fullu leyti í gang árið 2012.

Flug og viðskiptakerfi ESB

Frá og með 1. janúar 2012 er flugstarfsemi innan evrópska efnahagssvæðisins (EES) felld undir viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir (ETS) með tilskipun 2008/101/EB. Með innleiðingu kerfisins er stefnt að 3% samdrætti í losun koldíoxíðs frá flugi árið 2012 og 5% samdrætti á tímabilinu 2013-2020, miðað við tímabilið 2004-2006.

Flugrekendum er nú skylt að afla losunarheimilda vegna losunar CO₂ frá innanlands- og millilandaflugi sem felur í sér flugtak eða landingu á flugvelli á evrópska efnahagssvæðinu, þ.e. í einhverju af 27 aðildarríkjum ESB, auk Íslands, Noregs og Liechtenstein. Nokkrar tegundir flugstarfsemi eru undanþegnar gildissviði tilskipunarinnar, m.a. tollgæslu- og löggæsluflug, og leitar-, björgunar- og neyðarflug. Þá tekur viðskiptakerfið ekki til flugstarfsemi sem er undir tilteknum mörkum hvað varðar þyngd loftfara, umfang starfsemi flugrekenda eða árlega losun CO₂. Gert er ráð fyrir að fram til ársins 2020 verði 85% losunarheimilda úthlutað endurgjaldslausu til flugrekenda en 15% boðnar upp. Hluta endurgjaldslausu heimildanna skal ráðstafað til flugrekenda sem hefja starfsemi eða auka starfsemi sína umtalsvert eftir að úthlutun er ákveðin fyrir viðkomandi tímabil.

Þó svo að viðskiptakerfið hafi í raun ekki formlega gengið í gildi hér á landi fyrr en 1. janúar 2012, hófst vinnan við framkvæmd tilskipunarinnar hjá stjórnvöldum og atvinnulífi mun fyrr, þar sem tilskipunin gerir ráð fyrir umtalsverðum undirbúningi vegna gangsetningar kerfisins. Hinar nýju reglur fela í sér talsverðar breytingar á réttarumhverfi þeirra sem heyra undir viðskiptakerfið hér á landi. Auk þess hafa reglurnar í för með sér miklar breytingar á starfsemi stjórnvalda í þessum málaflokki og hafa aukið mjög við verkefni Umhverfisstofnunar.

Sérhvertt ríki hefur umsjón með „sínur“ flugrekendum, þ.e. þeim sem hafa útgefið flugrekstrarleyfi í viðkomandi landi. Flugrekendur sem eru utan EES-svæðisins eru settir undir umsjón þess lands þar sem mesta losunin er. Þar sem Ísland liggur í braut flugs milli Evrópu og vesturheims færast margir aðilar undir umsjón landsins. Niðurstaðan er sú að Umhverfisstofnun hefur umsjón með rúmlega 180 flugrekendum. Einungis átta þeirra eru íslenskir en rúmlega 100 koma frá Bandaríkjunum og flestir þeirra fljúga einungis fáar ferðir árlega. Af þeim flugrekendum sem nú eru í umsjón Umhverfisstofnunar voru 165 áður í umsjón annarra aðildarríkja, en fluttust yfir til Íslands í október 2011 í kjölfar þess að flugtilskipunin var tekin upp í EES-samningnum. Þessir flugrekendur skiluðu því eftirlitsáætlun og losunarskýrslum vegna losunar CO₂ á árinu 2010 til fyrri umsjónarríkja. Alls komu þessir aðilar frá 21 mismunandi umsjónarríki og var Umhverfisstofnun í nánú samstarfi við þau ríki á árinu við að samræma þennan flutning.

Í umsjón Umhverfisstofnunar felst meðal annars móttaka og yfirferð eftirlitsáætlana og árlegra losunarskýrslna og upplýsingagjöf til flugrekenda. Þá sér Umhverfisstofnun um úthlutun heimilda og eftirlit með flugi ásamt upplýsingagjöf til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).

Í byrjun árs voru tæplega 4300 flugrekstraráðilar innan viðskiptakerfisins. Af þeim eru þeir 400 stærstu ábyrgir fyrir um það bil 99% af heildarlosun CO₂. Aðildarríkjum viðskiptakerfisins hefur verið skipt í þrjú flokka eftir fjölda flugrekenda sem undir þau heyra. Ísland er þar í flokki með þeim ríkjum sem eru með flesta flugrekendur í sinni umsjón, ásamt ríkjum eins og Frakklandi, Bretlandi, Þýskalandi, Spáni og Ítalíu. Það er því ljóst að ETS kerfið fyrir flug mun verða nokkuð umfangsmikið á Íslandi.

Á árinu hefur farið fram margvísleg vinna á Umhverfisstofnun við undirbúning við að fella flugstarfsemi undir viðskiptakerfið, m.a. skoðun og mat ESB-gerða, flutningur gagna vegna yfirfærslu flugrekenda frá aðildarríkjum ESB, móttaka og yfirferð á eftirlitsáætlunum og skýrslum frá flugrekendum, útreikningar á endurgjaldslausum losunarheimildum, auk ráðgjafar við flugrekendur og umhverfisráðuneyti ásamt þátttöku í undirbúningsstarfi ESB. Flugrekendum bar að skila vottaðri, árlegri

ÚTGEFIN STARFSLEYFI ÁRIÐ 2011

- Birgðastöð Oliudreifingar ehf** á Reyðarfirði. Heimilt er að geyma í stærsta geymi allt að 1280 m³ af olíu í þró I, 1350 m³ af olíu í stærsta geymi í þró II og allt að 500 m³ af bensíni, með gegnumstreymi minna en 5000 tonn á ári. Þá er heimil móttaka á úrgangsolíu. Starfsleyfið var gefið út 20. janúar 2011.
- Birgðastöð Skeljungs hf** á Reyðarfirði. Heimilt er að geyma í stærsta geymi allt að 540 m³ af olíu eða 540 m³ af bensíni, með gegnumstreymi bensíns minna en 5000 tonn á ári. Þá er heimil móttaka á úrgangsolíu. Starfsleyfið var gefið út 20. janúar 2011.
- Móttökustöð Gámapjónustunnar hf.** Berghellu 1, Hafnarfirði. Heimilt er að taka á móti allt að 100 þúsund tonnum af úrgangi á ári til meðhöndlunar, þ.e. flokkunar, forvinnslu, böggunar, pökkunar, geymslu og endurnýtingar. Starfsemin skiptist í sex hluta: Söfnunarstöð (gámastöð), móttökustöð, jarðgerð, kyndistöð, bifreiðaverkstæði og endurvinnslutilraunir. Starfsleyfið var gefið út 18. febrúar 2011.
- Fiskeldisstöð Íslandsbleikju ehf.** Stað Grindavík. Heimilt er að framleiða allt að 1600 tonn samanlagt á ári af laxi og öðrum fiski til manneldis. Leyfið gildir til eldis á seiðum og áframeldis þar til fullvöxnum fiski er slátrað. Starfsleyfið var gefið út 31. mars 2011.
- Fiskeldisstöð Íslandsbleikju ehf,** á Stóru Vatnsleysu Vogum á Vatnsleysuströnd. Heimilt er að framleiða allt að 1600 tonn samanlagt á ári af bleikju, laxi og silungi, þar til fullvöxnum fiski er slátrað. Starfsleyfið var gefið út 31. mars 2011.
- Móttökustöð Gámapjónustu Norðurlands ehf,** við Rangárvelli, Akureyri. Heimilt er að taka á móti allt að 25000 tonnum af úrgangi á ári til meðhöndlunar, þ.e. flokkunar, forvinnslu, umhleðslu, pökkunar og geymslu. Starfsleyfið var gefið út 24. maí 2011.
- Þóroddur ehf,** Rekstraraðila er heimilt að framleiða allt að 3000 tonn af laxi á ári í sjókvíum í Patreksfirði og í Tálknafirði þannig að framleidd verði allt að 1500 tonn í hvorum firði. Þá er heimild fyrir allt að 398 tonna þorskeldi á einu svæði við Tálknafjörð, en þar er um að ræða eldri starfsemi. Samanlögð heimild til fiskeldis er því 3398 tonn á ári. Starfsleyfið var gefið út 24. maí 2011.
- Móttökustöð Íslenska gámafélagsins ehf,** að Berghólabraut 5 í Reykjanesbæ. Heimilt er að taka á móti allt að 5000 tonnum af úrgangi á ári til meðhöndlunar, þ.e. flokkunar, forvinnslu, umhleðslu, pökkunar og geymslu. Starfsleyfið var gefið út 10. júní 2011.
- Kvíaeldisstöð HB Granda hf,** í Berufirði. Heimilt er að framleiða allt að 4000 tonn af laxi og allt að 400 tonn af þorski í sjókvíum í Berufirði. Gefið út 6. júní 2011.
- Alur álvinnsla,** Helgúvík. Heimilt er að vinna ál úr álgjalli og bræða allt að 12000 tonn af álgjalli á ári. Meðhöndlun gjallsands og síuryks í skolgryfju til að draga úr umhverfisáhrifum er nú aðeins heimil með samþykki Umhverfisstofnunar. Starfsleyfið var gefið út 1. september 2011.

ÞÓ SVO AÐ VIÐSKIPTAKERFIÐ HAFI Í RAUN EKKI FORMLEGA GENGIÐ Í GILDI HÉR Á LANDI FYRR EN 1. JANÚAR 2012, HÓFST VINNAN VIÐ FRAMKVÆMD TILSKIPUNARINNAR HJÁ STJÓRNVÖLDUM OG ATVINNULÍFI MUN FYRR.

Átján verksmiðjur fengu losunarleyfi, þar af 11 fiskimjölsverksmiðjur, fjögur álver, ein steinullarverksmiðja, ein kísiljárnverksmiðja og ein kísilverkmiðja

Losunarskýrslu í fyrsta sinn fyrir 31. mars vegna losunar CO₂ árið 2010. Í lok árs voru rúmlega 40 af þeim flugrekendum sem eru undir umsjón Íslands með samþykktar eftirlitsáætlanir. Níu þeirra, þar af tveir íslenskir, sóttu um endurgjaldslausar losunarheimildir á árinu og 14 skiluðu skýrslu fyrir losun CO₂ árið 2010. Áætla má að rúmlega 100 af þeim 180 flugrekendum sem undir Ísland heyra séu virkir í viðskiptakerfinu á hverju ári (fljúga innan EES-svæðisins og milli ríkja EES og þriðja ríkis) og ber því að afla sér losunarheimilda vegna losunar CO₂. Af þeim átta íslensku flugrekendum sem eru undir umsjón Íslands, voru sex undanþegnir því að skila losunarskýrslu fyrir 2010 vegna þess að umfang starfsemi þeirra var undir settum viðmiðunarmörkum varðandi fjölda ferða og losun CO₂.

Iðnaður og viðskiptakerfi ESB

Gildissvið viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir (ETS) var rýmkað umtalsvert með tilskipun 2009/29/EB. Breytingin er þýðingarmikil fyrir Ísland því að hún felur m.a. í sér að losun koldíoxíðs og flúorkolefna (PFC) frá álframleiðslu og losun koldíoxíðs frá járnblendiframleiðslu mun heyra undir kerfið og vera háð losunarheimildum frá 1. janúar 2013. Að auki hafa gagngerar breytingar verið gerðar á reglum um úthlutun losunarheimilda og er vald stofnana bandalagsins við framkvæmd kerfisins aukin á kostnað aðildarríkja. Þak er sett á fjölda losunarheimilda í kerfinu og fækkar þeim frá ári til árs. Eftir því sem þakið lækkar, fækkar losunarheimildum og þær verða dýrari. Þá munu fleiri geirar sjá sér fjárhagslegan hag í því að skipta yfir í loftslagsvænni tækni.

Losunarheimildum til iðnaðarstarfsemi mun að hluta til verða úthlutað endurgjaldslausu út frá samræmdum árangursviðmiðum en að hluta til verða þær boðnar upp á markaði. Gert er ráð fyrir að hlutfall losunarheimilda sem boðnar eru upp aukist smám saman og verði orðið 100% árið 2027. Á móti mun hlutfall heimilda sem úthlutað verður endurgjaldslausu fara minnkandi, úr 80% af árangursviðmiði árið 2013, niður í 20% árið 2020 og 0% árið 2027. Þó mun starfsemi sem hætt er við kolefnisleka fá úthlutað endurgjaldslausu heimildum sem svarar til 100% af árangursviðmiði fram til 2020.

Iðnaður, sem fellur undir ETS-kerfið frá og með 2013, þarf að sækja um svokölluð losunarleyfi til stjórnvalda

og skila inn ítarlegum upplýsingum um starfsemi sína á viðmiðunartímabili (2005 til 2010). Árið 2011 barst 21 umsókn um losunarleyfi til Umhverfisstofnunar. Tvær umsóknir voru dregnar til baka og einni var vísað frá þar sem viðkomandi verkmiðja féll ekki undir lögin. Átján verkmiðjur fengu losunarleyfi, þar af 11 fiskimjölsverkmiðjur, fjögur álver, ein steinullarverkmiðja, ein kísiljárnverkmiðja og ein kísilverkmiðja. Eitt af þessum álverum og kísilverkmiðjan hafa ekki hafið starfsemi.

Þau fyrirtæki sem hafa fengið losunarleyfi skiluðu ennfremur inn ítarlegum gögnum um sögulega framleiðslu o.fl. Út frá þessum gögnum mun Umhverfisstofnun árið 2012 útbúa lista yfir fyrirtæki sem falla undir kerfið hér á landi ásamt útreikningi á bráðabirgðaúthlutun losunarheimilda til fyrirtækjanna. Verður þessi listi sendur til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Endanleg úthlutun til fyrirtækjanna verður síðan ákveðin eftir að framkvæmdastjórn ESB hefur yfirfarið lista allra aðildarríkja EES-svæðisins og gefið upp samræmdan leiðréttingarstuðul fyrir úthlutun, gerist þess þörf. Endanleg úthlutun losunarheimilda verður síðan birt fyrir árslok 2012.

Skráningarkerfi losunarheimilda

Fram til þessa hefur skráningarkerfi losunarheimilda verið rekið af Umhverfisstofnun skv. kröfum Kýótóbókunarinnar. Á grundvelli íslenska ákvæðisins og vegna þeirrar staðreyndar að iðnaðarstarfsemi á Íslandi hefur verið undanþegin tilskipun 2003/87/EB er aðgangur að þessu kerfi ekki opin íslenskum fyrirkjóm né einstaklingum. Á árinu 2012 verður nýtt skráningarkerfi, sem í almennu tali nefnist Union Registry, gert starfhæft í tveimur þrepum. Í fyrra þrepinu er þeim flugrekendum sem hljóta endurgjaldslosa úthlutun losunarheimilda heimilaður aðgangur að kerfinu. Flugrekendur geta þá sótt um aðgang og stofnað reikning og fengið úthlutað heimildum inn á hann í samræmi við árangursviðmið og útreikning Umhverfisstofnunar. Í seinna þrepinu verður öllum heimilt að sækja um aðgang og reikninga í kerfinu og eiga viðskipti með losunarheimildir að uppfylltum ákveðnum grundvallarskilyrðum.

Skráningarkerfið er miðja viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir ásamt því að þjóna mikilvægum tilgangi gagnvart skuldbindingum Íslands samkvæmt



loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna og Kýótóbókuninni. Skráningarkerfið gerir Umhverfisstofnun kleift að gefa út og úthluta endurgjaldslausum heimildum og afskrá heimildir sem þegar hafa verið nýttar. Raunlosun frá starfsemi sem fellur undir tilskipunina er skráð í kerfið og fyrirtækjum er gert skylt að eiga reikning í kerfinu og gefa upp losunarheimildir sem samsvara raunlosun, en þá gildir að ein losunarheimild samsvarar einu tonni af koldíoxíði (CO₂) eða ígildi þess. Í gegnum reikning í skráningarkerfinu geta fyrirtæki og einstaklingar auk þess millifært losunarheimildir sín á milli eins og kaupsamningar, væntanlega, segja til um. Umhverfisstofnun hefur eftirlit með þessum millifærslum og keyrir reglulega prófanir gagnvart bæði viðskiptabók Evrópusambandsins (EUTL) og viðskiptabók loftlagssamningsins (ITL). Þessar prófanir kanna samræmi, m.a. millifærslu og fjölda heimilda inni á viðkomandi reikningum, innan kerfisins og eiga að tryggja öruggari viðskipti með losunarheimildir.

Þar sem ekki hefur verið rekið virkt, opið skráningarkerfi hér á landi hefur þurft að setja upp frá grunni skipulag og utanumhald slíks kerfis innan Umhverfisstofnunar og stjórnsýslunnar í heild. Meginpartur ársins var því helgaður upplýsingasöfnun um kerfið sjálft, stjórnsýslu og utanumhaldi annarra ríkja vegna skráningarkerfis,

smíði nauðsynlegra verkferla til að halda utan um daglegan rekstur skráningarkerfisins og öðrum undirbúningi. Þá hefur verið fylgst með undirbúningi að uppboðum losunarheimilda en fjármálaráðuneytið heldur utan um það verkefni.

Undirbúningur úthlutunar til flugrekenda var eitt helsta verkefnið sem við kom skráningarkerfinu á árinu. Reglugerðin um skráningarkerfið gerir strangar kröfur um öryggi og í samræmi við hana hafa þeir flugrekendur sem munu fá úthlutað ókeypis losunarheimildum verið krafðir um ítarlegar upplýsingar til staðfestingar á tilvist og auðkenni.

Starfsmenn Umhverfisstofnunar hafa sótt námskeið á vegum framkvæmdastjórnar ESB um rekstur skráningarkerfisins og búið er að undirbúa frekari fræðslu starfsmanna með námsferð til Umhverfisstofnunar Bretlands sem hefur starfrækt skráningarkerfi losunarheimilda frá árinu 2005. Á vettvangi funda hjá framkvæmdastjórn ESB hefur einnig orðið til grundvöllur fyrir náð samstarf meðal stofnana aðildarríkja sem sjá um skráningarkerfin. Umhverfisstofnun tekur þátt í þessu samstarfi og tryggir þannig að samræmi sé með eftirliti og öryggi í viðskiptum með losunarheimildir á Íslandi og annars staðar í Evrópu. Umhverfisstofnun er því í stakk búin til að takast á við þau verkefni sem fylgja viðskiptum með losunarheimildir.


Umhverfisstofnun tekur þátt í þessu samstarfi og tryggir þannig að samræmi sé með eftirliti og öryggi í viðskiptum með losunarheimildir á Íslandi og annars staðar í Evrópu

Á árinu 2012 verður nýtt skráningarkerfi, sem í almennu tali nefnist Union Registry, gert starfhæft í tveimur þrepum

Á FYRSTA SKULDBINDINGARTÍMABILI KÝÓTÓ- BÓKUNARINNAR FRÁ
2008 TIL 2012 NEMA LOSUNARHEIMILDIR ÍSLANDS RÚMLEGA 18,5
MILLJÓNUM TONNA CO₂-ÍGILDA.

Losun gróðurhúsalofttegunda

Losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi árið 2009 var 4,6 milljónir tonna CO₂-ígilda



2009


Ísland er skuldbundið til þess að halda sig innan tiltekinnar marka varðandi losun gróðurhúsalofttegunda. Á fyrsta skuldbindingartímabili Kýótó- bókunarinnar frá 2008 til 2012 nema losunarheimildir Íslands rúmlega 18,5 milljónum tonna CO₂-ígilda. Þetta jafngildir því að árleg losun skuli að meðaltali nema um 3,7 milljónum tonna. Samkvæmt sérstakri ákvörðun (14/CP.7) er Íslandi þó heimilt að halda losun frá nýrri stóriðju eða stækkun stóriðjuvera utan við losunarskuldbindingar sínar eftir að losunarheimildir hafa verið fullnýttar, falli sú losun undir skilyrði ákvörðunarinnar.

Heildarmagnið sem halda má utan við losunarheimildirnar nemur samtals átta milljónum tonna frá 2008 til 2012, eða að meðaltali 1,6 milljónum tonna á ári.

Umhverfisstofnun tók á árinu saman skýrslu um losun gróðurhúsalofttegunda frá 1990 til 2009. Losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi árið 2009 var 4,6 milljónir tonna CO₂-ígilda. Losunin hefur aukist um 35% frá árinu 1990 en dróst hins vegar saman um 5% frá árinu 2008.

Þá minnkun má einkum rekja til minni losunar PFC frá álverum (vegna betri framleiðslustýringar), minni losunar vegna byggingastarfsemi (kreppuáhrif) og vegna minni sementsframleiðslu (kreppuáhrif). Losun vegna fiskveiða jókst hins vegar frá árinu 2008. Af losuninni árið 2009 falla 1,2 milljónir tonna undir íslenska ákvæðið. Losun, að undanskilinni þeirri losun sem fellur undir íslenska ákvæðið, var því samtals rúmlega 3,4 milljónir tonna.

1990-2009



Ef litið er til losunar eftir tegund starfsemi hérlendis kemur í ljós að tvær uppsprettur eru langstærstar, með um tvo þriðju hluta af heildarlosun árið 2009. Þær eru losun vegna iðnaðar og efnanotkunar, samtals 44%, og vegna samgangna, 20%.

Í loftslagssamningnum eru allar tölur miðaðar við árið 1990 sem grunnár. Útstreymi þá var 3,4 milljónir tonna CO₂-ígilda og hefur útstreymi því aukist um 35% á tímabilinu 1990 til 2009. Mest hefur útstreymi aukist frá áliðnaði (142%) og vegasamgöngum (69%). Talsverð aukning hefur einnig verið vegna meðhöndlunar úrgangs sem og vegna rafmagns- og hitaframleiðslu. Útstreymi hefur hins vegar dregist saman um 17% í sjávarútvegi og um 6% í landbúnaði.

Losun Íslands á árunum 2008 og 2009 er samtals 9,5 milljónir tonna. Binding kolefnis með landgræðslu og skógrækt sömu ár samsvarar 630 þúsund tonnum. Í lok skuldbindingartímabilsins verður hægt að gefa út bindingareiningar (RMU) vegna þessarar bindingar. Losun sem uppfyllir skilyrði íslenska ákvæðisins árin 2008 og 2009 er samtals 2,3 milljónir tonna. Ef þessar upplýsingar eru framreiknaðar fyrir tímabilið 2008 til 2012, myndi heildarlosun Íslands nema um 23,7 milljónum tonna, heildarbindingareiningar sem gefa mætti út myndu nema um 1,6 milljónum tonna. Uppreiknað yrðu þá heimildir Íslands um 20,1 milljónir tonna (18,5+1,6). Heildarlosun yrði því um 3,6 milljónir tonna framyfir heimildir. Losun sem uppfyllir skilyrði íslenska ákvæðisins myndi hins vegar samsvara um 5,9 milljónum tonna. Þessi „yfirdráttarheimild“ yrði því nýtt að hluta, eða um 3,6 milljónir tonna af henni. Gögnin benda því til þess að Ísland muni standast þessar grunnskuldbindingar Kýótó-bókunarinnar.

Úttekt á losunarbókhalddi

Ár hvert ber iðnríkjum sem eru aðilar að loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna (UNFCCC) að skila ítarlegum upplýsingum um losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu þeirra, um landskerfi sem ríkin hafa komið upp til að annast framkvæmd bókhaldsins, sem og um þróun og horfur á að ríkin standist skuldbindingar sínar skv. samningnum og Kýótó-bókuninni. Skýrslur ríkjanna eru árlega yfirfarnar ítarlega af sérstökum úttektarteymum sem skrifstofa samningsins tilnefdir. Teymin skila svo skýrslum um helstu niðurstöður úr úttekt á bókhaldinu ásamt tillögum að úrbótum. Alla jafna fara þessar úttektir fram miðlægt, þ.e. teymið

kemur saman í höfuðstöðvum samningsins í Bonn og hefur samband við viðkomandi ríki í gegnum tölvupóst og síma. Á nokkurra ára fresti er hins vegar farið í viðameiri og nákvæmari úttektir í viðkomandi landi, rætt beint við sérfræðinga og farið ítarlega yfir landskerfið, grunngögn, aðferðir og úrvinnslu. Hér er sennilega um að ræða langstrangasta eftirlit með framkvæmd ríkja að nokkrum alþjóðasamningi, a.m.k. á sviði umhverfismála. Annmarkar á framkvæmd Kýótó-bókunarinnar geta haft viðurlög í för með sér fyrir viðkomandi ríki. Sem dæmi má nefna að neikvæð niðurstaða úr úttekt í Rúmeníu árið 2011 leiddi til þess að viðskipti með losunarheimildir ríkisins voru bönnuð og neyddist forstjóri Umhverfisstofnunar í Rúmeníu til að segja af sér í kjölfarið.

Á árinu var losunarbókhalddi Íslands tekið út með eftirlitsheimsókn úttektarteymis UNFCCC. Það fór þannig fram að í ágúst kom hingað til lands átta manna úttektarteymi sem fór yfir þær upplýsingar sem Ísland hafði skilað til skrifstofu

loftslagssamningsins fyrr á árinu. Var teymið hér á landi í heila viku og kallaði m.a. á sinn fund 15 manns sem á einn eða annan hátt tengjast vinnu við mat á losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi. Starfsmenn Umhverfisstofnunar unnu með teyminu alla vikuna. Gera má ráð fyrir að starfsmenn teymisins hafi unnið samtals 6-7 mannmánuði við að fara yfir bókhald Íslands.

Helstu niðurstöður teymisins voru þær að bókhaldið væri almennt af miklum gæðum og að það uppfyllti kröfur Kýótó-bókunarinnar. Þó er bent á að ýmislegt megi betur fara, sérstaklega í kaflanum um landnotkun. Í kjölfar úttektarinnar skilaði Ísland þó að nýju upplýsingum um losun gróðurhúsalofttegunda til skrifstofu UNFCCC, þar sem í úttektinni kom í ljós vanmat á nokkrum uppsprettum en slíkt leyfist ekki skv. reglum Kýótó-bókunarinnar. Við þetta jókst losun um 0,7%, enda var vanmatið minniháttar. Skýrslu um úttektina má nálgast á umhverfisstofnun.is.

Helstu niðurstöður teymisins voru þær að bókhaldið væri almennt af miklum gæðum og að það uppfyllti kröfur Kýótó-bókunarinnar.





UMHVERFISSTOFNUN

MARKMIÐ 2008-2012

DRAGA ÚR LOSUN HEILSUSKADLEGRA
EFNA OG EFNA SEM ERU HÆTTULEG
UMHVERFINU



HEILSUSKAÐLEG EFNI OG ÚRGANGUR

REYNSLAN FRÁ EYJAFJALLAJÖKULSGOSINU HAFÐI KENNT AÐ BÚAST MÆTTI VIÐ VANDRÆÐUM VEGNA ÖSKUFOKS MÁNUÐUM SAMAN EFTIR AÐ GOSI LÝKUR

Eldgos í Grímsvötnum og nýr svifryksmælir

Þann 21. maí hófst með skömmum fyrirvara mjög öflugt eldgos í Grímsvötnum. Þetta gos var mun öflugra en hefðbundin Grímsvatnagos og fljótlega var komin upp svipuð staða eins og í Eyjafjallajökulsgosinu, þ.e. mikið og þétt öskufall í byggð og skyggni sums staðar nánast ekkert. Mesta og þéttasta öskufallið var í Fljótshverfi en einnig var mjög þétt öskufall á Kirkjubæjarklaustri og í Landbroti. Fingerð eldfjallaaska er mjög óæskileg til innöndunar, sérstaklega fyrir börn og lungnasjúklinga. Það var því brýnt að fá sem fyrst upplýsingar um styrk svifryks í lofti á svæðinu og reynslan frá Eyjafjallajökulsgosinu hafði kennt að búast mætti við vandræðum vegna öskufoks mánuðum saman eftir að gosi lýkur. Þegar gosið hófst var enginn svifryksmælir á svæðinu. Næsti svifryksmælir var á Raufarfelli undir Eyjafjöllum. Meðan mesta og þéttasta öskufallið gekk yfir var ekki raunhæft að setja upp svifryksmæli á svæðinu. Reynslan úr Eyjafjallajökulsgosinu sýndi að í mjög þéttu öskufalli urðu svifryksmælir ónothæfir á stuttum tíma enda ekki gerðir fyrir svo mikinn styrk.

Reynslan úr Eyjafjallajökulsgosinu sýndi að í mjög þéttu öskufalli urðu svifryksmælir ónothæfir á stuttum tíma enda ekki gerðir fyrir svo mikinn styrk.



á, því þá var enn mikið öskufall þar og leiðin austur lokuð vegna öskufalls. Í staðinn var ákveðið að setja mælinn upp til bráðabirgða á Selfossi en þá var öskufalls farið að gæta þar. Mælirinn var kominn upp á Selfossi seinni part mánuðagsins 23. maí. Daginn eftir var mesta öskufallið yfirstaðið á Kirkjubæjarklaustri og var svifryksmælirinn settur upp þar miðvikudaginn 25. maí, á þaki barnaskólans.

Samhliða þessu var farið að kanna möguleika á kaupum á nýjum mæli sem setja mætti upp til lengri tíma á gossvæðinu og einn framleiðandi gat lofað afgreiðslufresti á 1-2 vikum. Var ákveðið að festa kaup á þeim mæli en um var að ræða tæki sem getur mælt þrjár stærðir svifryks samtímis PM10, PM2,5 og PM1. Hefðbundnir mælir hafa fram til þessa einungis mælt eina stærð svifryksagna. Um var að ræða mæli frá þýska framleiðandanum Grimm. Þegar til kom varð aðgreiðslufrestur nokkuð lengri og þegar mælirinn kom til landsins komu upp óvænt vandamál með gagnaflytning frá honum. Mælirinn var fyrst settur upp í Fljótshverfi sem er nokkuð austan við Kirkjubæjarklaustur en á því svæði var öskubykktin einna mest. Vegna lélegs GSM-sambands á þeim slóðum voru gagnaflytningar frá mælinum hins vegar mjög hnökrottir og á endanum var ný mælirinn settur upp á Kirkjubæjarklaustri á sama stað og mælirinn sem var í láni frá Akureyri hafði áður verið.

Í þessu gosi í Grímsvötnum komu upp vandamál að nýju og sömu spurningar vöknudu hjá bæði almenningi og yfirvöldum varðandi t.d. hvar

best væri að staðsetja svifryksmæla þegar svona náttúruhamfarir ganga yfir. Í gosinu í Eyjafjallajökli kom fram mikill áhugi hjá fólki á Hvolsvelli um að hafa svifryksmæli staðsettan þar. Rökin fyrir því eru ekki síst þau að á Hvolsvelli býr nokkur fjöldi íbúa og þar eru leikskóli, skóli og dvalarheimili. Það skiptir máli að þessir aðilar fái upplýsingar um loftgæði og geti varist mengun, t.d. með því að vera innandyra, loka gluggum og í verstu tilfellum haldið yfirþrýstingi í húsum sínum. Undir Eyjafjöllum var hins vegar mun verra ástand. Þar er öskufok mun tíðara en þar býr hins vegar færra fólk og börn fara af svæðinu í skóla og leikskóla. Niðurstaðan var sú að mælinum var haldið á Hvolsvelli þar til loftgæði þóttu orðin það góð að forsvaranlegt var að færa hann og hefur mælirinn nú verið á Raufarfelli undir Eyjafjöllum frá miðjum janúar 2011.

Nánast sama staða kom upp í Grímsvatnagosinu. Á Kirkjubæjarklaustri er mesta þéttbýlið á áhrifasvæði gossins og þar eru skóli, leikskóli og dvalarheimili. Í Fljótshverfi er mun færra fólk en þar var hins vegar öskufallið mun meira og öskufok eftir að gosi lauk hefur verið mun tíðara þar. Það eru góð rök fyrir því að mæla á báðum stöðum en ekki hefur verið til fjármagn til þess. Eins og framfar greinir voru auk þess tæknileg vandamál í Fljótshverfi sem þurftu frekari úrvinnslu. Ákveðið var því að halda mælinum á Kirkjubæjarklaustri þar til aðstæður byðu upp á flutning innan áhrifasvæðis gjóskunnar. Gert er ráð fyrir að það gæti orðið á fyrri hluta árs 2012. Mælingar

hafa sýnt að almennt eru loftgæði góð á Klaustri en þó koma toppar þar sem loftgæðum hrakar. Alla jafna mælist svifryk undir 5 mikrógrömmum í rúmmetra sem telst mjög góð loftgæði. Hins vegar koma dagar þar sem styrkur svifryks mælist í nokkur hundruð mikrógrömmum á rúmmetra og má rekja þessa háu svifrykstoppa til öskufoks.

Umhverfisstofnun hefur bent fólki á að hægt sé að meta styrk svifryks út frá skyggni en í Eyjafjallajökulsgosinu var hægt að samkeyra svifryksmælingar frá Hvolsvelli við myndir úr vefmyndavél Mílu og fá þannig mælikvarða á styrk svifryks í mismunandi skyggni. Þegar þessi skýrsla kemur út er næstum liðið ár frá gosinu í Grímsvötnum. Eins og staðan er núna liggur ekki annað fyrir en að halda áfram svifryksmælingum á gossvæðinu í a.m.k. 1-2 ár og að þeim tíma liðnum verður endurmetið hvort þörf verði á að vakta svæðið áfram.

Efnagreining á innihaldi flugelda

Eftir að fréttir bárust um að þrávirka efnið hexaklórbenzen (HCB) hefði mælst í flugeldum í Danmörku og víðar, var sú ákvörðun tekin að ráðast í efnagreiningu á HCB í flugeldum sem fluttir voru til landsins fyrir síðustu áramót. HCB hefur verið notað til þess að kalla fram bjartari og skærari liti í flugeldum. Það hefur mælst í grunsamlega miklum mæli í lífríki hér við land á undanföllum árum. Þá mældist það í andrúmslofti á nýársnótt í margfalt hærri styrk en bakgrunnsgildi gefa til kynna. Því er óttast að efnið

Undir Eyjafjöllum var hins vegar mun verra ástand. Þar er öskufok mun tíðara en þar býr hins vegar færra fólk og börn fara af svæðinu í skóla og leikskóla



Andrúmsloft á gamlárskvöld

Svifryksmengun á gamlárskvöld hefur verið fréttæfni um áramót í mörg ár. Ástæðan er augljós mengun sem jafnvel hefur orðið það mikil í hægu veðri að skyggni hefur orðið takmarkað vegna reyks. Eins og sést á meðfylgjandi myndum er afar greinilegur svifrykstoppur í Reykjavík, Hafnarfirði og á Akureyri um áramótin undanfarin ár þó hann sé nokkuð mishár. Fólk sem er með öndunarfæraskýldoma eða er viðkvæmt í lungum getur fundið fyrir þyngslum fyrir brjósti eða jafnvel fengið aukin einkenni ef loftmengun er mikil. Þessu fólk er því oft ráðlagt að halda sig innandyra þegar ástandið er sem verst. Það er mikilvægt fyrir fólk að hafa aðgang að rauntímamælingum til að gera sér grein fyrir ástandinu. Mælingar undanfarinna ára sýna að versta ástandið gengur yfirleitt hratt yfir. Mælingar á loftgæðum má nálgast á loftgæði.is.

Síðustu tvenn áramót hefur Umhverfisstofnun safnað gögnum um annars konar mengun sem tengist áramótum. Rétt fyrir áramótin 2010-2011 bárust fréttir frá Danmörku um að þrævirka efnið HCB hefði mælst í flugeldum sem seldir voru þar. Þegar þetta fréttist var of seint að bregðast við varðandi þá flugelda sem voru í sölu hér á landi því búið var að flytja inn og tollafgreiða alla flugelda og sala var um það bil að hefjast. Þess í stað var ákveðið að mæla styrk efnisins í lofti á gamlárskvöld í Reykjavík til að kanna hvort vísbendingar myndu sem gæfu til kynna að HCB væri í flugeldum sem væru fluttir inn til landsins. Mælingar á styrk efnisins í lofti á gamlárskvöld sýndu margfaldan styrk þess í lofti miðað við þekkt bakgrunnsgildi þannig að ástæða var til að ætla að HCB hafi verið í einhverjum hluta þeirra flugelda sem þá voru fluttir inn. Í framhaldi af þeim niðurstöðum fór Umhverfisstofnun í frekari aðgerðir sem sagt er frá í annarri grein í þessari ársskýrslu.

Áramótabrennur

Um áramótin 2011-2012 var gerð könnun á því hve mikið magn væri sett á brennu á landinu um hver áramót. Ástæða þess að farið var í þessa könnun er tvíþætt og tengist í báðum tilfellum hlutverki Umhverfisstofnunar við að meta losun mengandi efna á Íslandi. Fram til þessa hefur mat á umfangi áramótabrenna verið metið með afar óvissum hætti og í gegnum árin hafa ekki legið fyrir nákvæmar

Hlutverk

Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi fyrir leiðsögumenn með hreindýraveiðum.


upplýsingar um heildarmagn þess úrgangs sem fer á áramótabrennur á hverju ári. Í raun var staðan sú að notast var við ágiskaða tölu um brennt magn sem líklega færi nærri þeirri stærðargráðu sem brennt var. Brennt magn á áramótabrennum skiptir miklu máli þegar verið er að meta heildar díoxínlosun landsmanna þar sem áramótabrennur reiknuðust stór hluti af díoxínlosun landsins. Því var talið brýnt að fá sem nákvæmastar upplýsingar um brennt magn. Upplýsingar um umfang áramótabrenna eru einnig notaðar við mat á annarri losun hér á landi, þ.m.t. gróðurhúsalofttegundum.

Framkvæmdin var með þeim hætti að ráðist var í að vigta og mæla nákvæmlega eldsmat einnar brennu en jafnframt var óskað eftir því að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga sendi inn til Umhverfisstofnunar mælingar á þvermáli og hæð auk ljósmyndar af öllum brennum á landinu. Brennan á Geirsnefi í Reykjavík er mjög nálægt bílavog og var hver einasti bíll sem kom með efni á brennuna vigtaður þar fyrir og eftir losun. Jafnframt var skráð hvers lags efni fór á brennuna. Þannig fékkst mjög góð hugmynd um samband þess magns sem fór á brennuna og þvermáls hennar og hæðar. Út frá þessum gögnum var síðan metið hve mikið magn fælist í öðrum brennum. Þessi gagnasöfnun gaf mun betri upplýsingar um brennt magn en áður hafa legið fyrir. Áður hafði verið áætlað að 5-7000 tonn væru brennd á áramótabrennum en niðurstaða úr þessari gagnasöfnun var að um 1700 tonnum væri brennt. Í næsta mati á áætlaðri losun mengandi efna á landinu má því búast við að hlutur áramótabrenna í díoxínlosun reiknist minni en áður.

Útstreymisbókhald


Útstreymisbókhaldi fyrirtækja er safnað af Umhverfisstofnun og skilað inn í evrópskt skráningarkerfi fyrir losun og flutning mengandi efna. Samkvæmt reglugerð um útstreymisbókhald þurfa ákveðin fyrirtæki að gera grein fyrir losun 91 mengandi efna ef losun þeirra fer yfir ákveðin mörk. Helstu fyrirtækjaflokkar á Íslandi sem þurfa skila inn útstreymisbókhaldi eru álver, stór svína- og kjúklingabú og stærri fiskeldisfyrirtæki. Upplýsingar úr skráningarkerfinu má finna á netinu (prtr.ec.europa.eu) þar sem almenningi gefst færi á að skoða losun frá helstu mengandi atvinnuvegum Evrópu og þar með talið Íslandi. Hægt er finna staðsetningu þessara mengandi fyrirtækja á vefkortum auk þess sem hægt er að taka saman tölur miðað við lönd, fyrirtækjaflokka eða ákveðin mengandi efni. Þá er hægt að sjá sjálf grunngögnin úr gagnagrunninum á auðveldan hátt fyrir frekari gagnavinnslu. Á árinu skiluðu 29 íslensk fyrirtæki útstreymisbókhaldi og þau gögn verða birt í júní á þessu ári.

Styrkur svifryks (PM 10) um áramótin 2011-2012




Hvaleyrarholt, Hafnarfirði

Styrkur svifryks í µg á m³, klukkustundarmeðaltal



Grensás

Styrkur svifryks í µg á m³, klukkustundarmeðaltal



Tryggvabraut, Akureyri

Styrkur svifryks í µg á m³, klukkustundarmeðaltal

Óskað var eftir því við innflytjendur flugelda að þeir myndu gæta þess að ekki yrðu fluttir inn flugeldar sem innihéldu HCB.

hafi fram að þessu verið til staðar í flugeldum hér á landi.

Notkun HCB hefur um árabil verið bönnuð út um allan heim vegna þeirra alvarlegu áhrifa sem það getur haft á heilsu manna og umhverfi. Þrávirka efni hafa safnast upp á jörðinni undanfarna áratugi. Skaðsemi þeirra er slík að lífverum ofarlega í fæðukeðjunni stafar mikil hættu af vaxandi styrk þessara efna í umhverfinu. Á svæðum þar sem neysla sjávarfangs er mikil hefur stundum reynst nauðsynlegt að gefa fólk ráðleggingar um að draga úr neyslu af þeim sökum, sérstaklega ófrískum konum. Fyrir Íslendinga eru mikilvægir hagsmunir fólgnir í að koma í veg fyrir mengun hafins og að viðhalda ímynd landsins sem hreinu og ómenguðu.

Óskað var eftir því við innflytjendur flugelda að þeir myndu gæta þess að ekki yrðu fluttir inn flugeldar sem innihéldu HCB. Við söfnun sýnishorna í desember kom í ljós að innflytjendur voru allir meðvitaðir um málið og höfðu fengið staðfestingu frá sínum birgjum erlendis um að ekkert HCB væri notað í flugeldana. Um er að ræða alls níu innflytjendur og var aflað sýnishorns hjá hverjum og einum. Niðurstöður úr efnagreiningu höfðu ekki borist fyrir útgáfu ársskýrslunnar.

Flugeldar á markaði hér á landi koma allir frá Kína þar sem eftirlit með framleiðslu og aðbúnaði er ekki eins strangt og á vesturlöndum. Yfirvöld í nokkrum Evrópuríkjum hafa nú þegar gripið til aðgerða gagnvart flugeldum sem innihalda HCB og þess er vænst að sá þrýstingur muni duga til þess að notkun efnisins verði alfarið hætt.

Flugeldar á markaði hér á landi koma allir frá Kína þar sem eftirlit með framleiðslu og aðbúnaði er ekki eins strangt og á vesturlöndum

Grænt bókhald

Markmið græns bókhalds er að veita almenningi, félagasamtökum og stjórnvöldum upplýsingar um hvernig umhverfismálum er háttað í þeim fyrirtækjum sem helst eru mengandi hér á landi

Fyrsta bókhaldsárið fyrir grænt bókhald var 2003 og síðan þá hefur Umhverfisstofnun birt grænt bókhald þeirra fyrirtækja sem þurfa standa skil á því. Í grænu bókhaldi á að koma fram helsta notkun á hráefnum, orku og vatni ásamt helstu tegundum og magni mengandi efna. Markmið græns bókhalds er að veita almenningi, félagasamtökum og stjórnvöldum upplýsingar um hvernig umhverfismálum er háttað í þeim fyrirtækjum sem helst eru mengandi hér á landi. Fyrirtækin sjálf geta einnig nýtt sér þetta bókhald með því að fylgjast með helstu umhverfisþáttum starfseminnar. Góður rekstur fer vel saman við góða orku- og vatnsnýtingu, auk þess er í mörgum tilvikum beinn fjárhagslegur hagnaður af góðum mengunarvörnum. Bókhald þessara fyrirtækja er að finna á vefsíðu Umhverfisstofnunar allt frá árinu 2003. Það hafa verið kringum 50-60 fyrirtæki sem skila þessu bókhaldi árlega. Þótt einungis ákveðnum fyrirtækjum sé skylt að skila inn grænu bókhaldi skv. lögum þá getur hvaða starfsemi sem er gert grænt bókhald fyrir sinn rekstur. Mörg íslensk fyrirtæki gera sjálfviljug grænt bókhald fyrir sína starfsemi og gerði Umhverfisstofnun í fyrsta skipti grænt bókhald fyrir höfuðstöðvar sínar á Suðurlandsbraut á árinu.

Losun þrávirkra lífrænna efna

Þau eru talin geta veikt ónæmiskerfið, valdið hormónaójafnvægi, fósturskaða og krabbameini

Þrávirk lífræn efni eiga það sameiginlegt að geta borist langar leiðir með vindum og sjávarstraumum og safnast að lokum fyrir á norðlægum slóðum þar sem þau berast í fæðukeðjunum. Þau bindast fituvef dýra og magnast því upp alla fæðukeðjuna. Efnin hafa margvísleg neikvæð áhrif á menn og dýr, jafnvel í mjög lágum styrk. Þau eru talin geta veikt ónæmiskerfið, valdið hormónaójafnvægi, fósturskaða og krabbameini.

Umhverfisstofnun metur árlega útstreymi þrávirkra lífrænna efna (díoxíns og PAH) og sendir til samnings um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa (LRTAP). Árið 2011 var útstreymi díoxíns og PAH frá 1990 til 2009 metið. Heildarútstreymi díoxíns á Íslandi hefur minnkað um 77% á tímabilinu. Minnkunin stafar að langmestu leyti af minna útstreymi díoxíns frá sorpbrennslu. Frá 1990 hefur magn brennds úrgangs minnkað talsvert og eins hefur opinni brennslu úrgangur nú nánast verið útrýmt. Enn eru þó starfandi brennslustöðvar með lítilli stýringu og litlum eða jafnvel engum mengunarvarnabúnaði og er díoxínútstreymi frá þeim töluvert.

Á sama tímabili hefur útstreymi PAH aukist um 74%. Þessa aukningu má einkum rekja til framleiðsluaukningar í iðnaði en einnig að hluta til aukinnar losunar frá vegasamgöngum. Á árinu voru framkvæmdar mælingar á díoxíni í útblæstri sorpbrennslustöðva og nokkurra iðnfyrirtækja hér á landi.



REACH og samræming efnavörueftirlits

REACH-reglugerðin um skráningu, mat og leyfisveitingar efna nær yfir öll efni, efnablöndur og hluti sem innihalda efni sem eru framleidd eða markaðsett innan evrópska efnahagssvæðisins, með ákveðnum undantekningum þó. Markmið reglugerðarinnar er að tryggja trausta heilsu- og umhverfisvernd. Með REACH er innleidd sú nýjung að nú þarf iðnaðurinn að sýna fram á að efnavaran sé örugg í stað þess sem áður var, en áður var það skylda yfirvalda að sýna fram á að efnavaran væri ekki örugg.

Samkvæmt ákvæðum REACH þurfa framleiðendur og innflytjendur efna inn á evrópska efnahagssvæðið að skrá efnin hjá Efnastofnun Evrópu og þurfa öll skráð efni að fara í gegnum áhættumat. Auk þess er notkun ýmissa efna bönnuð eða takmörkuð ef áhættumat leiðir í ljós óásættanlega ógn á heilsu og umhverfi. Ein af meginreglum REACH er að óskráð efni er ólöglegt á markaði. Þrjár dagsetningar eru á skráningarfresti, þ.e. 30. nóvember 2010, 1. júní 2013 og 1. júní 2018.

Samræming innan Evrópu

Ein af grundvallarforsendum þess að markmið REACH náist er að framkvæmd reglugerðarinnar sé samræmd á öllu evrópska efnahagssvæðinu. Með samræmdri framkvæmd er stuðlað að jafnræði á markaði, þ.e. að sömu kröfur séu gerðar til sams konar fyrirtækja á öllu svæðinu. Þannig er stuðlað

að öryggi allra íbúa svæðisins. Til að vinna að samræmdri framkvæmd allra aðildarríkja starfar vinnuhópur í umsjón Efnastofnunar Evrópu sem kallast FORUM. Í honum sitja fulltrúar frá Efnastofnun Evrópu, öllum aðildarríkjum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Umhverfisstofnun útnefnir fulltrúa Íslands í FORUM.

FORUM hefur unnið að ýmsum verkefnum eins og t.d. eftirlitsverkefnum sem unnin eru samtímis í öllum aðildarríkjunum. Fyrsta verkefnið, REACH-en-Force1, var framkvæmt árið 2010 og var megináhersla lögð á skráningu efna. Ísland tók þátt í verkefninu eins og greint var frá í síðustu ársskýrslu. Næsta eftirlitsverkefni, REACH-en-Force2, mun ljúka í mars 2012. Þar er lögð áhersla á eftirnotendur en það eru þeir sem kaupa efni frá birgjum innan evrópska efnahagssvæðisins til að framleiða sínar eigin vörur. Eftirnotendur þurfa ekki að skrá efni til Efnastofnunar Evrópu en þeir þurfa að sýna fram á að efnin sem þeir nota hafi verið skráð. Auk þess spila eftirnotendur mikilvægt hlutverk í upplýsingagjöf um örugga notkun efnavörunnar. Niðurstöður REACH-en-Force2 munu liggja fyrir í lok árs 2012.

Samræming efnavörueftirlits á Íslandi

Á Íslandi fer heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna (HES) með framkvæmd efnavörueftirlits og er Umhverfisstofnun fræðslu- og samræmingaraðili. Tíu heilbrigðiseftirlitsvæði eru á landinu og hefur

megináhersla verið lögð á eftirlit með merkingum vara undanfarin ár.

Til að auka samræmingu í eftirliti vann vinnuhópur Umhverfisstofnunar og HES að gerð handbókar og vefgáttar fyrir gagnaskil árið 2010. Markmiðið með vefgáttinni er að búa til upplýsingaveitu um efnavörueftirlit og safna þar á einn stað upplýsingum um eftirlit með efnavörum á Íslandi. Þar eiga heilbrigðisfulltrúar á öllu landinu að skrá upplýsingar um niðurstöður efnavörueftirlits í gagnabanka. Vefgáttin er einnig lokaður samskiptavettvangur fyrir eftirlitsaðila og þar er hægt að nálgast upplýsingar um eftirlit frá öðrum HES-svæðum. Gagnabankinn nýtist síðan Umhverfisstofnun við að taka saman upplýsingar um eftirlit með efnavörum sem senda skal til ESA.

Árið 2011 er fyrsta árið sem vefgáttin er notuð. Umhverfisstofnun hefur unnið úr gögnunum og tekið saman í skýrslu. Samkvæmt niðurstöðum var farið í 352 eftirlitsferðir á árinu og merkingar á efnavörum skoðaðar. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur fór í flestar ferðir eða rúmlega 60% allra ferða. Oftast var farið á hárgreiðslustofur og í matvöruverslanir og oftast voru merkingar á snyrtivörum og þvotta- og hreinsiefnum skoðaðar. Í 58 eftirlitsferðum voru gerðar kröfur um úrbætur en í 135 ferðum voru einungis gerðar athugasemdir. Engar athugasemdir voru gerðar hjá 141 fyrirtæki.

Markmiðið með vefgáttinni er að búa til upplýsingaveitu um efnavörueftirlit og safna þar á einn stað upplýsingum um eftirlit með efnavörum á Íslandi

UMHVERFISSTOFNUN HEFUR YFIRUMSJÓN MEÐ EFTIRLITI MEÐ SNYRTIVÖRUM EN EFTIRLITIÐ ER Í HÖNDUM HEILBRIGÐISEFTIRLITS SVEITARFÉLAGA.

Vefgátt fyrir efnavörueftirlit er nýtt verkfæri við samræmingu eftirlits sem Umhverfisstofnun mun halda áfram að nýta. Með notkun hennar er hægt að draga fram mikilvægar upplýsingar um framkvæmd eftirlits með merkingum efnavara. Umhverfisstofnun þakkar þeim heilbrigðiseftirlitssvæðum sem hafa notað vefgáttina, fyrir gott samstarf.

Falsaðar snyrtivörur

Það er helst að hægt sé að þekkja þá fölsuðu í tolli því það þykir grunsamlegt ef vara sem á stendur „Made in USA“ kemur beint frá t.d. Kína.

Viðskipti með falsaðan varning eru umfangsmikil um allan heim. Um alls kyns vörur er að ræða eins og t.d. föt, tónlist, lyf, leikföng og snyrtivörur. Erfitt er að stemma stigu við þessu því þegar varan er komin í smásölu getur verið erfitt að sjá hvort hún sé fölsuð eða ekta. Það er helst að hægt sé að þekkja þá fölsuðu í tolli því það þykir grunsamlegt ef vara sem á stendur „Made in USA“ kemur beint frá t.d. Kína.

Umhverfisstofnun fékk ábendingu frá tollstjóraembættinu um að innflutningur á fölsuðum snyrtivörum til Íslands væri að aukast. Í slíkum tilfellum hefur tollstjóri samband við réttshafa, t.d. umboðsaðila vörunnar á Íslandi eða Norðurlöndum, og ef varan reynist fölsuð getur réttshafinn krafist þess að hún sé gerð upptæk og henni fargað. Málin vandast þegar enginn réttshafi er til staðar hérlandis eða ef magn vörunnar er það lítið að erlendum réttshöfum finnst ekki taka því að krefjast réttar síns. Þá hefur tollstjóri engin úrræði til að stöðva innflutninginn.

Umhverfisstofnun hefur yfirmsjón með eftirliti með snyrtivörum en eftirlitið er í höndum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Eftirlit Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda lýtur fyrst og fremst að efnainnihaldi og merkingum snyrtivara en álitamál sem varða brot á vörumerkja- og hugverkaréttindum og almenna markaðsgæslu heyrja á hinn bóginn undir Einkaleyfastofu og Neytendastofu. Ekki er þó hægt að aðskilja þessi málefnavið, því ætla má að mun líklegri sé að falsaðar snyrtivörur innihaldi efni sem eru skaðleg heilsu manna en snyrtivörur sem eru framleiddar og fluttar inn með löglegum hætti. Í ljósi þessa skrifaði Umhverfisstofnun minnisblað og sendi



umhverfisráðuneyti þar sem stofnunin leggur til að metnir verði möguleikar þess að rýmka heimildir tollstjóra til að stöðva tollafgreiðslu snyrtivara þegar grunur leikur á að um falsaða vöru sé að ræða, með það að markmiði að koma í veg fyrir innflutning vara sem gætu haft skaðleg áhrif á heilsu almennings. Auk þess vakti Umhverfisstofnun athygli á málinu með fréttatilkynningu og kom fræðslu til almennings í gegnum www.graenn.is.

Kynning á nýjum Evrópugerðum um plöntuvarnarefni

Nú líður senn að því að innleiddar verði hér á landi nýjar Evrópugerðir um plöntuvarnarefni. Um er að ræða reglugerð um markaðssetningu plöntuvarnarefna og tilskipun um sjálfbæra notkun varnarefna. Meðal helstu breytinga sem verða við innleiðingu á nýju reglugerðinni má nefna:

- að virk efni í plöntuvarnarefnum verða samþykkt í takmarkaðan tíma, að hámarki 15 ár
- óheimilt verður að nota í plöntuvarnarefnum virk efni sem eru krabbameinsvaldandi, geta valdið stökkbreytingum, eru þrávirk, safnast upp í lífkeðjunni eða trufla hormónajafnvægi
- skipta skal út hættulegustu efnunum fyrir hættuminni efni

Evrópu er skipt upp þrjú svæði (Norður-, Mið- og Suðursvæði) og er aðildarríkjum skylt að vinna saman að veitingu markaðsleyfa fyrir plöntuvarnarefni innan síns svæðis.

Í reglugerðinni eru ákvæði um að innleiða skuli samhliða tilskipun um sjálfbæra notkun varnarefna sem hefur það að markmiði að draga úr notkun þessara efna og gera hana öruggari gagnvart fólki en í þeim tilgangi eru m.a. settar skorður við notkun plöntuvarnarefna á viðkvæmum svæðum. Þá eru skilgreindar kröfur til þekkingar þeirra sem selja og nota plöntuvarnarefni og ákvæði um að skylt sé að láta skoða reglulega búnað sem notaður er til úðunar.

Umhverfisstofnun var boðið að vera með kynningu á nýjum Evrópugerðum um plöntuvarnarefni á haustfundi Sambands garðyrkjubænda sem haldinn var föstudaginn 18. nóvember. Samband garðyrkjubænda samanstendur af Félagi blómabænda, Félagi grænmetisbænda, Félagi garðplöntuframleiðenda og Félagi kartöflubænda og eru garðyrkjubændur sá einstaki hópur sem notar hvað mest af plöntuvarnarefnum hér á landi. Þær róttæku breytingar sem verða við innleiðingu þessara gerða eru því líklegar til að hafa í för með sér umtalsverðar breytingar í rekstrarumhverfi þeirra.

Hægt er að nálgast ítarefni um hinar nýju gerðir á vef Umhverfisstofnunar.

Nýjar merkingar efna og efnablandna

Senn er von á nýrri reglugerð um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna. Með reglugerðinni verður komið á nýju kerfi um flokkun og merkingu efna og efnablandna á heimsvísu. Þrátt fyrir að reglugerðin hafi enn ekki tekið gildi er áhrifa hennar þegar farið að gæta og nálgast má upplýsingar um hana á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Fram að þessu hefur upplýsingagjöf og fræðsla beinst að atvinnulífnum svo að bregðast megi við þeim auknu kröfum sem gerðar eru og svo að flokka megi efni og blöndur upp á nýtt. Síðan er mikilvægt að nýjar umbúðir og merkingar verði tilbúnar á réttum tíma. Á þessu ári og næsta mun fræðslan í auknum mæli beinast að almenningi þegar meira verður farið að bera á nýjum merkingum.

Nýju merkingarnar munu ryðja sér til rúms á efnavörum á næstu árum og eiga allar nýjar efnablöndur að vera komnar með nýjar merkingar eftir 1. júní 2015. Nýju merkingarnar eru nokkuð frábrugðnar því sem nú er og könnun meðal evrópskra neytenda sýnir að þekking þeirra og skilningur á merkingu nýrra hættumerkja er lítill. Hættumerkin sem hér eru sýndust fæstir skilja enda eru þau frábrugðin þeim sem hingað til hafa verið notuð til að gera grein fyrir hættu af völdum efna. Á heimasíðu Umhverfisstofnunar er ætlunin að kynna hættumerkin sérstaklega.



Nýju merkingarnar munu ryðja sér til rúms á efnavörum á næstu árum og eiga allar nýjar efnablöndur að vera komnar með nýjar merkingar eftir 1. júní 2015



UMHVERFISSTOFNUN

MARKMIÐ 2008-2012

GERA UPPLÝSINGAR UM UMHVERFISMÁL
AÐGENGILEGAR ALMENNINGI OG HAGSMUNAAÐILUM
OG GERA ÞEIM ÞANNIG KLEIFT AÐ HAFA ÁHRIF Á
UMHVERFI SITT



UPPLÝSINGAR UM UMHVERFISMÁL

FJÖLMÖRG VERKEFNI ERU Í VINNSLU OG ENN ÖNNUR Í
BURÐARLIÐNUM, S.S. AÐ BÆTA ÞJÓNUSTU VIÐ FYRIRTÆKI
OG KOMA UPPLÝSINGUM Í MEIRA MÆLI Í GAGNAGRUNNA
OG MIÐLA ÞEIM BEINT ÚT Á VEFINN.

Borgarafundir um díoxín

Í kjölfar þess að díoxín mældist við aðgerðarmörk í mjólk frá búfé í Skutulsfirði, ákvað Umhverfisstofnun, í samstarfi við sóttvarnarlækni og Matvælastofnun, að halda borgarafundi á þeim stöðum þar sem eldri sorpbrennslur voru með starfsemi. Haldnir voru þrjú borgarafundir, á Ísafirði, Kirkjubæjarklaustri og í Vestmannaeyjum. Markmið fundanna var að miðla upplýsingum beint til heimamanna og gefa þeim færi á að spyrja spurninga.

Framsögumenn á fundunum fóru yfir stöðu mála og greindu frá þeim aðgerðum sem ákveðið hafði verið að grípa til. Umhverfisstofnun lagði þegar til við ráðuneytið að eldri sorpbrennslum yrði gert að uppfylla strangari kröfur sem giltu um nýjar brennslur, þar á meðal um díoxín. Engar kröfur voru í reglum um losun díoxíns frá eldri brennslum. Einnig var ákveðið að ráðast í mælingar á díoxíni í jarðvegi. Ákveðið var að gera aukamælingar á losun díoxíns frá brennslunum. Matvælastofnun sagði frá niðurstöðum mælinga í búfénaði í Skutulsdal og að fyrirhugað væri að gera fleiri mælingar á stöðum þar sem ástæða þótti til. Einnig var greint frá tilmælum varðandi nýtingu búfjárafurða í Skutulsfirði og skipan nefndar til að fara yfir málið. Sóttvarnarlæknir greindi frá fyrirhuguðum rannsóknum á þungmálum, m.a. blýi, í fólki í nágrenni við sorpbrennslur til þess að ganga úr skugga um hvort einhverja hækkun mætti greina sem bregðast þyrfti við. Ekki var talið líklegt á þeim tímápunkti að svo væri og varð það niðurstaðan síðar á árinu.

Fundirnir voru allir vel sóttir og fjölmennir. Nokkur munur var á milli funda varðandi hvaða spurningar brunnu helst á fólki enda aðstæður ólíkar milli staða. Sumir vildu upplýsingar um möguleg áhrif á menn meðan aðrir höfðu áhyggjur af búfénaði og búskap. Loks höfðu sumir áhyggjur af fyrirætlunum um að gera auknar kröfur um losun mengandi efna frá sorpbrennslum, eins og Umhverfisstofnun hafði lagt til. Alls staðar var framtakinu þó tekið vel og sögðust margir ánægðir með að fá ítarlegar upplýsingar beint og milliliðalaust. Óvissan væri ekki sist óþægileg þegar slík mál kæmu upp. Sumir fundarmenn höfðu á orði að erfitt væri að átta sig á heildarsamhengi hlutanna af fjölmiðlaumfjöllun í „fyrirsagnarstil.“ Stofnunin telur reyningu af fundunum góða og sanna mikilvægi þess að miðla upplýsingum beint til heimamanna í tilteknum málum.

Grænn.is

Umhverfisstofnun vill koma upplýsingum til almennings um neytendamál og stuðla þannig að því að hver og einn geti tekið upplýsta ákvörðum sem neytandi. Til að vinna að þessu markmiði var stofnað nýtt, þverfaglegt teymi um neytendamál innan stofnunarinnar í byrjun árs. Markmið teymisins er að tryggja þverfaglega vinnu og upplýsingastreymi innan stofnunarinnar til að nýta sem best þá þekkingu sem hún býr yfir við úrlausn verkefna og upplýsingagjöf til almennings.

Teymið vann að gerð nýs vefsvæðis fyrir neytendur, www.grænn.is, sem var opnað formlega í mars. Þar má finna hafsjó af upplýsingum um m.a. varasöm efni í hinum ýmsu neytendavörum, endurvinnslu, garðinn, samgöngur og öryggismál. Lögð er rík áhersla á að gefa góð og einföld ráð sem allir geta tileinkað sér og haft þannig áhrif í sínu nærumhverfi.

Neytendateymið vinnur að átaksverkefni í hverjum mánuði þar sem fróðleik er komið á framfæri á grænn.is og til fjölmiðla. Dæmi um átaksverkefni síðasta árs er fræðsla um varasöm efni í sólarvörn, garðaúðun, öryggi á leiksvæðum og falsaðar snyrtivörur. Fjölmiðlar sýndu verkefnunum áhuga sem er mikilvægt því markmiðið er að ná til sem flestra. Auk þess hefur www.grænn.is fengið ágætari viðtökur og er eitt af mest heimsóttu svæðum á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Auk átaksverkefna kom neytendateymið einnig að vinnu við stærri verkefni stofnunarinnar, s.s. gerð jólablaðs sem dreift var með Fréttablaðinu og og Ágætis byrjun sem er kynning á Svaninum fyrir nýbakaða foreldra.

Nýr vefur, nýjar upplýsingar

Á ársfundi Umhverfisstofnunar á árinu var opnaður nýr vefur stofnunarinnar á umhverfisstofnun.is. Undirbúningur að nýja vefnum hafði staðið yfir að meira og minna leyti frá byrjun árs 2009. Vinna við gerð vefsins hófst á seinni hluta árs 2010 en stærstur hluti vinnunnar var unninn í byrjun árs 2011. Vefsvæði Umhverfisstofnunar er mjög efnismikið og inniheldur fjölmarga málaflökka, sem endurspeglar hversu mörgum málaflökum stofnunin sinnir. Auk þess eru þeir hópar sem stofnunin þjónustar og sinnir ólíkir, allt frá stórfyrirtækjum til félagsamtaka og einstaklinga.

Breytingum á vefnum má skipta í tvennt. Annars vegar eru tæknilegar breytingar, s.s. bætt aðgengi

UMHVERFISSTOFNUN ÚTBJÓ Á ÁRINU
VEFEININGU SEM SÝNIR LOFTGÆÐI SVIFRYKS Á
ÞEIM STÖÐUM SEM MÆLT ER Á LANDINU.

með fleiri flýtleiðum, endurröðun veftrés og markvissari aðgreining efnis eftir markhópum. Hins vegar efnislegar breytingar, s.s. uppfærsla á efni og viðbætur á efni. Síðastnefnda atriðið er án nokkurs vafa mikilvægasta breytingin. Til dæmis eru nú aðgengilegar á vefnum allar eftirlitsskýrslur úr eftirliti stofnunarinnar. Sérstakar síður eru fyrir öll fyrirtæki sem stofnunin hefur eftirlit með og þar má nálgast eftirlitsskýrslur, mælingar, starfsleyfi, grænt bókhald og upplýsingar um þvingunarúrræði (hafi þeim verið beitt gegn viðkomandi fyrirtæki). Áður var einungis hægt að nálgast starfsleyfi og grænt bókhald í lista en ekki hægt að kynna sér málefni einstakra fyrirtækja með sama hætti og nú. Auk þess er hægt að skoða og komast inn á síður einstakra fyrirtækja í gegnum kortavalmynd af forsíðunni. Þannig getur hver sem er áttað sig með einföldum hætti á þeirri mengandi starfsemi sem er í nágrenni viðkomandi, eða hvar sem er á landinu. Einnig er hægt að komast inn á einstakar síður um öll friðlýst svæði landsins í gegnum kortavalmynd af forsíðunni. Verulega hefur verið bætt við af upplýsingum um friðlýst svæði frá því að vefurinn var opnaður og von er á enn meira efni, einkum góðu myndefni.

Af öðru efni á nýja vefnum má nefna nýja umhverfisvísa um ástand umhverfisins, fullt af upplýsingum fyrir neytendur um heilsu- og umhverfisáhrif af vörum og efnum í umhverfi okkar (grænn.is) og endurbætt viðmót fyrir loftgæðamælingar. Opnun nýja vefsins markaði þáttaskil í upplýsingamiðlun hjá stofnuninni þar sem mörgum þeirra markmiða sem við settum okkur á árunum 2008 og 2009 var náð. Fjölmiðleg verkefni eru þó í vinnslu og enn önnur í burðarliðnum, s.s. að bæta þjónustu við fyrirtæki og koma upplýsingum í meira mæli í gagnagrunna og miðla þeim beint út á vefinn.

Ársfundur

Ársfundur Umhverfisstofnunar var haldinn þann 25. mars. Á fundinum voru flutt fjölmörg stutt og áhugaverð erindi um starfsemi stofnunarinnar, nýr vefur var opnaður, ráðherra flutti ávarp og einnig fluttu erindi fulltrúar almennings og atvinnulífs. Fjölmenni var á fundinum sem sendur var út beint á vefnum, á umhverfisstofnun.is.

Svandís Svavarsdóttir, umhverfisráðherra, ræddi í erindi sínu um mikilvægi upplýsingamiðlunar til almennings og um Svansmerkið sem hefur vaxið



mikið á undanförunum árum. Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri, ræddi um þær breytingar sem gerðar hafa verið á stofnuninni frá árinu 2008 og þá stefnu sem Umhverfisstofnun hefur markað sér. Einnig ræddi hún mikilvægi þess að eftirlitsstofnunum á sviði umhverfismála verði markaður sambærilegur rekstrargrundvöllur og eftirlitsstofnunum á öðrum sviðum. Í tilefni þess að stofnunin opnaði nýjan vef þar sem upplýsingum er skipt upp annars vegar til almennings og hins vegar til atvinnulífs og opinberra aðila, fékk stofnunin Björgólf Thorsteinsson frá Landvernd til að tala fyrir almenning og Rannveigu Rist, forstjóra Alcan, til þess að tala fyrir hönd atvinnulífsins um miðlun umhverfisupplýsinga. Að venju voru flutt fjölmörg stutt erindi um starfsemi stofnunarinnar árið 2010 þar sem hæst bar eldgosið í Eyjafjallajökli og mælingar stofnunarinnar á svifryki, þar sem komið var upp mælineti á met tíma.

Loftgæðaeiningar

Umhverfisstofnun útbjó á árinu vefeiningu sem sýnir loftgæði svifryks á þeim stöðum sem mælt er á landinu. Einingin uppfærir sig sjálfkrafa, sýnir styrk mælinganna og gefur til kynna hvort loftgæði séu góð, miðlungs eða slæm. Þannig má með einföldum hætti sjá hver loftgæði eru á þeim stöðum þar sem mælingar fara fram. Slík eining er á forsíðu vefsvæðis Umhverfisstofnunar þar sem sjá má loftgæði á öllum mælistöðvum stofnunarinnar. Einingin sýnir ýmis loftgæði, s.s. svifryk, brennisteinsvetni og níturoxíð.

Öðrum vefsíðum býðst nú að setja eininguna upp hjá sér að kostnaðarlausu. Vegna öskufalls frá Eyjafjallajökli og nú síðast Grímsvötnum er viðbúið að loftgæði geti orðið slæm á Suðurlandi þegar askan tekur að fjúka. Á vefsvæði Umhverfisstofnunar er svo

Umhverfisstofnun útbjó á árinu vefeiningu sem sýnir loftgæði svifryks á þeim stöðum sem mælt er á landinu

Dæmi um átaksverkefni síðasta árs er fræðsla um varasöm efni í sólarvörn, garðaúðun, öryggi á leiksvæðum og falsaðar snyrtivörur

Vefsvæði Umhverfisstofnunar er mjög efnismikið og inniheldur fjölmarga málaflökka, sem endurspeglar hversu mörgum málaflökum stofnunin sinnir



MARKMIÐ OG VERKEFNI ÁRSINS 2011

AF EINU SKILTINU:

„ÞVÍ ER NÚ MJÖG Á LOFTI HALDIÐ, OG VISSULEGA MEÐ VEIGAMIKLUM RÖKUM, AÐ Í FOSSUM LANDSINS BÚI NOKKUÐ AF FRAMTÍÐ OKKAR ÞJÓÐAR, ER BYGGIST Á ÞEIM VERÐMÆTUM, SEM MÆLD ERU Í KÍLÓWATTSTUNDUM. EN ÞAR VIÐ LIGGUR EINNIG BROT AF FRAMTÍÐARHAMINGJU ÞJÓÐARINNAR, AÐ HÚN GLEymi ÞVÍ EKKI, AÐ Í FOSSUM LANDSINS BÚA EINNIG VERÐMÆTI, SEM EKKI VERÐA METIN TIL FJÁR, EN MÆLAST Í UNÐSSTUNDUM.“

SIGURÐUR ÞÓRARINSSON JARÐFRÆÐINGUR, 1978.

hægt að nálgast ítarlegri upplýsingar um loftgæði. Þar er hægt að skoða á einföldu línuriti þróun loftgæða fyrir þær mælistöðvar sem stofnunin hefur yfir að ráða. Stefnt er að því að auka enn frekar miðlun upplýsinga um loftgæði á næstu árum.

Merkingar sund- og baðstaða

Ný reglugerð um öryggi á sund- og baðstöðum tók gildi um áramótin 2011. Reglugerðin byggir á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í reglugerðinni eru gerðar ítarlegri kröfur um öryggi gesta en voru í eldri reglugerð.

Þar segir m.a. að við hönnun nýrra lauga og endurgerð eldri lauga skuli gera ráð fyrir nauðsynlegri lýsingu og öryggiskerfi, s.s. myndavélum eða öðrum viðurkenndum búnaði sem tryggir öryggi undir vatnsyfirborði. Stöðug laugargæsla skal vera meðan gestir eru í laug og er laugarvörðum óheimilt að sinna öðrum störfum samhliða.

Börnum yngri en tíu ára er óheimilt að fara í sund nema í fylgd með syndum einstaklingi sem er fimmtán ára eða eldri. Gerð er ríkari krafa til starfsfólks sundstaða. Þannig er eigendum sundlauga gert skylt að sjá til þess að starfsfólk fái starfsþjálfun eigi sjaldnar en árlega, þar með talda þjálfun í sérhæfðri skyndihjálp. Starfsmenn sem sinna laugargæslu, sundkennarar og sundþjálfarar verða að hafa náð átján ára aldri og standast hæfnispróf til að fá að sinna sínum störfum. Barnahópar skulu vera sérstaklega auðkenndir til að auðvelda ábyrgðarmanni hópa að fylgjast með hverju barni og þá mega sundkennarar, sundþjálfarar og leiðbeinendur ekki víkja frá laug fyrr en allir nemendur, yngri en fimmtán ára, eru farnir í búningaklefa.

Ákvæði eru um greinilega merkingu á þáttum er varða öryggi, s.s. hitastig í setlaugum, þar sem dýpi lauga er minna en 1,2 m eða meira en 3,0 m, hættu við dýfingar, hálfu á laugarbökkum og fleira.

Í framhaldi af útgáfu reglugerðarinnar og til þess að samræma merkingar á sund- og baðstöðum gaf Umhverfisstofnun út leiðbeiningar um merkingarnar í samræmi við ISO-staðal.

Sigríðarstígur

Talið er sennilegt að Gullfoss hafi hlotið nafn sitt vegna þess að oft falli gullinn kvöldroði á jökulvatnið. Önnur kenning er sú að regnboginn, sem oft sést í sólskini í vatnsúðanum frá fossinum, hafi orðið kveikja að nafngiftinni. Enn aðra nafnkenningu er að finna í Ferðabók Sveins Pálssonar. Á Gýgjarhóli bjó fyrrum auðugur bóndi sem Gýgur hét. Hann átti gull og gat ekki unnt neinum þess að eignast það eftir sinn dag. Brá hann því á það ráð að varpa kistli með gullinu í fossinn og heitir hann Gullfoss upp frá því.

Þann 21. september var Sigríðarstígur við Gullfoss opnaður formlega. Sett voru upp fjölmörg upplýsingaskilti um fossinn og Sigríði í Brattholti og baráttu hennar fyrir verndun Gullfoss. Sigríður Tómasdóttir var fædd í Brattholti, 24. febrúar 1871 og bjó þar alla ævi. Hún var næstelst af 13 börnum Margrétar Þórðardóttur, húsfreyju, og Tómasar Tómassonar, bónda í Brattholti. Það var í kringum 1875 sem ferðamenn fóru almennt að venja komur sínar að Gullfossi. Fram að þeim tíma var ekki auðvelt að komast að fossinum, enda yfir vegleysur og óbrúaðar ár að fara. Sigríður í Brattholti og systur hennar fylgdu oft gestum að Gullfossi og þær lögðu fyrsta stíginn niður að fossinum. Sigríður í Brattholti lést haustið 1957 á 87. aldursári.

Svandís Svavarsdóttir, umhverfisráðherra, opnaði Sigríðarstíg formlega. Gerðar voru umbætur á aðgengi ferðamanna við Gullfoss um sumarið. Áður voru upplýsingar aðgengilegar þegar opið var í upplýsingamiðstöð en nú eru þær aðgengilegar öllum árið um kring á fjórum tungumálum.

Af einu skiltinu:

„Því er nú mjög á lofti haldið, og vissulega með veigamiklum rökum, að í fossum landsins búi nokkuð af framtíð okkar þjóðar, er byggist á þeim verðmætum, sem mæld eru í kílówattstundum. En þar við liggur einnig brot af framtíðarhamingju þjóðarinnar, að hún gleymi því ekki, að í fossum landsins búa einnig verðmæti, sem ekki verða metin til fjár, en mælast í unaðsstundum.“

Sigurður Þórarinsson jarðfræðingur, 1978.

Umhverfismengun á Íslandi

Svandís Svavarsdóttir, umhverfisráðherra, setti ráðstefnu um umhverfismengun á Íslandi, sem haldin var þann 25. febrúar. Skipulagning ráðstefnunnar var samstarfsverkefni Umhverfisstofnunar, Háskóla Íslands, Matis ohf og umhverfisráðuneytisins.

Umhverfisstofnun vekur athygli á þeirri ánægjulegu staðreynd, að stofnunin á beina eða óbeina aðild að fjölmörgum þeirra verkefna sem þar voru kynnt. Meðal helstu atriða sem fram komu á ráðstefnunni eru:

Víðtækt mælinet til mælinga á efnunum í lofti og úrkomu er rekið af Umhverfisstofnun, Veðurstofu Íslands, sveitarfélögum og iðnfyrirtækjum. Niðurstöður vöktunarrannsókna framangreindra aðila eru í vaxandi mæli aðgengilegar á netinu á rauntíma. Loftgæði eru tengd lýðheilsu og var það sérstaklega tekið fyrir ásamt loftgæðum innanhúss í grunnskólum. Loftmengun á sér einnig náttúrulegar orsakir hér á landi eins og öskufok og svifryk frá gosinu í Eyjafjallajökli sannaði. Kynntar voru mælingar á svifryki og vöktun á flúor í gróðri og jarðvegi í tengslum við eldgosið.

Áhrif loftslagsbreytinga eru þegar orðin sýnileg á og við Ísland. Sjórinn norðan Íslands súrnar ört vegna upptöku sjávarins á koltvíoxíði úr andrúmsloftinu. Súrnun sjávar er nú talin ein helsta ógn við vistkerfi norðurslóða. Loftslagsbreytingar valda einnig aukinni hlýnun í stöðuvötnum á Íslandi. Aukið koltvíoxíð og hlýnun eykur veðrun bergs sem hefur áhrif á efnasamsetningu straumvatna. Sú staðreynd var einmitt sérfræðingum tilefni til tilraunaverkefnis með að binda koltvíoxíð á föstu formi í hraunlögum.

Talsverðar rannsóknir eru gerðar á efnastyrk þrávirkra lífrænna efna og þungmálma í íslensku umhverfi. Kynntar voru rannsóknir á styrk efna í

blóði barnshafandi kvenna, í íslensku sjávarfangi (þorski, kræklingi og hrefnu), í urriða og í fuglum. Styrkur efnanna hækkar eftir því sem ofar dregur í fæðukeðjunni auk þess sem fæðuval bæði manna og dýra skiptir máli.

Samfelld vöktun á efnastyrk þrávirkra lífrænna efna og þungmálma í lífríki sjávar hefur staðið yfir í meira en tvo áratugi og er gagnasafnið því orðið mjög verðmætt til háskólarannsókna og tölfræðilegrar úrvinnslu. Styrkur þrávirkra lífrænna efna er lítill í lífríki hafnsins við Ísland borið saman við önnur hafsvæði en kadmín er svæðisbundið hærra í kræklingi hér við land. Magn þrávirkra lífrænna efna í holdi íslenska þorsksins er langt undir þeim hámarks-gildum á magni efnanna sem leyfilegt er að séu í fiski og fiskafurðum vegna mannelissjónarmiða.

Notaðir eru líffræðilegir mælikvarðar við að vakta vansköpun hjá nákuðungi af völdum áhrifa eiturefnisins trúbútilin hér við land. Notkun eiturefnisins, sem notað var í botnmálningu skipa, hefur verið takmörkuð og í kjölfarið hefur vansköpun hjá nákuðungi farið minnkandi í höfnum landsins, a.m.k. staðbundið. Líffræðilegir mælikvarðar geta verið gagnlegir í fleiri tilvikum til að kanna mengunarálág í sjó við Ísland.

Mælingar hafa aukist á áhrifum losunar mengunar t.d. frá þéttbýli og kynnt voru verkefni um mælingar á efnastyrk þungmálma í ofanvatni, um mælingar á efnastyrk í sjó við skólpuþrás í Faxaflóa og um vöktun á vatnsgæðum strandsjávar í Reykjavík, þ.m.t. vatnsgæða við Ylströndina í Nauthólsvík. Sýnt hefur verið fram á að vibrio cholerae bakterían lifir góðu lífi við strendur Íslands. Hún finnst aðallega við strendur og árósa þar sem sjór er hlýr, og þar sem heitt vatn rennur í flæðarmáli og blandast sjónum og við hitaútrásir af manna völdum. Þessir staðir eru gróðrarstíur fyrir örverur.

Jarðvegur er víða undir miklu álagi vegna mengunar af mannavöldum. Kynntar voru niðurstöður rannsókna sem gerð var til þess að meta aðferðir til þess að meðhöndla PCB- mengaðan jarðveg hér á landi.

Mikil ánægja var með ráðstefnuna hjá þátttakendum og voru aðstandendur hennar hvattir til að fylgja heftir með reglulegum atburðum af þessu tagi og einnig að stuðla að því að koma allri þessari þekkingu sem þarna var kynnt til almennings.

Gerðar voru umbætur á aðgengi ferðamanna við Gullfoss

Svandís Svavarsdóttir, umhverfisráðherra, setti ráðstefnu um umhverfismengun á Íslandi, sem haldin var þann 25. febrúar

Í framhaldi af útgáfu reglugerðarinnar og til þess að samræma merkingar á sund- og baðstöðum gaf Umhverfisstofnun út leiðbeiningar um merkingarnar í samræmi við ISO-staðal


Þann 21. september var Sigríðarstígur við Gullfoss opnaður formlega



UMHVERFISSTOFNUN

MARKMIÐ 2008-2012

**VINNA AÐ VERND, VIÐHALDI,
ENDURHEIMT OG NÝTINGU ÞEIRRA
AUÐLINDA SEM FELAST Í NÁTTÚRU
ÍSLANDS BYGGÐ Á SJÓNARMÍÐUM
UM LÍFFRÆÐILEGA FJÖLBREYTNÍ,
VARÐVEISLU JARÐMYNDANA OG
LANDSLAGSHEILDA**



VERND, VIÐHALD, ENDURHEIMT OG NÝTING NÁTTÚRU ÍSLANDS

SUMARIÐ 2011 ER ÁN EFA EITT MESTA
FRAMKVÆMDAÁR FRIÐLÝSTRA SVÆÐA Í UMSJÓN
UMHVERFISSTOFNUNAR.



Nauðsynlegar framkvæmdir á friðlýstum svæðum

Umhverfisstofnun vann árið 2010, að beiðni umhverfisráðuneytisins, skýrslu þar sem tekinn er saman listi yfir þau svæði sem að mati stofnunarinnar eru undir miklu álagi sem bregðast þurfi við svo þau glati ekki verndargildi sínu. Notuð var SVÓT-greining þar sem greindir eru styrkleikar, veikleikar, ógnir og tækifæri viðkomandi svæðis. Svæðin sem lentu á hinum svokallaða Rauða lista Umhverfisstofnunar voru:

- Dyrhólaey
- friðland að Fjallabaki
- Grábrókargígur
- Gullfoss og Geysir
- Helgustaðanáma
- Hveravellir
- Reykjanesfólkvangur
- Surtarbrandsgil
- Teigarhorn

Vorið 2011 samþykkti ríkisstjórnin, að tillögu umhverfisráðherra, að veita 41,9 m.kr. til brýnna framkvæmda á friðlýstum svæðum

Vorið 2011 samþykkti ríkisstjórnin, að tillögu umhverfisráðherra, að veita 41,9 m.kr. til brýnna framkvæmda á friðlýstum svæðum sem jafnframt eru vinsælir viðkomustaðir ferðamanna og er sumarið 2011 án efa eitt mesta framkvæmdaár friðlýstra svæða í umsjón Umhverfisstofnunar.

Dæmi um framkvæmdir sem ráðist var í um sumarið eru talin hér á eftir:

Dyrhólaey: Tveir landverðir störfuðu í fyrsta skipti á svæðinu sem sinntu almennu viðhaldi, lagningu göngustíga, uppsetningu táknmynda og lokuðu svæðum sem voru illa farin. Sett voru upp ný

upplýsinga- og fræðsluskilti við bílastæðin í Háey og Lágey, auk fjölda viðvörðunarskilta meðfram bjargbrúnum Háeyjar. Ný öryggisgirðing var reist framán við vitann í Háey og var útsýnissvæðið á Háey einnig lagfært og lagður stígur áleiðis að Tónni. Malarstígur var lagður meðfram vesturbrún Háeyjar að bílastæðinu og gönguleiðir voru stikaðar. Gönguleið sem liggur frá bílastæðinu á Lágey að Brestnefi var lagfærð og malarborinn. Af öðrum framkvæmdum má nefna að Vegagerðin lagði bundið slitlag inn í Dyrhólaey og á bílastæði í Lágey. Vegurinn upp á Háey var lagfærður og malarborinn en nauðsynlegt er að leggja bundið slitlag á þann vegkafla sem hefur gjarnan skemmt í leysingum.

Umsjónarsamningur var gerður við sveitarfélagið Mýrdalshrepp, skipað var í ráðgjafanefnd fyrir svæðið ásamt því að hafist var handa við vinnu á verndaráætlun fyrir friðlandið.

Friðland að Fjallabaki: Gönguleiðir voru lagfærðar og bætt var við stikum og merkingum í friðlandinu. Hönnuð voru og framleidd 11 skilti sem nota á til þess að loka slóðum og koma í veg fyrir akstur utan vega. Bönd voru sett upp til að vernda viðkvæman gróður. Gerð verkáætlunar fyrir vinnu vegna verndaráætlunar er lokið.

Gullfoss og Geysir: Á Gullfossi var unnið í göngustígum, þeir drekaðir og settar upp girðingar til að stjórna betur umferð fólks og vernda viðkvæman gróður. Lagður var göngupallur frá bílastæði á neðra plani, fram á útsýnisstað og niður að göngustíg sem liggur niður að Gullfossi. Prep í stiga sem liggur milli efra og neðra svæðis voru endurnýjuð að hluta til. Sigríðarstígur var opnaður

í september og samanstendur hann af fræðslu- og upplýsingaskiltum um hið friðlýsta svæði og baráttu Sigríðar í Brattholti fyrir verndun fossins. Hafin var vinna við deiliskipulagsupprátt þess hluta svæðisins sem er í eigu ríkisins og að auki var unnin öryggisúttekt fyrir svæðið. Geysir er ekki friðlýstur en Umhverfisstofnun hefur samt sem áður sinnt lágmarksverndaráætlunum og öryggismálum á svæðinu. Settar voru upp öryggisgirðingar með táknmyndum á svæðinu, unnið við lagfæringar á hellulögðum göngustíg, nýr göngupallur var smíðaður og settur upp við Blesa auk þess sem keyptar voru ruslatunnur og sett upp skilti á svæðinu. Umhverfisstofnun er með starfsmann í hlutastarfi sem fer með daglega umsjón svæðisins.

Grábrókargígur: Sett var upp upplýsinga- og fræðsluskilti þar sem umgengnisreglur svæðisins eru tíundaðar ásamt upplýsingum um náttúrufar. Gönguleiðir voru betur afmarkaðar og lagfærðar, unnið var í viðhaldi á tröppum sem eru innan náttúruvættisins og að auki var reynt að græða mosa í skemmd svæði.

Helgustaðanáma: Unnin var öryggisúttekt á svæðinu. Framleiðsla hófst á tveimur skiltum og vegvísi sem setja á upp annars vegar við námugöngin og hins vegar við námuna sjálfa. Undirbúningsvinnu vegna lagfæringa á stíg lauk á árinu.

Hveravellir: Sett var upp upplýsinga og fræðsluskilti ásamt pallastétt og lítilli brú og tengd saman við eldri pallastétt sem var fyrir á svæðinu og liggur að hverasvæðinu. Farið var í lagfæringar á eldri pallastétt og göngustíg. Framkvæmdatíminn á Hveravöllum er stuttur og því þarf snör handtök á svæðinu.

Reykjanesfólkvangur: Unnið var að öllum atriðum er fram komu í Rauða listanum á vegum stjórnar fólkvangsins en enn á eftir að fjarlægja ónýtar girðingar úr fólkvangnum. Aðbúnaður þjónustuhúss í Seltúni var bættur um sumarið og salerni tengd. Unnið var í endurbótum á göngustígum og pöllum og sérstaklega var unnið í göngustíg að hellinum Leiðarenda þar sem einnig voru útbúnir leiðarar til verndar hellisopi. Sett voru upp tíu skilti sem banna utanvegaakstur á svæðinu.

Surtarbrandsgil: Girðing í Surtarbrandsgili var endurnýjuð og hið afmarkaða svæði í gili stækkað til verndar þeim jarðmyndunum sem þar finnast. Í framleiðslu eru tvö upplýsingaskilti, gönguhlið og tveir sýningakassar fyrir surtarbrand. Viðvera landvarðar í gili var aukin og landvörður skipulagði fræðslugöngur.

Náttúruverndaráætlun: friðlýsing sem samstarfsverkefni

Náttúruverndaráætlun er afgreidd af Alþingi í formi þingsályktunartillögu. Sem slík felur hún ekki í sér bindandi ákvörðun um friðlýsingu heldur er nokkurs konar framkvæmdaáætlun þings og umhverfisráðherra. Markmið áætlunarinnar er að „koma upp neti verndarsvæða, byggðu á faglegum forsendum, til þess að tryggja verndun landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni.“ Eðli máls samkvæmt hefur það verið megin stefna Umhverfisstofnunar að forgangsraða svæðum á Náttúruverndaráætlun í vinnu stofnunarinnar við friðlýsingar. Þegar litið er til þeirra svæða sem friðlýst hafa verið frá því að fyrsta áætlunin tók gildi er hins

Geysir er ekki friðlýstur en Umhverfisstofnun hefur samt sem áður sinnt lágmarksverndaráætlunum og öryggismálum á svæðinu.

Náttúruverndaráætlun var afgreidd af Alþingi í formi þingsályktunartillögu

REYNSLAN SÝNIR AÐ GRUNNFORSEDA ÞESS
AÐ FRIÐLÝSINGAFERLI GANGI VEL ER AÐ HELSTU
HAGSMUNAAÐILAR SÉU ÁHUGASAMIR UM VERKEFNIÐ OG
AÐ GOTT SAMSTARF TAKIST VIÐ ÞÁ.

Aðeins þrjú svæði af þeim 14 sem fyrsta náttúruverndaráætlunin tók til hafa verið friðlýst

vegjar ljóst að ýmsar hindranir eru í vegi fyrir því að ná árangri í að friðlýsa þau svæði. Aðeins þrjú svæði af þeim 14 sem fyrsta náttúruverndaráætlunin tók til hafa verið friðlýst, auk þess sem áfangasigrar hafa unnist í friðlýsingu Skerjafjarðarsvæðisins, innan bæjarmarka Garðabæjar og Kópavogs. Aðeins tvö svæði, Hálsar, búsvæði tjarnarklukku í Djúpavogshreppi, og Langisjór og nágrenni hafa verið friðlýst af þeim 11 sem tilnefnd voru til viðbótar á náttúruverndaráætlun 2009-2013.

Reynslan sýnir að grunnforsenda þess að friðlýsingaferli gangi vel er að helstu hagsmunaaðilar séu áhugasamir um verkefnið og að gott samstarf takist við þá, en í núgildandi lagaumhverfi eru það einkum sveitarfélög sem fara með skipulagsvaldið og þeir einstaklingar sem eiga viðkomandi landssvæði. Brýnt er að auka samstarf og samráð við þessa aðila á frumstigi málsins, þ.e. í áætlunargerðinni sjálfri þannig að hagsmunaaðilum sé falið meira frumkvæði um tilnefningu svæða til friðlýsingar í þeirra heimabyggð, án þess þó að eftir verði gefið hvað vísindaleg viðmið varðar. Með slíkum vinnubrögðum yrði eftirleikurinn greiðari, enda mikill kostur ef gert er ráð fyrir friðlýsingu í skipulagi viðkomandi sveitarfélags. Slík vinnubrögð voru m.a. viðhöfð í aðalskipulagi Djúpavogshrepps. Nú er unnið að tillögu að deiliskipulagi samhliða friðlýsingarvinnu á Látrabjargssvæðinu. Afar erfitt er að nálgast sveitarstjórn með friðlýsingartillögu þegar gildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir annarri landnýtingu. Ekki síst á það við ef um er að ræða svæði þar sem orku er að finna eða svæðið telst verðmætt til annarra nota, s.s. íbúabyggðar. Áhugavert verður að sjá hver árangurinn verður af rammaáætlun um vernd og nýtingu, sem og landsskipulagi skv. nýjum skipulagslögum.

Í ljósi þessa er lagt til að hugmynda- og aðferðafræði náttúruverndaráætlunar verði endurskoðaðar og í framtíðinni horft í auknum mæli til þess hvernig Natura 2000 svæðin eru valin og friðlýsing þeirra unnin, t.d. í Danmörku og Svíþjóð. Þar er fyrsta skrefið greining á svæðum sem kunna að hafa vísindalegt gildi, en síðan er lögð höfuðáhersla á að vinna á grundvelli tillagna frá sveitarfélögum, landeigendum og almenningi um hvaða svæði séu líklegust til að ná markmiðum friðunar.



Náttúruvernd í deiglu

Náttúruvernd á Íslandi er í mikilli deiglu nú um stundir. Í fyrsta lagi er það mat margra að viðhorf almennings til náttúruverndar sé að verða jákvæðara en áður og það sama megi segja um afstöðu stjórnvalda. Með vaxandi ferðamannastraumi eykst m.a. skilningur á því að friðlýsing er ein tegund landnýtingar og oft engu minna verðmæt.

Í öðru lagi hefur samstarf Umhverfisstofnunar og umhverfisráðuneytisins styrkst og orðið skilvirkara í kjölfar skipulagsbreytinga. Hefur þetta skilað árangri á sviði friðlýsinga, en á árinu 2011 voru alls sjö svæði friðlýst og fjórar friðlýsingar endurskoðaðar, sumar smávægilega en aðrar frá grunni. Er það talsvert meira en síðustu ár. Í töflunni hér að neðan má sjá yfirlit um þau svæði sem friðlýst voru á síðasta ári.

Í þriðja lagi hefur við forgangsroðun friðlýsinga verið lögð aukin áhersla á að greina tækifæri og hindranir, virkja frumkvæði sveitarfélaga og einkaaðila í friðlýsingarferlinu, og nýta betur sérþekkingu starfsmanna Umhverfisstofnunar úti á landi.

Loks er í farvatninu tillaga til þingsályktunar um rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða. Þá má nefna að rýnivinna vegna umsóknar Íslands um aðild að Evrópusambandinu hefur leitt í ljós að yrði Ísland aðili að sambandinu í framtíðinni, myndu bæði umfang og aðferðafræði friðlýsinga taka breytingum. Ljóst er að málaflókkurinn fer hratt stækkandi. Því er nauðsynlegt að staldra við og íhuga hvort nauðsynlegt sé að endurskoða friðlýsingarferlið í heild sinni með það fyrir augum að gera það árangursríkara og skilvirkara. Er þá vísað til alls í senn: undirbúnings, framkvæmdar og fjármögnunar. Ástæða er til að vekja athygli á því að í Hvítbók um

Svæði sem voru friðlýst	Beiðni um friðlýsingu	Staðfesting
Andakill (Hvanneyri), stækkun	Umhverfisráðuneytið	2. febrúar 2011
Hálsar, búsvæði tjarnarklukku	Náttúruverndaráætlun	10. febrúar 2011
Dimmuborgir	Landgræðsla ríkisins	22. júní 2011
Hverfjall	Umhverfisstofnun	22. júní 2011
Langisjór, Eldgjá og nágrenni	Náttúruverndaráætlun	12. júlí 2011
Kalmanshellir	Árni B. Stefánsson og landeigendur í Kalmanstungu	19. ágúst 2011
Viðey í Þjórsá	Landeigendur	24. ágúst 2011

lögjögjöf til verndar náttúru Íslands er ítarleg umfjöllun um náttúruverndaráætlun og friðlýsingar.

Aukin samþætting

Í 6. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 segir að stofnunin hafi umsjón með gerð verndaráætlana fyrir náttúruverndarsvæði. Ekki eru önnur ákvæði um gerð verndaráætlana í lögnum nema fyrir þjóðgarða og engar frekari leiðbeiningar um vinnslu eða framsetningu þeirra. Hingað til hafa einungis verið unnar verndaráætlunir fyrir þrjú af þeim fjölmörgu náttúruverndarsvæðum sem Umhverfisstofnun hefur umsjón með og hafa þær allar verið unnar nokkru eftir að friðlýsing er staðfest.

Þannig er málum sjaldnast háttað í nágrannalöndum okkar. Í sumum þeirra er gerð verndar- og framkvæmdaáætlunar forsenda friðlýsingar en í öðrum er undirbúningur friðlýsingar og verndaráætlunar samtvinnaður. Mörg rök hníga að því að auka samþættingu við gerð hinna eiginlegu friðlýsingaskilmála (sem hafa lagalegt gildi) og áætlunargerðar um verndaraðgerðir og framkvæmdir innan náttúruverndarsvæðanna. Aukin samþætting kæmi í veg fyrir tvíverknað, m.a. hvað varðar hið umfangsmikla samráð við hagsmunaaðila sem þarf

að eiga sér stað á báðum stigum ferlisins. Þá myndi hún auka fyrirsjáanleika friðlýsingarinnar, hagkvæmni hennar og skilvirkni.

Náttúruvernd kostar

Ekki má gleyma því að náttúruverndaraðgerðir kosta peninga. Má sem dæmi nefna að í Danmörku hafa verið unnir friðlýsingarskilmálar og verndaráætlunir fyrir alls 246 Natura 2000 svæði. Kostnaðurinn við fyrsta áfanga vinnunnar (2010-2015) er áætlaður 240 milljónir evra.

Gildandi náttúruverndarlög ganga út frá því að gerðir séu friðlýsingarsamningar við hvern og einn landeigenda og sveitarfélag, án þess að bætur komi í staðinn. Vilyrði eru gefin um fjármagn til að tryggja vernd og rekstur viðkomandi svæðis og reynt er að fylgja þeim eftir, en með misgöðum árangri. Þær röksemdir heyrast gjarnan hjá samningsaðilum að umhverfisyrirvöld ættu frekar að einbeita sér að bættum rekstri á þeim svæðum sem þegar eru friðlýst en taka að sér fleiri svæði sem ekki sé bolmagn til að reka. Við þessari gagnrýni þarf að bregðast með vönduðum og góðum hætti og er væntanleg stofnun sjóðs til framkvæmda á ferðamannastöðum, þ.m.t. friðlýstum svæðum, vonandi mikilvægt skref í þá átt.

Hingað til hafa einungis verið unnar verndaráætlunir fyrir þrjú af þeim fjölmörgu náttúruverndarsvæðum sem Umhverfisstofnun hefur umsjón með



Víðast annars staðar eru stjórnþæki í náttúruvernd mun fjölbreyttari en hér þekktist

Auk þess að treysta betur fjármögnun fyrir vernd og rekstur slíkra svæða þarf einnig að huga að því hvernig hvetja megi hagsmunaaðila og styðja þá, bæði fjárhagslega og tæknilega, í því mikilvæga verkefni að taka að sér verndun tegunda eða svæða sem hafa íslenskt, evrópskt eða alþjóðlegt gildi. Víðast annars staðar eru stjórnþæki í náttúruvernd mun fjölbreyttari en hér þekktist. Í undirbúningi friðlýsinga er gjarnan fyrst reynt að fá landeigendur og aðra hagsmunaaðila til að semja um friðlýsingu af fúsum og frjálsum vilja. Aðrar leiðir til samninga geta falið í sér greiðslu í formi styrks, þjónustusamnings, tæknaaðstoðar og/eða framkvæmda, eða jafnvel skattaafsláttar. Ef allt annað þrýtur er í flestum löndum eignarnámsleið einnig fær í náttúruvernd.

Meginmarkmið verndaráætlunnar fyrir Mývatn og Laxá er að draga fram verndargildi svæðisins og marka stefnu um verndun þess

Umhverfisstofnun telur nú kærkomið tækifæri til að rýna í forgangsröðun og aðferðafræði við friðlýsingar. Um tvö ár eru eftir af framkvæmdatíma annarrar náttúruverndaráætlunar og margvíslegar breytingar fyrirsjáanlegar í umhverfi náttúruverndar á Íslandi á næstunni. Draga má þann lærdóm af því tímabili sem liðið er frá samþykkt fyrstu áætlunarinnar, að meiri samþættingar er þörf við skipulagsáætlanir sveitarfélaga. Stofnunin ítrekar einnig þá skoðun að friðlýsingar eru í eðli sínu samstarfsverkefni fjölmargra aðila, og að bæði fjármagn, stuðning og samráð þarf til þess að þær takist vel.

Verndaráætlun Mývatns og Laxár

Þann 14. maí undirritaði umhverfisráðherra verndaráætlun Mývatns og Laxár 2011-2016 við háttíðlega athöfn í nýrri og glæsilegri sýningu í gestastofu Umhverfisstofnunar í Mývatnssveit. Verndaráætlun fyrir verndarsvæðið Mývatn og Laxá hefur verið í smíðum undanfarin ár og stóðu Náttúruverndarstjórnir við Mývatn og Náttúrustofa Norðausturlands að gerð verndaráætlunarinnar ásamt Umhverfisstofnun.

Við vinnslu áætlunarinnar var haft samráð við fjölmarga aðila. Gerð verndaráætlunar fyrir svæðið var flókin og tímafrek sökum þess hve náttúruvernd þess er margbrotið, hvort sem litið er til lífríkis, jarðminja eða landslags. Meginmarkmið verndaráætlunar fyrir Mývatn og Laxá er að draga fram verndargildi svæðisins og marka stefnu um verndun þess með tilliti til þeirra markmiða sem sett hafa verið í lögum um verndarsvæðið. Í verndaráætluninni eru því veittar grunnupplýsingar um núverandi ástand svæðisins, fjallað um það sem betur má fara í skipulagi þess, hvaða aðgerðir eru nauðsynlegar til þess að viðhalda og jafnvel auka verndargildi svæðisins og að lokum er hlutverk starfsmanna Umhverfisstofnunar skilgreint.

Helstu aðgerðir sem lagðar eru til í verndaráætluninni eru eftirfarandi:

- Settar verði reglugerðir fyrir bæði verndarsvæði og vatnsverndarsvæði Mývatns og Laxár.
- Gert verði áhættumat vegna hugsanlegs umhverfisslyss við Mývatn og Laxá og í kjölfarið verði samin viðbragðsáætlun þannig að hægt verði að minnka möguleg áhrif slíkra atburða á lífríki svæðisins.
- Merkar jarðmyndanir og menningarminjar innan verndarsvæðisins verði kortlagðar, úttekt gerð á ástandi þeirra og í kjölfarið verði verndargildi metið.
- Gerðar verði vöktunaráætlanir í samráði við fagaðila varðandi mengun vatnasviðs, plöntur á válista, kúluskít, fiskistofna vatnasviðs, gróðurframvindu, göngustíga, fjölda og viðhorf ferðamanna, námusvæði Ytriflóa og ástand jarðfræði- og menningarminja.
- Fylgst verði náið með þróun lífríkis og þeim þáttum er varða afkomu þess mest.
- Virkt samstarf verði á milli Umhverfisstofnunar, sveitafélaga, Ferðamálastofu og landeigenda um aðgerðir á svæðinu.
- Virk landvarsla verði á svæðinu sem veiti m.a. fræðslu til mismunandi markhópa.
- Gerð verði miðlæg vefsíða þar sem á einum stað verði að finna helstu upplýsingar um svæðið.
- Auðvelt verði að koma athugasemdum og tillögum til umsýsnarmanna svæðisins.

- Unnin verði aðgerða- og fjárhagsáætlun samkvæmt verndaráætluninni sem geri stjórnun og árangursmat af aðgerðum auðveldari.

Verndaráætlunina er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Verkátun fyrir verndaráætlun friðlands að Fjallabaki

Eitt af hlutverkum Umhverfisstofnunar er að hafa umsjón með gerð verndaráætlana fyrir friðlýst svæði í hennar umsjón. Undanfarið hefur verið unnið að stefnumótun um stjórn og verndun friðlýstra svæða í umsjón stofnunarinnar sem ætlað er að vera leiðarljós og stjórnþæki varðandi verndun og nýtingu friðlýstra náttúruvinnna. Einnig er er verndaráætlunin rammi fyrir einstakar verndaráætlanir og skilgreinir þau verkfæri sem nota má við verndaráætlanagerð. Tilgangur einstakra verndaráætlana er að móta framtíðarsýn, setja markmið og benda á leiðir að markmiðum.

Friðland að Fjallabaki er eitt þeirra tíu svæða sem lenti á rauðum lista Umhverfisstofnunar í skýrslu sem var gefin út árið 2010. Taldist brýnna aðgerða þörf á svæðinu. Í framhaldi af þeirri úttekt var leitað ráðgjafar Náttúrustofu Norðausturlands um gerð verk- og tímaáætlunar sem lið í undirbúningsvinnu fyrir verndaráætlun. Við gerð verndaráætlunar verður t.a.m. stuðst við aðferðafræði alþjóðanáttúruverndar-samtakanna, IUCN, og LAC-aðferðafræðina sem fjallar um mörk ásættanlegra breytinga. Myndaður verður vinnuhópur um verkefnið sem í munu sitja fulltrúar allra helstu hagsmunaaðila.

Verndaráætlunin er rammi fyrir einstakar verndaráætlanir og skilgreinir þau verkfæri sem nota má við verndaráætlanagerð



Varúðarreglan

Mörg umhverfisvandamál eru þess eðlis að erfitt getur reynst að sýna með vísindalegri fullvissu fram á orsök þeirra. Þá kann að vera freistandi fyrir stjórnvöld að afhafast ekkert, sérstaklega ef mótvægisáðgerðir eru kostnaðarsamar. Úr þessum aðstæðum sprettur ein af meginreglum hins alþjóðlega umhverfisréttar, varúðarreglan (e. precautionary principle). Kjarni hennar er sá að ekki skuli láta óvissu um afleiðingar tiltekinna athafna eða athafnaleysis koma í veg fyrir að gripið sé til fyrirbyggjandi aðgerða. Í reglunni felst sú hugsun að stjórnvöld skuli ekki skýla sér bak

við vísindalega óvissu til að forðast varúðarráðstafanir í þágu umhverfisins.

Vísad er til varúðarreglunnar í ýmsum alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að og á nokkrum sviðum íslensks umhverfisréttar er byggt á reglunni, s.s. í löggjöf um erfðabreyttar lífverur. Mikilvægt er að hafa í huga að reglan hefur ekki verið lögfest með almennum hætti hér á landi og er mismunandi að hve miklu marki hún endurspeglast í gildandi löggjöf. Það ræðst því af lagaumhverfi hverju sinni hvort og að hvaða marki reglunni verður beitt.



Í SUMAR STAÐFESTI UMHVERFISRÁÐHERRA SAMNING SEM UMHVERFISSTOFNUN GERÐI VIÐ SVEITARFÉLAGIÐ MÝRDALSHREPP. SAMNINGURINN FELUR Í SÉR AÐ SVEITARFÉLAGIÐ SJÁI UM DAGLEGA UMSJÓN OG REKSTUR FRIÐLANDSINS FYRIR HÖND UMHVERFISSTOFNUNAR.

Látrastofa

Árið 2011 var tekin í notkun ný starfstöð og stofnað nýtt stöðugildi sérfræðings fyrir Látrabjarg og friðlýst svæði á sunnanverðum Vestfjörðum. Sérfræðingurinn er staðsettur á Patreksfirði og hefur hann varið fyrsta misserinu í að móta starfið, finna því hentugt húsnæði og kynna það heimamönnum. Unnið er að friðlýsingu Látrabjargssvæðisins og hefur drjúgur tími sérfræðings farið í það verkefni ásamt því að sinna almennri landvörslu. Í sumar var sérfræðingurinn með starfsaðstöðu í Breiðavík og stendur til að sami háttur verði á næsta sumar til að auðvelda eftirlit á Látrabjargssvæðinu. Markmiðið með uppbyggingu þessarar starfsemi er að veita fólki kynningu á viðkomandi svæðum þar sem ráðgert er að byggja upp fræðslunet með helstu upplýsingum um friðlýstu svæðin. Einnig er það markmið Umhverfisstofnunar að skapa störf á landsbyggðinni í kringum starfsemi á friðlýstum svæðum og þannig efla náttúruvernd og upplýsingagjöf. Starfstöðin var nefnd Látrastofa og dregur nafn sitt af Látrabjargi, en ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvar hún verður til húsa til framtíðar.

Þegar sérfræðingurinn tók til starfa var fyrsta verk hans að kynna sér svæðið og gera úttekt á ástandi Látrabjargssvæðisins ásamt því að hitta landeigendur og fá álit þeirra á hugsanlegri friðlýsingu. Starfsmaðurinn hefur einnig umsjón með friðlandinu Vatnsfirði og náttúruvættunum Surtarbrandsgili og Dynjanda. Í Vatnsfirði starfar landvörður í átta vikur yfir sumartímann og hefur sá háttur verið á síðan 2001. Næsta sumar stendur til að ráða landvörð til starfa við Látrabjarg. Báðir landverðir koma til með að heyra undir sérfræðing Látrastofu.

Unnið að friðlýsingu Látrabjargs

Í fyrstu náttúruverndaráætlun 2004-2008 var gerð tillaga að friðlýsingu Látrabjargssvæðisins vestan Kleifarheiðar sem þjóðgarðs. Ekkert varð af friðlýsingu á því tímabili en öll þau svæði sem ekki tókst að friðlýsa á tíma fyrri áætlunar eru í gildandi náttúruverndaráætlun 2009-2013. Látrabjarg er



stærsta fuglabjarg Evrópu og mikilvægt fuglasvæði á heimsvísu og hýsir m.a. stærstu álkubyggð í heimi. Hér er því um mikilvægt svæði að ræða sem ber að vernda, en ferðamönnum sem heimsækja Látrabjarg hefur fjölgað ört undanfarin ár. Landeigendur hafa unnið mikið og gott starf í uppbyggingu og viðhaldi á svæðinu, m.a. með stækkun bílastæða og uppsetningu fræðslu- og viðvörðunarskilta.

Í byrjun árs skipaði bæjarstjórn Vesturbyggðar starfshóp um framtíðarskipulag Látrabjargssvæðisins þ.e. landsvæðið Keflavík, Breiðavík og Látra með stofnun þjóðgarðs í huga. Í hópnum sitja ásamt bæjarstjóra, fulltrúar landeigenda, ferðamálasamtaka Vestfjarða og Umhverfisstofnunar. Á vormánuðum og um sumar voru landeigendur og aðrir hagsmunaaðilar heimsóttir, þeim kynnt hugmyndin og leitað viðbragða við hugsanlegri friðlýsingu. Sérfræðingur Umhverfisstofnunar kom svo til starfa á svæðið í ágúst og var ákveðið að hann myndi kynna friðlýsingartillöguna landeigendum utan þess svæðis sem hugmynd er að friðlýsa í fyrsta áfanga. Þá kom í ljós að talsvert margir landeigendur þar hafa áhuga á að taka þátt í umræðunni og jafnvel lýst áhuga á að friðlýsa sitt eigið land sem hluta þjóðgarðs. Í september heimsótti umhverfisaráðherra svæðið og hélt sex fundi með landeigendum og öðrum hagsmunaaðilum. Fundirnir voru vel sóttir

og mörgum spurningum var velt upp um áhrif friðlýsingar og hvaða hagsmuni það hefur í för með sér fyrir samfélagið að stofna þjóðgarð á svæðinu.

Þar sem flestir landeigendur Látrabjargssvæðisins eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu var ákveðið að halda tvo fundi í húsnæði Umhverfisstofnunar með ráðherra í október 2011. Annars vegar var haldinn fundur með landeigendum á Látrum og Keflavík, þar sem mættu um 70 manns, og hins vegar með landeigendum utan þess svæðis og þar mættu um 30 manns. Skiptar skoðanir voru um hugsanlega friðlýsingu en má segja að umræður hafi almennt verið á jákvæðum nótum.

Eftir fundina var ákveðið að hitta landeigendur í smærri hópum til að fá fram hugmyndir þeirra um skipulag svæðisins. Landeigendur lögðu mikla áherslu á að vegurinn sem liggur í gegnum þorpið á Látrum verði færður upp fyrir þorpið. Var vegurinn settur á vegaáætlun á árinu og stendur til að framkvæmdir hefjist innan tveggja ára.

Friðlýsing Látrabjargs er gríðarlega stórt verkefni. Landeigendur á svæðinu telja yfir 100 manns og er því mikið og skemmtilegt verk framundan. Góð samvinna milli landeigenda, hagsmunaaðila, ríkis og sveitafélags er mjög mikilvæg til að ná fram sáttum um framtíðarskipulag þeirrar merku náttúruperlu sem Látrabjarg og nágrenni er.

Friðlýsing Látrabjargs er gríðarlega stórt verkefni. Landeigendur á svæðinu telja yfir 100 manns og er því mikið og skemmtilegt verk framundan

Árið 2011 var tekin í notkun ný starfstöð og stofnað nýtt stöðugildi sérfræðings fyrir Látrabjarg og friðlýst svæði á sunnanverðum Vestfjörðum

Ferlinu verður skipt í níu þrep og er áætlað að vinnan taki alls 18 mánuði. Áhersla verður lögð á samráð og upplýsingagjöf á öllum stigum vinnunnar. Í upphafi er gerð sérstök samráðsáætlun fyrir verkefnið. Verkefnið verður frá upphafi kynnt á vefsíðu Umhverfisstofnunar þar sem helstu verkþáttum verða gerð skil ásamt því hvernig verkefninu miðar áfram.

Dyrhólaey, framkvæmdir

Árið var viðburðarríkt fyrir friðlandið Dyrhólaey. Í friðlýsingarákvæðum friðlandsins er að finna heimild Umhverfisstofnunar til að loka svæðinu á ákveðnu tímabili og hefur stofnunin nýtt sér það ákvæði undanfarin ár til að vernda fuglalíf í eyinni meðan á varpi stendur. Ákvörðunin mætti töluverðri andstöðu í héraði og þurfti afskipti lögreglu til að framfylgja ákvörðun stofnunarinnar um lokun svæðisins. Í sumar staðfesti umhverfisaráðherra samning sem Umhverfisstofnun gerði við sveitarfélagið Mýrdalshrepp. Samningurinn felur í sér að sveitarfélagið sjái um daglega umsjón og rekstur friðlandsins fyrir hönd Umhverfisstofnunar. Stjórnvaldsáskvarðanir er varða friðlandið verða þó áfram hjá Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun og Mýrdalshreppur munu hafa samstarf um útgáfu fræðsluefnis en Umhverfisstofnun sér um vöktun á fuglalífi í friðlandinu í samstarfi við til þess bæra aðila. Gildistími samningsins er fimm ár.

Í ár var starfandi landvörður í Dyrhólaey og sá hann m.a. um merkingu gönguleiða, talningu fugla, hreinsun svæðisins, fræðslu og ýmislegt smálegt viðhald. Landvörðurinn var ráðinn af sveitarfélaginu. Í lok sumars réði Umhverfisstofnun starfsmann í eins mánaðar starf en hann hafði það hlutverk að safna upplýsingum um nýttjar í friðlandinu, vinna hugmyndir um frekari úrlausnir við stýringu gesta og sinna viðhaldi sem ekki náðist að ljúka í sumar.

Að lokum má nefna að ráðgjafanefnd fyrir friðlandið var sett á laggirnar á haustmánuðum en í henni starfa fulltrúar sveitarfélagsins, Umhverfisstofnunar, ábúenda í Dyrhólavverfi, ferðamálasamtaka og Náttúruverndarsamtaka Suðurlands.


Afskipti lögreglu þurfti til að framfylgja ákvörðun stofnunarinnar um lokun svæðisins



UMHVERFISSTOFNUN

MARKMIÐ 2008-2012

STUÐLA AÐ VERNDUN OG
SJÁLFBÆRRI NÝTINGU VILLTRA
DÝRSTOFNA



VILLTIR DÝRASTOFNAR

EFTIR AÐ TVEIR HVÍTABIRNIR GENGU Á LAND MEÐ SKÖMMU MILLIBILI ÁRIÐ 2008 SKIPAÐI UMHVERFISRÁÐHERRA STARFSHÓP TIL TILLÖGUGERÐAR UM VIÐBRÖGÐ VEGNA HUGSANLEGRA LANDTÖKU HVÍTABJARNNA Á ÍSLANDI.

Hvítabjörn á Hornströndum

Að morgni 2. maí barst Umhverfisstofnun tilkynning frá Landhelgisgæslunni þess efnis að hvítabjörn hefði sést í Hælavík á Hornströndum. Sett var í gang viðbragðsáætlun við landtöku hvítabjarna sem unnin var í starfshóp sem umhverfISRÁÐHERRA skipaði eftir landgöngu tveggja hvítabjarna árið 2008. Þegar var haft samband við ferðamenn sem vitað var um á svæðinu en ferðamönnum er skylt að tilkynna sig inn á þetta svæði. Þyrla Landhelgisgæslunnar var send á svæðið en með í för voru lögregla frá Ísafirði sem stjórnáði aðgerðum, fulltrúar Umhverfisstofnunar, fulltrúi yfirdýralæknis og tvær skyttur. Þegar komið var á svæðið hafði björninn fært sig um set en eftir nokkra leit fannst dýrið í Rekavík bak Höfn. Þoka var í efstu brúnum og snjóskafar á við og dreif.

Lögregla mat aðstæður svo að ekki væri hægt að vakta dýrið allan sólarhringinn og þar með ekki hægt að tryggja öryggi manna ef björninn færi á flakk og í átt að byggð.

Lögregla mat aðstæður svo að ekki væri hægt að vakta dýrið allan sólarhringinn og þar með ekki hægt að tryggja öryggi manna ef björninn færi á flakk og í átt að byggð. Hvítabirnir geta synt langar vegalengdir og því ómögulegt að vita hvar hann bæri að landi ef hann færi aftur í sjóinn. Vegna þessara aðstæðna var ekki ráðlegt að reyna föngun dýrsins.

Dýrið, sem reyndist vera birna, var því fellt og hræið flutt með þyrlu til Reykjavíkur þar sem Náttúrufræðistofnun tók við því og kom því til rannsóknar og krufningar á Tilraunastöðinni á Keldum. Aldursgreining, sem byggir á talningu áhringja í tannrót, leiddi í ljós að birnan væri ríflega þriggja ára. Birnan er talin hafa verið yfirgefin af móður seinni hluta vetrar 2010. Hún var við það að vera kynþroska en einungis 95 kg þung. Að meðaltali eru birnur um 130 kg þegar móðurin yfirgefur þær. Fituforði hennar var einungis 5% af líkamsþyngd sem er talið óeðlilega lítið miðað við árstíma. Vegna þessa litla fituforða er nær útilokað að hún hefði getað tímgastr þetta árið. Magainnihald benti til að birnan hafi ekki nærst áður en hún var felld en þó fundust



einhverjar fjaðrir í maga hennar og svartfuglafjaðrir aftast í meltingarvegi hennar. Talið er að fjaðrirnar hafi verið af fuglshræum sem hún hefur fundið í fjörinni. Þetta benti til að hún hafi ekki verið alveg nýkomin í land þegar til hennar sást. Við leit að sníkjudýrum fannst sníkjuþráðormur (*Contracaecum sp.*) sem oft finnst í maga til dæmis kampsels og hringanóra. Ekki fannst trikenía en trikeniur finnast stundum í hvítabjörnum, m.a. í tveimur af þeim björnum sem komið hafa til landsins síðan 2008. Ísland er eitt fárra landa sem er laust við trikeníu en það er mikilvægt að koma í veg fyrir að hún verði hér landlæg.

Þetta er fjórði hvítabjörninn sem gengur á land frá 2008. Eftir að tveir hvítabirnir gengu á land með skömmu millibili árið 2008 skipaði umhverfISRÁÐHERRA starfshóp til tillögugerðar um viðbrögð vegna hugsanlegra landtöku hvítabjarna á Íslandi. Niðurstaða þess starfshóps var að skynsamlegast væri að fella þá hvítabirni sem ganga hér á land. Fyrir því áliti eru þrenn meginrök.

Öryggissjónarmið

Alltaf er talin stafa hættu af hvítabjörnum sem koma hingað til lands enda eru þeir hér utan sinna heimkynna og í umhverfi sem þeir þekkjast ekki.

Stofnstærðarsjónarmið

Það eru álit vísindamanna á sviði hvítabjarnarannsóknna að engin stofnstæðarrök séu fyrir að reyna föngun á hvítabjörnum sem flækjast hingað.

Kostnaður við föngun bjarna

Ljóst er að kostnaður við föngun á hvítabjörnum og að koma þeim til sinna heimkynna verður mjög mikill og hleypur væntanlega á tugum milljóna þegar upp er staðið.

Dúfnaveislan

Árlega halda um tíu þúsund veiðikortahafar til veiða og því mikilvægt fyrir alla að vera vel undirbúnir. Veiðimenn temja sér ákveðnar siðareglur í umgengni sinni við náttúruna og umhverfi sitt og ein af þeim á ávallt að vera ástundun skotæfinga. Veiðimaður sem vill hitta bráð sína þarf að vera einbeittur, í formi, fær um að meta fjarlægðir og meðvitaður um eiginleika skotvopna og skotfæra sem nota á.

Á vormánuðum fór Umhverfisstofnun í samstarfsverkefnið „Dúfnaveislan 2011“ með Skotveiðifélagi Íslands (SKOTVÍS) og ýmsum félögum sem reka skotvelli auk styrktaraðila. Tilgangur dúfnaveislunnar var að hvetja veiðimenn um land allt til að kynna sér þá aðstöðu sem skotvellirnir hafa upp á að bjóða, stunda reglulegar skotæfingar áður en veiðitímabilið hefst og undirbúa sig eins og best verður á kosið. Dúfnaveislan fór fram á 16 skotvöllum víða um land frá 1. júlí til 31. ágúst.

Veiðimenn mættu á skotvöll og áttu að skila tíu hringjum til að eiga rétt á að vera með í happdrætti þar sem mikið var um veglega vinninga. Verkefnið var tilraunaverkefni en það vel tókst til að ákveðið hefur

verið að endurtaka það árið 2012 með enn veglegri hætti. Umhverfisstofnun mun áfram koma að málum sem snúa að bættri veiðimenningu á Íslandi og halda áfram góðu samstarfi við SKOTVÍS í þeim efnum.

Hreindýrstarfar með vír á hornum

Í lok októbermánaðar var töluvert fjallað í fjölmiðlum um hreindýrstarfa sem fastir voru saman með vírhönk á hornum við Flatey á Mýrum í Hornafirði. Fylgst var með törfunum með það í huga að losa þá sundur með einhverjum ráðum. Áður en til þess kom losnuðu tarfarnir sundur þar sem annar þeirra felldi hornin. Hinn tarfurinn var þá áfram með vírhönk fasta á hornunum en hún særði hann ekki og gat hann hreyft sig um og kroppað. Var á því stigi álit dýralæknis að inngríp í þær aðstæður myndi valda meira álagi og streitu fyrir dýrið en það ástand sem tarfurinn var í. Áfram var fylgst með tarfinum og ákveðið að á meðan vírinn særði ekki tarfinn eða hindraði hann í hreyfingum yrði ekki gripið til aðgerða. Tarfurinn felldi svo hornin með vírnum nokkru síðar.

Á undanförunum árum hefur nokkrum hreindýrum verið bjargað sem fest hafa hornin í vír en einnig hefur þurft að fella sum þeirra vegna þess að þau hafa verið orðin særð og illa haldin. Umhverfisstofnun hefur við þessar björgunaraðgerðir yfirleitt notið aðstoðar sjálfbóðaliða sem láta sér annst um dýrin og telja mikilvægt að bjarga þeim sem hægt er.

Var á því stigi álit dýralæknis að inngríp í þær aðstæður myndi valda meira álagi og streitu fyrir dýrið en það ástand sem tarfurinn var í

ÞANN 23.-25. MAÍ VAR HALDIN RÁÐSTEFNA NORRÆNNA VEIÐILÍFFRÆÐINGA Á GRAND HÓTEL Í REYKJAVÍK.

Vorið 2012 mun Umhverfisstofnun í samvinnu við Náttúrustofu Austurlands, sem sér um vöktun hreindýrastofnsins, senda sveitarfélögum og búnaðarsamböndum á útbreiðsluvæði hreindýra bréf. Þar verður bent á mikilvægi þess að gengið verði úr skugga um hvort slysgildir, eins og aflagðar girðingar, leynt á svæðinu og hvetja til úrbóta. Minni líkur eru á því að hreindýr festist í girðingum sem eru vel strekktar og vel við haldið þótt vissulega geti slíkt gerst, sérstaklega ef dýrin stýggjast.

Námskeið fyrir verðandi hreindýraleiðsögumenn

Í júní var haldið námskeið á vegum Umhverfisstofnunar fyrir verðandi leiðsögumenn með hreindýraveiðum og bættust 30 nýir leiðsögumenn í hóp þeirra sem fyrir voru. Námskeiðið var haldið í kjölfar þess að samþykkt voru á Alþingi ný lög um hreindýraveiðar og reglur varðandi námskeiðahaldið. Í þessum nýju lögum var einnig gerð meiri krafa til hreindýraveiðimanna þar sem þeir þurfa nú að gangast undir skotpróf áður en þeir geta veitt hreindýr.

Óhætt er að segja að eftirspurn eftir slíku námskeiði hafi verið mikil en um 170 manns höfðu sótt um þegar umsóknarfresturinn rann út. Námskeiðið var haldið eins og áður sagði í kjölfar nýsamþykktara laga um hreindýraveiðar en sambærilegt námskeið hefur ekki verið haldið síðan 2001. Nýir leiðsögumenn með hreindýraveiðum bættust í hóp eldri leiðsögumanna og eru nú um 120 manns sem fá útgefið leyfi frá Umhverfisstofnun. Námskeiðið sem slíkt er eingöngu liður í því að geta orðið leiðsögumaður með hreindýraveiðum. Námskeiðinu lauk með almennu prófi sem tók á flestöllum þáttum er tengjast hreindýrum og veiðum. Einnig var gerð krafa um svæðakunnáttu. Aðrar kröfur eru reynsla af hreindýraveiðum, skyndihjálparnámskeið, B-skotvopnaleyfi ásamt því að fara í tvær ferðir undir leiðsögn reyns leiðsögumanns.

Námskeiðið var fjórir dagar, átta tímar á dag, þar sem farið var yfir allt það helsta er snýr að hreindýrum, allt frá almennri umfjöllun um hreindýrastofninn, hreindýraveiðar, líffræði, rötun, lög og reglur og að sérumfjöllun um hvert svæði af þeim níu sem veiða má á. Markmið slíkrar yfirferðar er að fræða verðandi leiðsögumenn um helstu atriði sem snúa að hreindýraveiðum og þá ábyrgð sem þeir bera.



Einna mikilvægast er að þekkja landið og vera undirbúinn fyrir þær aðstæður sem upp geta komið. Leiðsögumaður ber ábyrgð á veiðimanni á veiðislóð og er því mikilvægt að þekkja vel til og geta bjargað sér ef tæki og tól bregðast þar sem aðstæður geta breyst skjótt á sumum veiðisvæðum.

Við skipulagningu á námskeiðinu var leitað til helstu sérfræðinga í málefnum er snerta hreindýraveiðar og má þar nefna Náttúrustofu Austurlands, Félag leiðsögumanna með hreindýraveiðum, héraðsdýralækni, Landsbjörg og Umhverfisstofnun. Nemendur þreyttu almennt próf í lok námskeiðs en einnig þurftu þeir að taka svæðapróf um það svæði sem þeir ætluðu að fá leyfi til að starfa á. Eftir að menn höfðu staðist próf fengu þeir heimild til að fara í tvær ferðir með reyndum leiðsögumanni og ljúka þar með námskeiðinu formlega.

Ráðstefna norrænna veiðilíffræðinga

Þann 23.-25. maí var haldin ráðstefna norrænna veiðilíffræðinga á Grand Hótel í Reykjavík. Ráðstefnan var ákveðin með árs fyrirvara og að gefnu loforði fulltrúa Íslands á fundinum um að Íslendingar myndu hafa hemil á öllum eldfjöllum.

Um 85 þátttakendur skráðu sig á þingið en aðfaranótt sunnudagsins 22. maí byrjaði síminn að hringja á heimili tengiliðar Umhverfisstofnunar og tilkynnt um eldgos í Grímsvötnum. Má segja að tengiliðurinn hafi verið nær samfelldur í símanum næstu 36 klukkustundir. Í samráði við formann nefndarinnar var veðjað á að gosið yrði stutt og ef flogið yrði til Íslands í síðasta lagi

á mánudagskvöld væri hægt að halda ráðstefnuna. Margir þátttakendur og gestafyrirlesarar voru þegar komnir til landsins og ljóst var að nefndin myndi tapa verulega ef ráðstefnan yrði blásin af. Reynt var að stappa stáli í þátttakendur og stöðva þá í að afpanta miða sína ef flogið yrði. Því miður höfðu sumir þegar afpantað og aðrir hætt við af hræðslu við að komast aldrei af landi brott.

Á mánudagskvöldið lentu fyrstu vélar í Keflavík og það var gríðarlegur léttir að sjá hversu margir höfðu haldið sínu striki og komist til landsins. Við lokatalningu kom í ljós að um 40 manns höfðu komist á leiðarenda. Höfst þá mikil endurskipulagning þar sem dagskrárliðum var endurraðað og nýir fyrirlesarar fengnir í stað þeirra sem forfölluust. Gæði ráðstefnunnar jukust mikið þar sem þekkt nöfn stigu skyndilega fram og buðu fram fyrirlestra til að bjarga málunum. Ráðstefnan endaði svo að sjálfsgöðu á fyrirlestri um Grímsvötn, Eyjafjallajökul og Kötlu.

Að ráðstefnu lokinni voru þátttakendur ánægðir með gæði fyrirlestrana og sögðust seint munu gleyma veiði(eldfjalla)ráðstefnunni á Íslandi.

Fyrirkomulag rjúpnaveiða

Rjúpan er ein vinsælasta veiðibráð á Íslandi en samkvæmt rannsóknnum Náttúrufræðistofnunar Íslands er stofninn talin sveiflast reglubundið og hafa 10 til 12 ár verið á milli hámarksára. Umhverfisráðherra setti árið 2009 reglugerð um fyrirkomulag rjúpnaveiði til þriggja ára, nema að óvænt þróun yrði í rjúpnastofninum á tímabilinu. Að

mati Náttúrufræðistofnunar Íslands hefur stofninn þróast þannig frá síðasta ári, að ákveðið var að breyta veiðifyrirkomulaginu. Samkvæmt talningu ársins var stofninn í mikilli niðursveiflu og hefur ekki verið minni síðan 2003. Miðað við fyrri reynslu má búast við að stofninn nái lágmarki á árabillinu 2015 til 2018 en við náttúrulega sveiflu bætist hörð tíð í vor og fyrri hluta sumars sem hafði veruleg neikvæð áhrif á viðkomu rjúpunnar. Áætlanir Náttúrufræðistofnunar um veiðistofn rjúpunnar og þar með veiðipól stofnsins benda til að hann hafi minnkað um ríflega helming frá árinu 2010. Árið 2010 var stofninn metin um 850.000 fuglar en árið eftir var matið upp á 350.000 fugla.

Umhverfisráðherra féllst á ráðleggingar Náttúrufræðistofnunar um ráðlagða rjúpnaveiði upp á 31.000 fugla. Þetta eru ríflega helmingi færri fuglar en árið 2010, sem skýrist af verri stöðu rjúpnastofnsins. Með því að deila ráðlagðri veiði á fjölda skráðra rjúpnaveiðimanna undanfarin ár má þannig gera ráð fyrir um sex rjúpum á hvern veiðimann. Fyrirkomulagi rjúpnaveiða var í framhaldinu breytt frá fyrra ári, þannig að í stað átján daga veiðitímabils var veiðisókn takmörkuð við níu daga. Var þessi tillaga útfærð af sérfræðingum Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands, með það að markmiði að tryggja verndun og sjálfbæra nýtingu rjúpnastofnsins. Umhverfisráðuneytið hafði samráð um möguleika á útfærslu tillagnanna við stjórn Skotvís, Bændasamtök Íslands og Fuglavernd.

Umhverfisráðherra féllst á ráðleggingar Náttúrufræðistofnunar um ráðlagða rjúpnaveiði upp á 31.000 fugla

Við skipulagningu á námskeiðinu var leitað til helstu sérfræðinga í málefnum er snerta hreindýraveiðar

Þann 23.-25. maí var haldin ráðstefna norrænna veiðilíffræðinga á Grand Hótel í Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

MARKMIÐ 2008-2012

**KYNNA RÉTT ALMENNINGS TIL AÐ
NJÓTA ÚTIVISTAR Í NÁTTÚRUNNI
OG MEÐ ÞVÍ BÆTA OG TRYGGJA
LÝÐHEILSU LANDSMANNA**



ÚTIVIST OG BÆTT LÝÐHEILSA LANDSMANNA

UMHVERFISSTOFNUN,
ÁSAMT LÝÐHEILSUSTÖÐ, TÓK
ÞÁTT Í STÝRIHÓP NORRÆNS
VERKEFNIS ER NEFNIST FRISK
I NATUREN EÐA HRAUST Í
NÁTTÚRUNNI.



Eldri sjálfböðaliðar óskast

Um sumarið tók Umhverfisstofnun þátt í sjálfböðaliðastarfi fyrir 50 ára og eldri og var verkefnið styrkt af Evrópusambandinu (Grundtvig Lifelong learning programme). Verkefnið var unnið í samstarfi við náttúruverndarsjóðinn BTCV sem hefur verið samstarfsaðili Umhverfisstofnunar til margra ára. Markmiðið með verkefninu var að veita eldri sjálfböðaliðum tækifæri til að taka þátt í starfinu og virkja þann hóp til að taka enn frekar þátt í náttúruvernd. Þetta er fyrsta verkefnið sem Umhverfisstofnun tekur þátt í sem snýr að því að senda íslenska sjálfböðaliða til útlanda.

Þrjú íslenskir sjálfböðaliðar voru valdir til að fara í þrjár vikur til suðvesturstrandar Englands. BTCV tók á móti sjálfböðaliðunum og stýrðu verkefninu. Íslensku sjálfböðaliðarnir ferðuðust til Devon and Cornwall þar sem þeir tóku m.a. þátt í að þrifa strendur og vakta svæði ásamt ýmsum fræðsluverkefnum með landvörðum og heimamönnum. Hópurinn gisti í sumarhúsum nálægt svæðunum þar sem vinnan fór fram. Seinnipart dvalarinnar bættust svo fleiri alþjóðlegir sjálfböðaliðar við og fengu hinir íslensku því tækifæri að vinna með öðrum sjálfböðaliðum.

Í júlímánuði tók Umhverfisstofnun á móti þremur breskum sjálfböðaliðum frá BTCV og dvöldu þeir aðallega í Þórsmörk og Skaftafelli þar sem þeir unnu með öðrum sjálfböðaliðahópum á vegum Umhverfisstofnunar. Vinnan sem þeir inntu af hendi var aðallega viðhald göngustíga. Á Þórsmörkum höfðust sjálfböðaliðarnir við í Básum þar sem þeir hjálpuðu til við viðhald á

göngustígum í birkiskógunum nálægt skálunum. Aðstæður fyrir sjálfböðaliða sem koma til Íslands eru oft mun frumstæðari en fyrir þá sem fara utan en oftast en ekki þá þurfa sjálfböðaliðar á Íslandi að gista í tjöldum á meðan dvöl þeirra stendur yfir. Bresku sjálfböðaliðarnir unnu þétt með bæði sjálfböðaliðum Umhverfisstofnunar og landvörðum.

Verkefnið var ný reynsla fyrir Umhverfisstofnun og má segja að eldri sjálfböðaliðar hafi komið með mikla reynslu, eldmóð og verklega þekkingu inn í verkefnið. Það er því fagnaðarefni að seinasta sumar var fyrsta skiptið í meira en 30 ára sögu þess að taka á móti sjálfböðaliðum í þjóðgöngum og friðlýstum svæðum á Íslandi, að Umhverfisstofnun sendir íslenska sjálfböðaliða til að vinna á verndarsvæðum erlendis.

Hraust í náttúrunni

Umhverfisstofnun, ásamt Lýðheilsustöð, tók þátt í stýrihóp norræns verkefnis er nefnist Frisk i naturen eða Hraust í náttúrunni. Verkefnið tekur til lýðheilsustöðva, útivistarsamtaka og umhverfis- og náttúruverndarstofnana allra Norðurlandanna og hefur verið styrkt af norrænu ráðherranefndinni.

Verkefninu er ætlað að vekja athygli á því hversu margir möguleikar felast í útivist og er eitt aðalmarkmið verkefnisins að styrkja lýðheilsu í

norrænum löndum með því að tengja saman þrjú ólíka geira samfélagsins, þ.e. heilbrigðis-, útivistar- og umhverfisgeira. Í verkefninu er bent á að náttúran er auðlind sem hægt er að nota til útivistar á mun markvissari hátt en hingað til hefur verið gert. Verkefnið Hraust í náttúrunni vill draga þessi sjónarmið fram, m.a. með því að:

- setja fram og halda á lofti sameiginlegri norrænni stefnu um hvernig nýta skuli útivist og hreyfingu í lýðheilsustarfi
- festa í sessi viðfangsefni lýðheilsa og útivist í norrænni samvinnu fyrir atbeina Norðurlandaráðs og norrænu ráðherranefndarinnar
- vekja athygli á fyrri reynslu og rannsóknum sem tengja saman náttúru og heilsu innan hvers lands
- eiga frumkvæði að rannsóknum og upplýsingaöflun á þessu sviði og miðla þeim
- draga úr félagslegum ójöfnuði þegar kemur að lýðheilsu en þar spilar t.d. búseta og nálægð við græn svæði stórt hlutverk

Mörg friðlýst svæði eru kjörinn vettvangur fyrir útivist. Umhverfisstofnun getur í gegnum þau tryggt það náttúrulega umhverfi og það sem þarf til þess að taka á móti fólki sem vill hreyfa sig og njóta þess að vera hraust í náttúrunni.

Almannaréttur og umferð um land

Íslensk náttúra er auðlind og stöðugt færirst í vöxt að fólk noti tækifærið til þess að nýta hana, t.a.m. með því að stunda útivist og ferðalög. Haustið er uppskerutími og margir sem njóta þess að fara út í náttúruna og tína bæði ber og sveppi sér til matar og ánægju. En um nýtingu almennings á þessari auðlind, rétt eins og öðrum, gilda þó ákveðnar reglur sem gott er að vera meðvitaður um áður en haldið er af stað.

Ákvæði um almannarétt hafa verið í íslenskum rétti allt frá öndverðu. Í Jónsbók frá árinu 1281 er að finna allmörg ákvæði um rétt manna í annars manns landi og eru sum ákvæðin enn í gildi. Þá hafa flest meginstef löggjafarinnar haldist lítið breytt þó svo að reglurnar hafi verið lögfestar með nýjum lagabálkum. Margt af þessum meginreglum er að öllum líkindum eldra en Jónsbók og hefur verið hluti af lögum landsins allt frá upphafi byggðar en þess sér t.a.m. stað í Þjóðveldislagasafninu Grágás.

Þegar skoða á þær reglur sem gilda um umferð og nytjar almennings er mikilvægt að hafa í huga tvenns konar greinarmun sem gerður er á landi. Annars vegar er gerður greinarmunur á eignarlandi, þ.e. jörðum og landsvæðum í einkaeigu, og landsvæði sem er utan eignarlanda en slík svæði kallast þjóðlendur og eru á forræði ríkisins. Hins vegar er gerður greinarmunur á

Í Jónsbók frá árinu 1281 er að finna allmörg ákvæði um rétt manna í annars manns landi og eru sum ákvæðin enn í gildi

AKSTUR UTAN VEGA ER STRANGLEGA BANNAÐUR OG
REFSIVERÐUR. VEGUR SKILGREINIST SEM VARANLEGUR
VEGUR, GATA, GÖTUSLÓÐI, STÍGUR, HÚSASUND, BRÚ, TORG,
BIFREIÐASTÆÐI EÐA ÞESS HÁTTAR, SEM NOTAÐ ER AÐ
STAÐALDRI TIL UMFERÐAR.



Því hvort eignarland er ræktað eða óræktað. Ræktað land eru t.d. tún, akrar og skógræktarsvæði einkaaðila.

Í íslenskri löggjöf er meginregla að landeigandi á allan nýtingarrétt á eignarlandi sínu og má þar nefna sem dæmi rétt til beitna, rétt til veiða og rétt til nýtingar vatns. Frá þessari meginreglu eru hins vegar fjölmargar undantekningar, t.d. með samningum eða setningu laga, og þessar undantekningar geta bæði átt við einstök svæði eða gilt almennt yfir landið allt.

Umferð almennings

Í lögum um náttúruvernd er fjallað sérstaklega um rétt almennings, umferð um land og útivist. Þar er sú meginregla að almenningi er heimilt að ferðast um landið í lögmætum tilgangi, en jafnframt er sú skylda lögð á alla að sýna ítrustu varúð í umgengni við náttúruna og gæta þess að hún verði ekki fyrir spjöllum. Einnig er áréttáð að við umferð ber að sýna eiganda lands og réttihöfum fyllstu tillitssemi, hlíta tilmælum þeirra um umgengni við landið og fylgja slóðum og stígum þar sem það á við. Ákveðnar reglur gilda um umferð manna eftir því hver fararmátinn er, þ.e. ákveðnar sérreglur eiga við eftir því hvort farið er akandi, ríðandi, gangandi, um vötn eða hvort ferðin er á eigin vegum eða skipulögð hópferð. Helstu reglur um umferð eru þessar:

Gangandi umferð

För um þjóðlendur er almennt heimil. Heimilt er án sérstaks leyfis landeiganda að fara um óræktað eignarland gangandi, á skíðum, skautum og óvélknúnum sleðum. Landeigandi má þó takmarka umferð um afgirt eignarland í byggð. Hafa ber í huga að óheimilt er að girða niður á vatns-, ár- eða

sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. Einnig verður að hafa hlið eða stiga á girðingu ef girt er fyrir forna þjóðleið eða skipulagðan stíg. Ferðir um ræktað eignarland og dvöl þar eru háðar samþykki eiganda eða rétthafa.

Umferð á reiðhjólum

Sömu reglur og um gangandi umferð en sérstök áhersla er á að fylgja ber skipulögðum vegum og stígum eins og kostur er.

Ríðandi umferð

Sömu reglur og um gangandi umferð með nokkrum viðbótum. Fylgja ber skipulögðum reiðstígum eins og kostur er. Þegar farið er um hálendi þarf að vera með nægt fóður meðferðis. Heimilt er að fengnu leyfi landeiganda eða rétthafa að setja upp aðhöld eða næturhólf fyrir hross. Bannað er að reka hrossastóð yfir gróið land þannig að hætta sé á náttúruspjöllum. Þegar farið er um markaðar slóðir skal ekki teyma fleiri hross en svo að þau rúmist innan slóðar og reka verður hross í lest á slíkum slóðum.

Umferð vélknúinna ökutækja

Akstur utan vega er stranglega bannaður og refsiverður. Vegur skilgreinist sem varanlegur vegur, gata, götuslóði, stígur, húsasund, brú, torg, bifreiðastæði eða þess háttar, sem notað er að

staðaldri til umferðar. Undantekning frá þessu er að heimilt er að aka á jöklum og snævi þakinni og frosinni jörð svo fremi sem ekki sé hætta á náttúruspjöllum. Þá er heimilt að aka um ræktað land vegna starfa við landbúnað, sem og óræktað land utan miðhálandisins enda sé ekki hætta á náttúruspjöllum. Auk þess er heimilt ef nauðsyn krefur að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna starfa við landgræðslu og heftingu landbrots, línulagnir, vegalagnir og lagningu annarra veitukerfa, björgunarstörf, rannsóknir, landmælingar og landbúnað enda sé ekki unnt að framkvæma viðkomandi störf á annan hátt. Sérstök aðgát skal viðhöfð við aksturinn til að draga úr hættu á náttúruspjöllum.

Dvöl í tjaldi

Á ræktaðu landi má aðeins tjalda með leyfi landeiganda. Á óræktaðu landi við alfaraleið í byggð er heimilt að tjalda án leyfis landeiganda til einnar nætur og ef tjöld eru þrjú eða færri. Annars skal leita leyfis landeiganda. Við alfaraleið í óbyggðum er almennt heimilt að tjalda, bæði á eignarlöndum og í þjóðlendu. Í undantekningartilfellum má landeigandi banna tjöldun á tilteknum svæðum á eignarlandi sínu ef hætta er á náttúruspjöllum. Einnig má landeigandi beina tjaldgestum inn á sérstakt tjaldsvæði hafi hann

útbúið slíkt og má taka gjald fyrir það. Fyrir utan þessar almennu reglur er síðan rétt að hafa í huga að sérstakar reglur geta gilt, svo sem á friðlýstum svæðum og í þjóðgörðum.

Berja-, sveppa- og jurtatínsla

Öllum er heimil tínsla utan eignarlanda, þ.e. í þjóðlendum. Innan eignarlanda er tínsla hins vegar háð leyfi landeiganda. Þó er öllum heimilt að tína ber, sveppi eða jurtir í eignarlöndum til neyslu á vettvangi. Sama regla gildir um fjörugróður. Mikilvægt er að hafa í huga að virða skal áðurgreindar reglur um umferð um land þegar haldið er til tínslu.

Óskráðar reglur og góðir siðir

Hér hefur verið gerð grein fyrir nokkrum skráðum reglum sem gilda um umferð og nýttar almennings á landi. Það er mikilvægt er að kunna skil á þessum reglum og fylgja þeim í hvívetna þegar farið er um land. Það er þó ekki síður mikilvægt að hafa að leiðarljósi óskráðar reglur um kurteisi í samskiptum og virðingu gagnvart náttúrunni, landeigendum og öðrum ferðalöngum. Ef þessar reglur eru hafðar í veganesti verður ferðin ánægjulegri fyrir alla

Á óræktaðu landi við alfaraleið í byggð er heimilt að tjalda án leyfis landeiganda til einnar nætur og ef tjöld eru þrjú eða færri


Ákveðnar reglur gilda um umferð manna eftir því hver fararmátinn er



UMHVERFISSTOFNUN

MARKMIÐ 2008-2012

VISTKERFISNÁLGUN VERÐI BEITT
VIÐ HEILDSTÆÐA STJÓRNUN Á
UMHVERFI Í VATNI OG HAFI



MÁLEFNI HAFS OG VATNS

UM 98% NEYSLUVATNS Á LANDINU ER GRUNNVATN SEM AFLAÐ ER Á SJÁLFBÆRAN HÁTT OG 90% HEIMILA ERU HITUÐ UPP MEÐ JARÐVARMAVATNI. VÍÐA Á MEGINLANDI EVRÓPU ER MUN MEIRA ÁLAG Á VATN, OG ÞAR BÝR NÆR HELMINGUR ÍBÚANNA Á SVÆÐUM ÞAR SEM VATN ER UNDIR EINSHVERS KONAR ÁLAGI.

Stjórn vatnamála

Vatn er forsenda alls lífs á jörðinni og engin lífvera lifir án vatns. Vatn er lykilþáttur í mótun landslags og er hluti af sköpun og viðhaldi velmegunar og uppbyggingu hagkerfa mannglegra samfélaga, m.a. landbúnaðar, fiskveiða, raforkuframleiðslu, iðnaðar, ferðamennsku og flutninga. Álag á vatn eykst stöðugt vegna nýrrar landnýtingar, s.s. nýrra íbúðahverfa, losunar frárennslis, varnargarða, hafna, námugraftrar, notkunar áburðar og varnarefna og vegna fiskveiða. Mengun og breyting á vatnsfarvegum og vatnsrennslí hafa mikil og oft óæskileg áhrif á vatn og grunnvatn.

Ísland á miklar vatnsauðlindir og íbúar landsins nota manna mest af vatni. Þrátt fyrir það er stór hluti vatns á Íslandi í góðu ástandi, ómengað og lítt raskað. Á nokkrum stöðum er vatn undir staðbundnu álagi af mannavöldum, einkum við stærri þéttbýlissvæði, ýmis framleiðslufyrirtæki, iðnaðarfyrirtæki og á virkjunarsvæðum. Um 98% neytluvatns á landinu er grunnvatn sem aflað er á sjálfbæran hátt og 90% heimila eru hituð upp með jarðvarmavatni. Víða á meginlandi Evrópu er mun meira álag á vatn, og þar býr nær helmingur íbúanna á svæðum þar sem vatn er undir einshvers konar álagi. Á heildina litið er talið að um 20% yfirborðsvatns á meginlandi Evrópu stafi hætta af mengun. 60% evrópskra borga ofnýta grunnvatnsuppsprettur og 50% votlendis er í hættu. Sambærilegar upplýsingar verða teknar saman fyrir Ísland í tengslum við stjórn vatnamála og birtar í vatnaáætlun.

Á árinu var innleidd viðamikil löggjöf um stjórn vatnamála hér á landi. Innleidd var rammatilskipun ESB um verndun vatns (vatnatilskipun), í samræmi við þingsályktun frá 2007. Á grundvelli nýrra laga voru síðan settar tvær reglugerðir sem útfærðu og innleiddu nýja hugmyndafræði við vatnsvernd og vatnastjórnun annars vegar um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun, og hins

vegar um stjórn vatnamála. Jafnframt voru unnar breytingar á reglugerð um varnir gegn mengun vatns og reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns í sama skyni. Lög um stjórn vatnamála mynda ramma fyrir margar reglugerðir á sviði umhverfismála. Þær helstu eru reglugerð um neytluvatn, varnir gegn mengun vatns, reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns, reglugerð um fráveitur og skólp, reglugerð um meðhöndlun seyru, reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, reglugerð um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og reglugerð um mengunarvarnaeftirlit. Að auki tengjast tilskipanir ESB um flóð og haf lögum um stjórn vatnamála. Í lögum nær skilgreining á vatni yfir ár, stöðuvötn, árósa, sjávarlón, strandsjó, grunnvatn og jökla. Innleiðingartímabil stjórnar vatnamála samkvæmt hinu nýja kerfi er 2011-2015 og fyrsta framkvæmdatímabil vatnastjórnar er á árunum 2016-2021. Með lögum um stjórn vatnamála er komið á lögbundinni stjórnun og vernd vatns óháð stjórnsýslumörkum, samþættri vatnastjórnun óháð mismunandi stefnumörkun sveitarfélaga, og tímasettri áætlun um aðgerðir til að bæta ástand vatns eða viðhalda góðu ástandi þess.

Landið er eitt vatnaumdæmi og þar starfar vatnaráð, sem skipað er fimm fulltrúum, þremur frá ráðuneytum og tveimur fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hlutverk vatnaráðs er að vera ráðherra til ráðgjafar um stjórn vatnamála, hafa umsjón með gerð tillögu að vatnaáætlun,

aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun og gera tillögu til ráðherra um staðfestingu þeirra að fenginni tillögu Umhverfisstofnunar. Vatnaráð veitir ennfremur umsögn við gerð reglugerða sem settar eru á grundvelli laganna og fylgist með því hvernig markmiðum laga um stjórn vatnamála er náð. Á þriggja ára fresti skilar vatnaráð skýrslu til ráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga um kostnað sem af þessari nýju löggjöf hlýst og hvernig markmiðum laga um stjórn vatnamála er náð. Umhverfisstofnun annast daglegan rekstur vatnaráðs og er ráðinu til ráðgjafar. Umhverfisstofnun er jafnframt lögbært yfirvald stjórnar vatnamála. Vatnaráð var skipað í júní og hefur það þegar hafið störf og haldið tvo fundi á árinu.

Vatnaumdæminu er skipt niður í fjögur undirsvæði í reglugerð um stjórn vatnamála. Skiptingin í vatnasvæði er gerð á grundvelli vatnaskila. Í hverju undirsvæði sem kallað er vatnasvæði eru starfandi vatnasvæðisnefndir. Í vatnasvæðisnefndum eiga sæti fulltrúar sveitarfélaga, heilbrigðisnefnda, náttúruverndar- og umhverfisverndarnefnda, fulltrúar ráðgjafarnefnda hagsmunaaðila og fagstofnana og eftirlitsaðila. Fulltrúar í vatnasvæðisnefndum koma að gerð vatnaáætlunar, aðgerðaáætlana og vöktunaráætlunar, en Umhverfisstofnun sér um gerð þeirra í samvinnu við vatnasvæðisnefndirnar. Búið er að tilfærna fulltrúa í allar vatnasvæðisnefndirnar, og munu þær taka til starfa í byrjun árs 2012.

Í vatnaumdæminu starfa einnig tvær ráðgjafarnefndir sem ráðherra skipar, en það eru ráðgjafarnefnd fagstofnana og eftirlitsaðila og ráðgjafarnefnd

hagsmunaaðila og almennings. Hlutverk ráðgjafarnefndanna er að vera Umhverfisstofnun til ráðgjafar um atriði sem undir lögin um stjórn vatnamála heyrir. Ráðgjafarnefndirnar eiga fulltrúa í hverri vatnasvæðisnefnd. Umhverfisráðherra hefur óskað eftir tilnefningum í ráðgjafarnefndirnar og munu þær taka til starfa á vormánuðum 2012.

Vatnaáætlun

Markmiðum laga um stjórn vatnamála verður náð með gerð svokallaðrar vatnaáætlunar, sem er heilsteypt áætlun fyrir landið allt. Til að hægt sé að vinna vatnaáætlun þarf að byggja upp nýtt flokkunarkerfi fyrir vatn. Það er Hlutverk heilbrigðisnefnda að flokka vatn í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns. Flokkunarkerfið sem þar er mælt fyrir um verður aðlagð nýjum kröfum sem ganga út á að ástand vatns er metið út frá vistfræðilegum aðstæðum í vatninu. Aðferðafræði við flokkun vistkerfanna er lýst í reglugerð um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Til að hægt sé að flokka eftir nýja kerfinu þarf að skilgreina vatnshlot og skipta þeim í gerðir. Hugtakið vatnshlot er nýyrði sem þýðir allt það vatn sem er að finna í stöðuvatni, á eða strandsjó. Til að lýsa vistfræðilegu ástandi vatnshlota þarf að gera lýsingu á líffræðilegum þáttum vatnshlota sem lýsa mjög góðu, góðu, ekki viðunandi, slöku og lélegu vistfræðilegu ástandi viðkomandi vatnshlotagerðar. Það er gert með því að lýsa tegundasetningu og þéttleika lífvera í vistkerfinu miðað við ákveðinn mælikvarða,

Til að hægt sé að flokka eftir nýja kerfinu þarf að skilgreina vatnshlot og skipta þeim í gerðir

Ísland á miklar vatnsauðlindir og íbúar landsins nota manna mest af vatni

Á árinu var innleidd viðamikil löggjöf um stjórn vatnamála hér á landi



HELSTU ÞÆTTIR VATNAÁÆTLUNAR ERU FLOKKUN VATNS Í VATNSHLOT, KORTLAGNING ÁLAGS OG ÁHRIFA Á VATNSHLOT AF MANNAVÖLDUM, YFIRLIT YFIR VERNDUÐ SVÆÐI, UMHVERFISMARKMIÐ, AÐGERÐARÁÆTLUN OG VÖKTUNARÁÆTLUN.

svokallað vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR), og nær mælikvarðinn frá hlutfallinu 1 niður í 0, þar sem einn táknar náttúrulegt ástand og núll mjög raskað ástand.

Umhverfisstofnun er lögbært yfirvald og hlutverk hennar er að annast stjórnslu á sviði vatnsverndar. Umhverfisstofnun á að samræma vinnu við gerð vatnaáætlunar, aðgerðaáætlunar og vöktunaráætlunar og tryggja miðlun upplýsinga um vatnasvæðin. Umhverfisstofnun á að setja umhverfismarkmið fyrir vatnshlotin, vinna stöðuskýrslu um ástand vatnamála, þar sem m.a. kemur fram lýsing og gerð vatnshlota í vatnaumdæminu, flokkun vatnshlota og lýsing á helsta álagi og áhrifum af starfsemi manna á ástand vatns. Umhverfisstofnun annast einnig kynningar- og umsagnarferli áætlana og ber ábyrgð á skýrslugjöf. Við gerð vatnaáætlunar skal taka mið af öðrum áætlunum í vatnaumdæminu, s.s. skipulagsáætlun, rammaáætlun, samgönguáætlun og náttúruverndaráætlun.

Fjölmargin aðilar koma að gerð vatnaáætlunar. Umhverfisstofnun hefur samið við Veðurstofu Íslands um lýsingu og gerðarflokkun vatnshlota og um gerð upplýsingakerfis sem tengir saman gagnagrunna sem halda utan um gögn er varða vatnamál og birtir í gagnvirku landfræðilegu upplýsingakerfi. Umhverfisstofnun hefur einnig samið við Veidimálastofnun um vistfræðilega flokkun ferskvatnshlota og við Hafrannsóknastofnun um skiptingu strandsjárva í vatnshlot og vistfræðilega flokkun þeirra. Umhverfisstofnun hefur og samið við Orkustofnun um flokkun grunnvatnshlota með tilliti til efnafræðilegs ástand og magnstöðu. Aðrir aðilar sem koma að gerð vatnaáætlunar eru Matvælastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, heilbrigðisnefndir sveitarfélaga og vatnasvæðisnefndir ásamt almenningi.

Helstu þættir vatnaáætlunar eru flokkun vatns í vatnshlot, kortlagning álags og áhrifa á vatnshlot af mannavöldum, yfirlit yfir vernduð svæði, umhverfismarkmið, aðgerðaráætlun og vöktunaráætlun. Við gerð vatnaáætlunar er gert ráð fyrir víðtæku samráði við hagsmunaaðila og almenning, m.a. með opinberum kynningum. Hver vatnaáætlun gildir í sex ár í senn og á næstu sex ára tímabilum verður hún endurskoðuð og betrubætt. Gert er ráð fyrir að fyrsta vatnaáætlun Íslands taki gildi í byrjun árs 2016.

Áfanga- og verkáætlun vegna nýrrar löggjafar

Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála á fyrsta vatnaáætlunin að liggja fyrir 1. janúar 2018. Til þess að vera í sama takti og aðrar Evrópuþjóðir gerðu forstjórar þeirra ríkisstofnana sem sátu í stýrihópi Umhverfisstofnunar um innleiðingu vatnatilskipunarinnar samkomulag um að flýta gerð fyrstu vatnaáætlunar. Gert ráð fyrir að fyrsta vatnaáætlun fyrir landið liggja fyrir í lok árs 2015, þannig að Ísland mun skila sinni fyrstu áætlun á svipuðum tíma og aðrar Evrópuþjóðir skila annarri vatnaáætlun sinni. Þessi ákvörðun hefur í för með sér að aðrar áætlanir sem skila á með vatnaáætlun þurfa að vera tilbúnar á sama tíma. Um er að ræða vöktunaráætlun, sem skal liggja fyrir fyrri hluta sumars 2014 í stað 1. janúar 2015 og aðgerðaáætlun sem skal taka gildi eigi síðar en í lok árs 2015 í stað 1. janúar 2018.

Í því skyni að skipuleggja fyrirliggjandi verkefni hefur Umhverfisstofnun tekið saman áfanga- og verkáætlun um gerð vatnaáætlunar og er opinber kynning hennar liður í að styrkja almenna þátttöku í því vinnuferli. Í henni er greint frá forsendum og markmiðum vinnunnar, þeim verkefnum sem

framundan eru og tímasetningum opinberra kynninga og ákvarðana. Áætlunin lýsir því hvernig íslensk stjórnvöld og aðrir sem að málum koma munu vinna saman að því að koma á stýringu vatnamála með heildstæðri vatnaáætlun fyrir landið er taka mun gildi í lok árs 2015. Slík samvinna er talin nauðsynleg til að árangur náist. Áfanga- og verkáætlunin fór í kynningu 3. nóvember 2011.

Stefnt er að því að vinna við þau verkefni sem fyrir liggja verði eins opin og mögulegt er og að kallað verði eftir þátttöku opinberra aðila, atvinnulífs, félagasamtaka og almennings. Mun stofnunin því jafnóðum birta upplýsingar á heimasíðu sinni um framgang vinnunnar en slík upplýsingagjöf er ein meginforsenda fyrir virkri þátttöku hagsmunaaðila og almennings.

Þegar opinberar kynningar á vinnuáföngum standa yfir er vonast til að sem flestir taki þátt og komi með gagnlegar skriflegar ábendingar, athugasemdir, tillögur eða hugmyndir. Er almenningur hvattur til að leggja sitt að mörkum til að vel takist til við að koma á heildstæðri stjórn vatnamála á landinu.

Á meðan á vinnslu vatnaáætlunar stendur munu fara fram þrjár opinberar kynningar á mikilvægum þáttum vinnunnar:

- 1. Áfanga- og verkáætlun verður í kynningu frá 3. nóvember 2011 til 2. maí 2012.
2. Bráðabirgðayfirlit yfir mikilvæg atriði í vatnaáætlun verður í kynningu frá 1. október 2012 til 31. mars 2013.
3. Tillaga að vatnaáætlun verður í kynningu frá 1. júlí 2014 til 1. júlí 2015.

Flokkun vatna

Í reglugerð um flokkun vatnshlota, eiginleikagreiningu þeirra, álagsgreiningu og vöktun er að finna nýtt flokkunarkerfi fyrir ástand vatna sem nota skal í tengslum við stjórn vatnamála. Vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand vatnshlota og magnstaða grunnvatns verður ákvörðuð og sett fram í gagnagrunni/vefgátt um vatnshlot ásamt öðrum upplýsingum um vatnshlotin.

Flokkunarkerfi fyrir umhverfisástand vatnshlota má sjá á meðfylgjandi mynd. Matsflokkar fyrir yfirborðsvatn (stöðuvötn, ár, árósa, strandsjó) eru fimm en tveir fyrir gott efnafræðilegt ástand og magnstöðu grunnvatns. Vistfræðilegt ástand yfirborðsvatns miðast við lífríki vatnsins. Efnafræðilegt ástand yfirborðsvatns miðast við styrk tiltekinna mengunarefna, þungmálma og svokallaðra forgangsefna. Efnafræðilegt ástand grunnvatns miðast við rafleiðni og styrk mengunarefna (þungmálma og forgangsefna) og magnstaða miðast við stöðu grunnvatnsborðs

Vistfræðilegt ástand er metið á grundvelli nánar skilgreindra líffræðilegra gæðapátta (s.s. tegundasetningu, fjölda, lífmassa eða aldursdreifingu tiltekinna lífveruhópa, þ.e. plöntusvífs, háplantna og botnþörungna, botndýra eða fiska), vatnsformfræðilegra gæðapátta sem styðja líffræðilegu þættina, t.d. vatnsbúskaps, samfellu í straumvötnum (e. river continuity), lögun farvegs, s.s. breidd og dýpt, vatnshraða, botngerðar og gerðar og ástands aðliggjandi svæðis og að síðustu eðlis- og efnafræðilegra pátta sem styðja líffræðilegu þættina, t.d. hitabúskapar, súrefnisbúskapar, seltu, pH og næringarefnabúskapar.

Er almenningur hvattur til að leggja sitt að mörkum til að vel takist til við að koma á heildstæðri stjórn vatnamála á landinu

Stjórn vatnamála: ný hugtök

Með innleiðingu nýrrar stjórnskipunar fyrir stjórn vatnamála eru tekin í notkun nokkur ný hugtök sem ekki eru öllum töm eða þekkt og kunna að koma mörgum spánskt fyrir sjónir í fyrstu.

Vatnshlot er notað um afmarkaða vatnaeiningu, t.d. tiltekið stöðuvatn eða afmarkaðan hluta strandsvæðis, straumvatns eða grunnvatns. Þetta er þýðing úr ensku á orðunum „water body“ eða „body of water.“

Vistmegin er notað yfir ástand lífríkis í manngerðu eða mikild breyttu vatnshloti og skiptist samkvæmt gæðaflokkun í besta

vistmegin, gott vistmegin og óviðunandi vistmegin. Orðið er þýðing á enska hugtakinu „ecological potential.“

Flýtiáætlun er notað um þá ákvörðun að flýta gerð fyrstu vatnaáætlunar um tvö ár og færa tímamörk þegar umhverfismarkmiðum á að vera náð fram um þrjú ár. Þetta er gert til að Ísland fylgi öðrum ríkjum í Evrópu, þó þannig að þegar Ísland lýkur gerð fyrstu vatnaáætlunar ljúka hin ríkin sinni annarri.

Forgangsefni er notað um tiltekin manngerð efni sem ógna lífríki vatna. Lista yfir þau er að finna í reglugerð um varnir gegn mengun vatns með síðari breytingum.

Efnafræðilegar gæðakröfur merkja viðmiðunarmörk fyrir þungmálma og forgangsefni í vatni sem ekki má fara yfir.

Gæðapættir eru líffræðilegir þættir ásamt vatnaformfræðilegum, eðlis- og efnafræðilegum þáttum sem styðja líffræðilega þætti. Vistfræðileg flokkun byggir á gæðapáttum (e. quality elements).

Viðmiðunarástæður er skilgreining á eins konar náttúrulegu ástandi líffræðilegra gæðapátta í hverri gerð yfirborðsvatnshlota. Flokkunarkerfi fyrir ástand vatns byggir síðan á viðmiðunarástandi og frávikum frá því.

Umhverfisstofnun á að samræma vinnu við gerð vatnaáætlunar, aðgerðaáætlunar og vöktunaráætlunar og tryggja miðlun upplýsinga um vatnasvæðin.

Umhverfisstofnun hefur tekið saman áfanga- og verkáætlun um gerð vatnaáætlunar

Flokkar ástands			Umhverfis- markmið
Vistfræðilegt ástand ¹⁾	Efnafræðilegt ástand ²⁾	Magnstaða ³⁾	
Yfirborðs- vatnshlot	Yfirborðs- og grunnvatnshlot	Grunnvatnshlot	
Mjög gott			Náð
Gott	Gott	Góð	
Ekki viðunandi			
Slakt	Nær ekki góðu efnafræðilegu ástandi	Slök	Ekki náð
Lélegt			

1) Líffræðilegir, vatnsformfræðilegir og eðlisefnafræðilegir gæðapættir.
2) Umhverfismörk fyrir forgangsefni.
3) Staða grunnvatnsborðs.

1. mynd. Flokkunarkerfi fyrir ástand vatnshlota. Ef ástand tiltekins vatnshlots er undir rauða strikinu (ekki viðunandi, slakt, lélegt) skal grípa til aðgerða til að bæta það (ná mjög góðu eða góðu fyrir yfirborðsvatnshlot en góðu fyrir grunnvatnshlot). Sú regla gildir að koma skal í veg fyrir að gæði vatns versni, þ.e. að það falli um flokk. Rauða línán sýnir mörk sjálfbærrar notkunar vatnshlotsins.



Venjulegt umhverfismarkmið fyrir yfirborðsvatn er að það falli í betri efnafræðilega flokkinn, gott efnafræðilegt ástand, og í tvo bestu vistfræðilegu flokkana, mjög gott vistfræðilegt ástand eða gott vistfræðilegt ástand en fyrir grunnvatn að það falli í betri efnafræðilega flokkinn, gott efnafræðilegt ástand, og í betri magnstöðuflokkinn, gott ástand magnstöðu. Það er enn fremur markmið að ástand vatnshlots versni ekki.

Markmiðið er að hætta eða draga svo úr losun forgangsefna að styrkur þeirra forgangsefna sem einnig eru til staðar í vatnshlotum af náttúrulegum ástæðum jafngildi í mesta lagi bakgrunnstyrk þeirra í náttúrulegu vatni og að manngerð forgangsefni finnist þar alls ekki. Ef losun hættulegu forgangsefnanna er til staðar á hún að vera hætt fyrir 2020.

Drög að nýrri bráðamengunarreglugerð

Umhverfisstofnun hefur unnið að endurskoðun á reglugerð um bráðamengun hafs og stranda með fulltrúum í umhverfisnefnd Hafnarsambands Íslands. Markmið þessara breytinga er einkum að skýra betur ábyrgð og verksvið í viðbrögðum við

bráðamengun innan hafnarsvæða. Drögin hafa verið send hagsmunaaðilum og tengdum stofnunum til skoðunar og umsagnar.

Meðal nýmæla í þessari vinnu er að gengið er út frá því að svokölluð svæðisráð verði lögð af og hverri höfn verði gert að eiga viðeigandi búnað til að bregðast við mengunaróhöppum. Höfnum verði skipt í þrjá flokka eftir umfangi og stærð þeirra skipa sem ætla má að komi í höfn. Síðan er skilgreindur lágmarksbúnaður til þess að bregðast við mengunaróhöppum í hverjum stærðarflokki hafna. Áfram er gert ráð fyrir því að hver höfn geti kallað eftir meiri mengunarvarnabúnaði frá neyðarhöfn eða Umhverfisstofnun ef ástæða þyki til.

Í því skyni að styrkja samstarf milli Umhverfisstofnunar og hafna landsins um málefni sem varða viðbúnað og viðbrögð við bráðamengun innan hafnarsvæða verður sett á fót Mengunarvarnaráð hafna. Með ráðinu á að stuðla að samhæfingu á milli hafna í viðbúnaði, viðbragðsáætlunum og viðbrögðum við bráðamengun. Ráðið gerir tillögu til Umhverfisstofnunar um uppbyggingu og endurnýjun á bráðamengunarabúnaði í höfnum landsins og kemur með ábendingar og tillögur um innihald viðbragðsáætlana.

Þá eru í drögunum ákvæði um skil á upplýsingum um mengunarvarnaæfingar, notkun mengunarvarnabúnaðar, mat á ástandi hans og þörf á endurnýjun. Einnig er þar að finna upplýsingar um bráðamengunaróhöpp sem orðið hafa í höfninni og hvernig við þeim var brugðist. Talið er mikilvægt að afla betur gagna um umfang og eðli mengunaróhoppa og auka flæði upplýsinga þar um.

Aðrar breytingar sem unnið er að lúta að því að uppfæra ákvæði núgildandi reglugerðar í ljósi þeirrar þróunar sem hefur orðið á viðbúnaði og viðbrögðum við bráðamengunaróhöppum. Þannig er kveðið á um að Umhverfisstofnun, Landhelgisgæsla Íslands og Siglingastofnun Íslands skulu gera með sér skriflegt samkomulag um samvinnu, verkaskiptingu og viðbrögð við bráðamengun. Áfram er gert ráð fyrir að Umhverfisstofnun hafi yfirumsjón með viðbrögðum við bráðamengun hafs og stranda.

Mengunareftirlit með notkun gervitungla

Umhverfisstofnun tekur þátt í samstarfi Evrópuríkja um eftirlit með ólöglegri losun frá skipum með aðstoð gervitungla. Í því skyni hefur verið gerður samningur við Landhelgisgæslu Íslands um framkvæmd á vöktun á mengunarlögsögu Íslands, m.a. með gervitunglamyndum. Markmið samningsins er að vernda hafið og strendur Íslands gegn mengun og athöfnum sem stofnað geta heilbrigði manna í hættu,

skaðað lifandi auðlindir hafsins og raskað lífríki þess, spillt umhverfinu eða hindrað lögmæta nýtingu hafs og stranda.


Gervitunglamyndirnar koma frá Siglingaöryggisstofnun Evrópu (EMSA) í gegnum CleanSeaNet (CSN). Umhverfisstofnun er lögbært yfirvald þegar kemur að mengun hafsins í kringum Ísland og hefur yfirumsjón með notkun þjónustunnar. Landhelgisgæsla Íslands sér um framkvæmd við skipulagningu og móttöku á gervitunglamyndum í umbóði Umhverfisstofnunar.

Panta þarf myndir með nokkrum fyrirvara og eru það starfsmenn Landhelgisgæslunnar sem sjá alfarið um þann þátt. Mikilvægt er að upplýsingar um af hvaða svæði myndir eru pantaðar fari ekki víða svo ekki sé unnt að skipuleggja losun út frá því. Hver mynd tekur yfir a.m.k. 400 x 400 km svæði, svo með nokkrum gervitunglamyndum má fá yfirsýn yfir alla mengunarlögsögu Íslands.

Myndirnar koma forunnar til starfsmanna stofnananna þar sem búið er að greina skip og mengunarflekkir á sjónum ef um slíkt er að ræða. Myndirnar eru komnar inn á borð starfsmanna u.þ.b. hálfri klukkustund eftir að þær eru teknar. Einnig er hægt að samkeyra myndirnar með AIS-staðsetningarkerfi sjófarenda og þannig finna skip og báta sem eru nálægt hugsanlegum mengunarflekkjum.

EMSA setur skilyrði fyrir notkun á gervitunglamyndunum og við framkvæmd verkefnisins skal fylgja notkunarskilmálum sem EMSA setur. Samist hefur um að Landhelgisgæslan:

- Sjái um samskipti við CSN-kerfi EMSA um skipulag og greiningu gervitunglamynda og skipulagningu á fjölda mynda og staðsetningu þeirra í samræmi við



Skjámynd úr CleanSeaNet-kerfinu þar sem sýnd eru dæmi um svæði sem ein gervitunglamynd getur náð yfir og birtingarmyndir þeirra í kerfinu.

viðmiðanir og reglur EMSA, að höfðu samráði við Umhverfisstofnun.

- Taki á móti gervitunglamyndum og þeim greiningum sem gerðar hafa verið á þeim með tilkynningum um hugsanlega olíumengun og komi þeim áfram til viðeigandi aðila.
- Skipuleggi, eins og við á hverju sinni, eftirlitsflug í samræmi við áætlaðar tímasetningar gervitunglamynda og hafi til reiðu, eins og mögulegt er, farkost til að fara á svæðið og staðfesta olíumengun og magn.
- Taki saman skýrslu um eftirlitsferðir vegna CSN í samræmi við reglur þess um upplýsingagjöf.

Umhverfisstofnun tekur þátt í samstarfi Evrópuríkja um eftirlit með ólöglegri losun frá skipum með aðstoð gervitungla



Landhelgisgæsla Íslands, undir yfirstjórn innanríkisráðherra, hefur löngum annast eftirlit með hafsvæðum umhverfis Ísland, jafnt úr lofti sem af sjó. Með tilkomu gervitunglamynda opnast nýir möguleikar á að fylgjast með bráðamengunaróhöppum, bæði sem verða óviljandi sem og vítaverðri sleppingu á olíu eða olíumenguðu kjölvatni í sjóinn við Ísland. Landhelgisgæsla Íslands tilkynnir Umhverfisstofnun ef hún verður vör við mengun eða grunur leikur á mengun hafs eða stranda. Umhverfisstofnun, undir yfirstjórn umhverfisráðherra, hefur eftirlit með framkvæmd laga um varnir gegn mengun hafs og stranda. Mikils er vænst af þessu aukna samstarfi.

Vákort af Norður-Atlantshafi

Á undanförunum árum hafa margir litið Norðurhöf hýru auga og séð þar óteljandi möguleika í vinnslu jarðauðlinda, hvort sem það er námu-, olíu- eða gasvinnsla, fiskveiðar á opnu hafi utan lögsögu strandríkja, ferðamennsku eða flutningaleið milli Atlantshafs og Kyrrahafs. Í náinni framtíð er því fastlega búist við auknum siglingum stórra skipa um Norðurhöf í lögsögu Grænlands, Íslands, Færeyja og Noregs. Það er því mikilvægt að þessi lönd vinni saman að því að fylgjast með umferð og þróun hennar ásamt því að safna saman upplýsingum um viðkvæma náttúru norðurlóða og undirbúa viðbrögð við mengun af völdum olíu og/eða annarra efna.

Í ljósi þessa hafði Ísland frumkvæði að samnorraenu verkefni um samræmt vákort af norðurhluta Atlantshafsins, þ.e. frá suðurodda Grænlands, austur um til Noregs og allt svæðið þar á milli eins langt norður og hægt er. Verkefninu var ýtt úr vör sem einu af meginverkefnum formennsku

VÁKORTIÐ HEFUR FJÖLMARGA NOTKUNARMÖGULEIKA. MEGINHUGMYND VERKEFNISINS ER AÐ AÐSTOÐA VIÐBRAGÐSAÐILA EF (ÞEGAR) BRÁÐAMENGUNARÓHAPP VERÐUR

Íslands í Norðurlandaráði árið 2009 og var stýrt af Umhverfisstofnun með þátttöku fulltrúa frá Noregi, Færeyjum og Grænlandi. Í verkefninu var útbúið vefkort sem nýtti nýjustu tækni og það notað til að birta á einum stað upplýsingar um:

- náttúrufar, viðkvæm og verðmæt svæði, lífríki o.fl.
• áhættuþætti, siglingar, olíuvinnslu og annað sem gæti valdið mengun
• viðbragðsaðila, hverjir geta brugðist við og hvernig, staðsetningu búnaðar o.þ.h.

Markmið verkefnisins var að setja fram nokkuð greinargóðar yfirlitsupplýsingar um mjög stórt svæði en ekki að kafa djúpt í smáatriði tengd einstökum svæðum, heldur gert ráð fyrir að staðbundnar upplýsingaveitur einstakra landa myndu fylla út í þá mynd sem hér er birt. Kortið er aðgengilegt á umhverfisstofnun.is.

Vákortið hefur fjölmarga notkunarmöguleika. Meginhugmynd verkefnisins er að aðstoða viðbragðsaðila ef (þegar) það verður bráðamengunaróhapp á þessu hafsvæði, að á einum stað geti menn séð hvort (og þá hvaða) hagsmunir geti verið í hættu vegna óhappsins. Út frá því geta menn skipulagt aðgerðir, þ.m.t. hvort þar nálægt séu svæði sem sérstaklega þurfi að verja. Einnig er hægt að nota kortið við skoðun á umhverfisáhrifum nýrrar starfsemi eða hættu af nýjum siglingaleiðum o.s.v.frv.

Bráðamengunaróhöpp

Rólegt var á síðasta ári og ekki komu upp alvarleg bráðamengunaróhöpp við Ísland. Þó urðu nokkur tilvik hér við land án þess að af hlytist alvarleg mengun. Skipulag viðbragða vegna bráðamengunar hér á landi er að Umhverfisstofnun bregst við vegna atvika utan hafnar svæða en hafnarstjórar eru ábyrgir fyrir viðbrögðum við olíumengun í höfnum landsins. Eftirfarandi upptalning er byggð á skráningum Umhverfisstofnunar og tilkynningum hafnarstjóra.

Færeyska flutningaskipið Havfrakt tók niðri á grynningum utan við höfnina á Þórshöfn á Langanesi þann 11. janúar. Leki kom að skipinu og göt á jafnvægistanka skipsins. Ekki varð bráðamengun í þessu óhappi.

13. janúar var tilkynnt um að eistneska togskipið Eldborg væri á leið til hafnar í Hafnarfirði, en það var á veiðum við Austur-Grænland þegar það sigldi á ísjaka. Gat kom á byrðing skipsins og tank tvö sem innihélt um 17 þúsund lítra af IFO 30 olíu. Tók olían að leka í sjóinn. Áætlað er að á bilinu 1-2 þúsund lítrar af þunnri svartolíu hafi farið í sjóinn, að mestu á fiskislöð við Grænland. Þegar skipið kom til hafnar fór olía aftur að leka út en hafnaryfirvöld hreinsuðu hana upp. Þar sem meginhluti mengunarinnar átti sér stað utan íslenskrar lögsögu var ekki brugðist við atvikinu en skýrsla var tekin af skipstjóra vegna málsins.

Seinna í janúar varð aftur óhapp þegar Eldborg var að taka olíu við Eyjagarð í Örfirisey. Brugðist var við og olía hreinsuð úr höfninni.

18. febrúar sökk eistneska togskipið Merike suður af landinu þegar verið var að draga það til Danmerkur í brotajárn. Danski dráttarbáturinn Eurosund var með Merike í togi þegar tilkynnt var um að Merike hafi sokkið. Engin olía sást á sjónum enda hafi skipið verið tæmt af olíuefnum áður en haldið var úr höfn.

Í mars fór að bera á olíubrák í höfninni á Ísafirði. Framkvæmdir stóðu yfir við Sundahöfn en þar var verið að byggja nýjan garð og uppfyllingu og var efni dælt úr höfninni. Áætlað var að dæla 30 þúsund rúmmetrum af efni upp úr höfninni. Hafnarstjóri taldi að hugsanlega væri olían komin frá birgðastöðvum olíufélaganna í Mjósundum sem hefði safnast upp á botni hafnarinnar en brákin sæist nú þegar byrjað er að hreyfa við botnsetinu.

Um mitt sumar var tilkynnt um grútarfleck við Þórshöfn á Langanesi. Málið var rannsakað en enn er ekki ljóst hvaðan lýsið kom. Eitthvað sást af dauðum fugli í grútnum.

Á hverju ári sést brák við staðinn þar sem El Grillo liggur í Seyðisfirði. Í ágúst barst bréf frá heilbrigðiseftirliti Austurlands og þar kom fram að brák sést iðulega á firðinum yfir sumartímann. Árið 2001 var ráðist í mikla aðgerð við að hreinsa alla olíu úr skipinu sem hægt var og hefur ekki verið talið að

meira sé hægt að gera. Alltaf getur leynst olía milli bita og í afmörkuðum svæðum í skipinu án þess að hún uppgötvist eða að hægt sé að ná í hana með góðu móti.

Tvö flutningaskip tóku niðri í október. Þann 4. október festist flutningaskipið Kaprifol í höfninni á Þórshöfn og 7. október tók flutningaskipið Axel niðri á sandrifi í höfninni í Sandgerði. Bæði skipin losnuðu fljótlega af strandstað og urðu ekki alvarlegar skemmdir á skipunum né mengun frá óhöppunum.

5. nóvember strandaði flutningaskipið Alma í Hornafjarðarósi og missti stýrið. Nokkur hætta skapaðist um tíma en togskipið Hoffell tók Ölmur í tog og fór með hana til Fáskrúðsfjarðar. Engin mengun varð í þessu óhappi.

Viðbrögð við bráðamengun á sjó

Umhverfisstofnun vann að endurbótum á viðbragðsáætlun stofnunarinnar vegna bráðamengunaróhappa á sjó. Tilgangur með nýrri viðbragðsáætlun er að tryggja með sem bestum hætti rétt viðbrögð starfsfólks stofnunarinnar við bráðamengunarhættu og skilgreina betur en áður hlutverk og verkaskiptingu innan stofnunarinnar.

Áætlunin lýsir undirbúningi vegna fyrirbyggjandi aðgerða og hreinsunaraðgerða. Hún tengir saman aðgerðastjórn stofnunarinnar við aðra aðila sem koma til starfa við bráðamengunaróhöpp. Áætlunin byggir á skipulagi innan stofnunarinnar og samningi hennar við verktaka um geymslu og notkun á búnaði stofnunarinnar við bráðamengunaróhöpp.

Í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda segir: „Umhverfisstofnun ber ábyrgð á að aðgerðir gegn bráðamengun hefjist og annast stjórn á vettvangi.“ Einnig segir: „Þegar mengun hefur orðið á hafi úti skal Umhverfisstofnun grípa til aðgerða. Þegar hætta er talin á að mengun muni hljóta af strandi skips eða frá starfsemi á landi eða á hafi skal Umhverfisstofnun gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða draga úr

Tilgangur með nýrri viðbragðsáætlun er að tryggja með sem bestum hætti rétt viðbrögð starfsfólks stofnunarinnar við bráðamengunarhættu

Vákortið hefur fjölmarga notkunarmöguleika

Rólegt var á síðasta ári og ekki komu upp alvarleg bráðamengunaróhöpp við Ísland

LJÓST ER AÐ EF UM ALVARLEGT BRÁÐAMENGUNARÓHAPP ER AÐ RÆÐA, MUN ÞAÐ Hafa MIKIL ÁHRIF Á STARFSEMI UMHVÉRFSSTOFNUNAR. KALLA ÞARF STARFSFÓLK ÚR HEFÐBUNDNUM STÖRFUM OG SKULU STÖRF VIÐ VIÐBRAGÐS- AÐGERÐIR Hafa FORGANG UMFRAM ÖNNUR STÖRE.

Við bráðamengunar-óhapp á sjó skal alltaf fyrst líta til björgunar mannlífa og að koma fólki sem er innan áhrifsvæðis af óhappinu í var

hættu á mengun.“ Um búnað stofnunarinnar segir: „Umhverfisstofnun skal hafa yfir að ráða flytjanlegum mengunarnabúnaði til að takast á við óhöpp utan og innan hafnarsvæða eftir því sem þörf er á.“

Verði bráðamengunaróhapp utan hafnarsvæða skal vettvangsstjóri, skipaður af Umhverfisstofnun, ákveða hvenær hefja skuli aðgerðir gegn bráðamengun og segja til um hvenær þeim er lokið.

Vettvangsaðgerðir skulu eftir því sem kostur er taka mið af fyrirliggjandi viðbragðsáætlunum. Þannig skal neyðarskipulag almannavarna ávallt notað þegar ætla má að almenningi stafi bráð hætta af menguninni. Tryggja skal þó að tæknileg stjórnun á takmörkun útbreiðslu og hreinsun bráðamengunar sé áfram í höndum vettvangsstjóra, skipuðum af Umhverfisstofnun.

Við bráðamengunaróhapp á sjó skal alltaf fyrst líta til björgunar mannlífa og að koma fólki sem er innan áhrifsvæðis af óhappinu í var. Lögregluþingvöld og Landhelgisgæsla Íslands hafa yfirstjórn yfir þessum þætti. Vettvangsstjóri Umhverfisstofnunar mætir á staðinn og virkjar viðbragðsáætlun stofnunarinnar. Vettvangsstjóri setur sig í samband við lögregluþingvöld á staðnum, fulltrúa Landhelgisgæslu og Siglingastofnunar ásamt fulltrúum heilbrigðisnefndar og umhverfisnefndar sveitarfélags og sveitarstjóra. Tekur hann síðan til við að meta ástand, s.s. hvort olíumengun sé til staðar, hvernig aðgengi er að staðnum ef kalla þarf til verktaka með mengunarnabúnað stofnunarinnar, o.s.frv.

Á ákveðnum tímamarki, þegar lögregluþingvöld og Landhelgisgæslan meta það svo, er yfirstjórn aðgerða á svæðinu skilað í hendur vettvangsstjóra Umhverfisstofnunar.

Til þess að aðgerðir gangi sem best hefur verið útbúið skipurit með skilgreindum verksviðum nokkurra aðila



innan stofnunarinnar og verktaka á vegum hennar. Skipuritið skilgreinir verksvið lykilstarfsmanna.

Ljóst er að ef um alvarlegt bráðamengunaróhapp er að ræða, mun það hafa mikil áhrif á starfsemi Umhverfisstofnunar. Kalla þarf starfsfólk úr hefðbundnum störfum og skulu störf við viðbragðsaðgerðir hafa forgang umfram önnur störf.

Umhverfisstofnun hefur um árabíl haft skriflegan samning við Olíudreifingu ehf um viðbrögð við bráðamengun. Olíudreifing veitir Umhverfisstofnun aðgang að tækjum og mannskap komi til bráðamengunar á hafi eða við strendur landsins sem stofnunin þarf að sinna. Ákveðnir starfsmenn, s.s. iðnaðarmenn og starfsmenn birgðastöðva, hljóta þjálfun í viðbrögðum við slíkum óhöppum undir handleiðslu Umhverfisstofnunar. Olíudreifing skuldbindur sig síðan til að veita Umhverfisstofnun aðstoð innan tiltekinn tíma á ákveðnum svæðum með þeim aðilum sem hlotið hafa þjálfun. Að auki verður allur búnaður Umhverfisstofnunar til viðbragða við bráðamengun geymdur í húsnæði Olíudreifingar í Örfrisey og viðhaldið eftir þörfum af starfsmönnum félagsins.

Í ljósi þess hve stór og alvarleg bráðamengunaróhöpp eru sjaldgæf hér við land hefur ekki verið talið forsvaranlegt að binda fé í mikinn sérhæfðan

tækjabúnað eða hafa til reiðu það stóran hóp sem hefði hlotið þjálfun í viðbúnaði og viðbrögðum að hægt væri að ráða við öll tilvik hér á landi. Þess í stað hefur verið lögð áhersla á að styrkja samvinnu og samstarf við nágrannaþjóðir. Hér er annars vegar um að ræða svokallað Kaupmannahafnarsamkomulag um gagnkvæma aðstoð Norðurlandanna vegna mengunaróhappa og hins vegar þátttöku í samstarfi Evrópuþjóða í viðbrögðum við bráðamengun sem starfar undir hatti Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (EMSA). Með þátttöku í þessu samstarfi er tryggður aðgangur að sérhæfðum skipum, búnaði og tæknikunnáttu í stórum mengunaróhöppum.

Móttaka í höfnum á úrgangi frá skipum

Árið 2010 gerði Siglingaöryggisstofnun Evrópu (EMSA) úttekt á hafnaraðstöðukerfi á Íslandi m.t.t. þess hvort það uppfyllti kröfur tilskipunar Evrópusambandsins 2000/59/EB. Sú tilskipun var innleidd hér á landi með reglugerð um móttöku á úrgangi frá skipum. Siglingaöryggisstofnun Evrópu gerði nokkrar athugasemdir við framfylgd tilskipunarinnar hér á landi, þ.á m. þær að ekki bærust tilkynningar um úrgang og farmleifar í skipum, engin íslensk höfn hefði þróað áætlun um móttöku og meðferð úrgangs og farmleifa og að gjaldtaka fyrir móttöku á úrgangi væri ekki í samræmi við tilskipun

Evrópusambandsins. Í kjölfar þessarar úttektar hefur Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) óskað eftir viðbrögðum frá íslenskum stjórnvöldum um hvernig þau hyggist bregðast við athugasemdum EMSA og tryggja framkvæmd reglugerðarinnar.

Umhverfisstofnun hefur ásamt umhverfisráðuneyti skoðað hvernig best verði komið til móts við athugasemdir EMSA. Í framhaldi af því hefur Umhverfisstofnun í samstarfi við Siglingastofnun Íslands unnið að því að tilkynningar um úrgang í skipum berist í gegnum SafeSeaNet (rafrænt tilkynningakerfi um skipakomur) til að tryggja að íslenskum skipum berist slíkar tilkynningar frá skipum. Þá hefur Umhverfisstofnun óskað eftir því við hafnaryfirvöld á Íslandi að hafin verði vinna við gerð áætlana um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa frá skipum. Nú þegar hafa borist áætlanir frá nokkrum höfnum sem Umhverfisstofnun mun yfirfara og afgangi í samræmi við ákvæði reglugerðar.

Umhverfisráðuneyti vinnur að nauðsynlegum breytingum á lögum vegna athugasemda EMSA. Sú endurskoðun ásamt endurskoðun á fyrirkomulagi gjaldtöku fyrir móttöku á úrgangi mun fara fram í samráði við Umhverfisstofnun, hafnaryfirvöld og aðra aðila sem málið varðar.

Árið 2010 gerði Siglingaöryggisstofnun Evrópu (EMSA) úttekt á hafnaraðstöðukerfi á Íslandi



UMHVERFISSTOFNUN

MARKMIÐ 2008-2012

DRAGA ÚR MYNDUN ÚRGANGS OG AUKA ENDURVINNSLU HANS



ÚRGANGUR OG ENDURVINNSLA

HERTAR REGLUR UM SORPBRENNSLU VORU INNLEIDDAR Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2003 Í GEGNUM EES-SAMNINGINN. Í TENGLUM VIÐ ÞÁ INNLEIÐINGU VAR SAMIÐ UM UNÐANÞÁGU FRÁ REGLUNUM ÞANNIG AÐ ELÐRI SORPBRENNSLUR Á ÍSLANDI Á ÞEIM TÍMA ÞYRFTU EINUNGIS AÐ UPPFYLLA KRÖFUR ELÐRI TILSKIPUNAR EN EKKI ÞÆR HERTU KRÖFUR SEM FÓLUST Í ÞEIRRI NÝJU.



Díoxín

Talið er að rúm 90% af því díoxíni sem maðurinn fær í sig komi úr fæðunni

Díoxín er þrávirkt lífrænt efni sem getur valdið heilsutjóni í dýrum og mönnum. Rannsóknir benda til þess að áhrifin séu minni í mönnum en tilraunadýrum. Rúm 90% af því díoxíni sem maðurinn fær í sig kemur í gegnum fæðu, sérstaklega úr feitum mat, s.s. mjólkurvörum, kjöt- og fiskmeti. Talið er að tæp 2% af díoxíni í mönnum megi rekja til innöndunar.

Losun díoxíns á Íslandi er minni en hjá nágrannaþjóðum okkar. Á síðastliðnum 20 árum hefur dregið hratt úr losun díoxíns í heiminum og minnkaði losun í ESB-27 ríkjunum úr 11 kg árið 1990 niður í rúm 2 kg árið 2008. Ísland losaði um 11 grömm árið 1990 en um 4 g árið 2008. Finnland losar lítið miðað við flestar Evrópuþjóðir, eða aðeins rúmlega 15 g á ári, álíka og Írland. Noregur losaði um 20 g á árinu 2008 en Svíþjóð rekur lestina meðal Norðurlandþjóða með rúm 35 g á ári. Bretland losaði um 200 g árið 2008.

Hertar reglur um sorpbrennslu voru innleiddar á Íslandi árið 2003 í gegnum EES-samninginn

Umhverfisstofnun tók saman skýrslu árið 2010 um losun ýmissa þrávirkra lífrænna efna, þar sem m.a. kemur fram að dregið hefur úr heildarlosun díoxíns á Íslandi um 66% frá 1990 til ársins 2008 og um 82% í sorpbrennslu og úrgangsméðhöndlun. Heildarlosun var 11,3 g I-TEQ (díoxínigildi) árið 1990 en 3,9 g I-TEQ árið 2008. Á

árinu 2008 var losun frá áramótabrennum 1,8 g I-TEQ og frá sorpbrennslum og orkuiðnaði 0,6 g I-TEQ af díoxín. Ástæðan fyrir því að heildarlosun hefur dregist saman er fyrst og fremst að mörgum opnum og eldri sorpbrennslum hefur verið lokað og reglur um sorpbrennslu frá árinu 2003 voru hertar.

Ekki hafa verið sett ákveðin umhverfismörk fyrir díoxín í umhverfinu né heldur hámark heildarlosunar díoxíns í hverju landi. Almenn er miðað við hve mikið menn fá í sig í gegnum fæðu og eftirlit er haft með magni díoxíns í matvælum. Á heimasíðu Alþjóðah eilbrigðisstofnunarinnar eru sett fram drög að mörkum varðandi inntöku og eru þau 70 þg á hvert kg líkamsþyngdar á mánuði. Enda er talið að rúm 90% af því díoxíni sem maðurinn fær í sig komi úr fæðunni.

Sorpbrennsla og díoxín

Brennsla úrgangs er algeng í Evrópu en hefur verið á undanhaldi hér á landi allra síðustu ár. Í desember 2010 voru starfandi hér á landi sex sorpbrennslustöðvar, en þá mældist díoxín í mjólk frá bónda í nágrenni sorpbrennslustöðvar

Funa í Skutulsfirði og var þeirri stöð lokað í kjölfarið. Vorið 2011 lokaði síðan sorpbrennslan að Svínafelli í Örafum.

Hertar reglur um sorpbrennslu voru innleiddar á Íslandi árið 2003 í gegnum EES-samninginn. Í

tengslum við þá innleiðingu var samið um undanþágu frá reglunum þannig að eldri sorpbrennslur á Íslandi á þeim tíma þyrftu einungis að uppfylla kröfur eldri tilskipunar en ekki þær hertu kröfur sem fólust í þeirri nýju. Náði undanþágan til fjögurra sorpbrennslu: í Vestmannaeyjum, í Skutulsfirði, á Kirkjubæjarklaustri og á Svínafelli í Örafum. Í undanþágunni fólst m.a. að magn ryks var heimilt allt að 100 mg/m³ í stað 10 mg/m³, ekki var gerð krafa um símælingar á ýmsum þáttum í útblæstri og einungis var gerð krafa um eina mælingu á díoxíni fyrir árslok 2008 en engin mörk fyrir losun díoxíns tilgreind í útblæstri. Díoxínmælingar voru gerðar í eldri sorpbrennslum árið 2007. Kveðið var á um í undanþáguákvæðunum að þau skyldi endurskoða að fimm árum liðnum.

Eftir að kom í ljós aukin uppsöfnun á díoxíni sem rekja mætti til sorpbrennslunnar Funa lagði Umhverfisstofnun það til við umhverfisráðherra að draga til baka ofangreinda undanþágu þannig að starfandi sorpbrennslum verði gert að uppfylla hertari kröfur tilskipunarinnar. Nýjar mælingar á styrk díoxíns í útblæstri voru gerðar í eldri sorpbrennslum á fyrri hluta árs 2011. Þá hafði sorpbrennslunni Funa þegar verið lokað en mælingar voru gerðar í Sorpbrennslunni í Vestmannaeyjum, á Kirkjubæjarklaustri og Svínafelli í Örafum. Niðurstöður díoxín-mælinga árin 2007 og 2011 má finna í meðfylgjandi töflu. Til samanburðar eru díoxín-mælingur frá nýrri brennslum sl. þrjú ár, þ.e. frá sorpbrennslunni á Húsavík og sorpbrennslunni Köllu á Suðurnesjum.

Eldri brennslur	2007 (ng/m ³)	2011 (ng/m ³)
Vestmannaeyjar	8,4	12,5
Skutulsfirður	2,1	-
Kirkjubæjarklaustur	9,5	5,8
Svínafell	-	28,7

Nýrri brennslur	2009 (ng/m ³)	2010 (ng/m ³)	2011 (ng/m ³)
Húsavík	0,37	0,05	0,71
Kalka	0,06	0,59	0,12

Losun díoxíns

Í árslok 2011 eru fjórar starfandi sorpbrennslur á Íslandi. Tvær eldri sorpbrennslustöðvar sem starfa samkvæmt ofanefndri undanþágu, og tvær nýrri stöðvar, sorpbrennslan Kalka á Suðurnesjum og sorpbrennslan á Húsavík, sem þurfa að uppfylla hertar kröfur sem gerðar eru til sorpbrennslu. Losunarmörk fyrir díoxín í útblæstri fyrir nýjar sorpbrennslustöðvar er 0,1 ng/m³ en engin mörk eru á losun díoxíns skv. undanþágunni hjá eldri sorpbrennslum.

Sorpbrennslustöðvar eru dýrari förgunar- og ráðstöfunarleið fyrir úrgang en urðun, sem endurspeglast í hærra gjaldi í gjaldskrá þessara stöðva. Hins vegar er gerð krafa um að brenna tiltekinn smitnæman úrgang, s.s. afurðir sem unnar eru úr slátur- og dýraleifum úr 1. áhættuflokki. Einnig er æskilegt að brenna sóttmengaðan úrgang, lyfjaleifar og önnur spilliefni. Brennsla með orkunýtingu var sjö tonn árið 1995, náði hámarki 2007 í 26 tonnum en var 20 tonn árið 2009.

Sorpbrennslustöðvar eru dýrari förgunar- og ráðstöfunarleið fyrir úrgang en urðun



Díoxín í jarðvegi

Tekin voru 50 sýni af jarðvegi út um allt land

Eftir að í ljós kom að díoxín mældist í mjólk á býli í nágrenni sorpbrennslu Funa í Skutulsfirði tók Umhverfisstofnun þá ákvörðun að gera könnun á uppsöfnun þess í jarðvegi og meta tengsl við losun díoxíns út í umhverfið frá mismunandi uppsprettum. Ákveðið var að taka sýni í nágrenni við hugsanlegar uppsprettur díoxíns, s.s. sorpbrennslu, stóriðju og áramótabrenna. Sýni voru tekin eftir að frost fór úr jörðu og send utan til greiningar. Tekin voru 50 sýni af jarðvegi út um allt land, 27 sýni í nágrenni sorpbrennslu bæði starfandi og aflagðra, 10 í nágrenni iðnfyrirtækja, 4 sýni úr jarðvegi í brennustæðum og 9 viðmiðunarsýni. Einnig var tekið sýni úr sjávarseti í Skutulsfirði (í nágrenni við brennslustöð) og úr sjávarseti úr Álftafirði til viðmiðunar. Sýnataka fór fram seinni hluta maí mánaðar 2011.

Við mat á niðurstöðum úr mælingum á díoxíni í jarðvegi studdist Umhverfisstofnun við þýsk umhverfismörk

Við mat á niðurstöðum úr mælingum á díoxíni í jarðvegi studdist Umhverfisstofnun við þýsk umhverfismörk, en ekki eru til umhverfismörk í íslenskum reglugerðum. Lægstu mörk eru við 5 pg/g (lægstu aðgerðarmörk). Þegar díoxín mælast á bilinu 5-40 pg/g (WHO-PCDD/F TEQ) er brugðist við með því að finna uppsprettu losunarinnar og takmarka losun frá henni en ekki er talin þörf á því að takmarka nýtingu eða skipta um jarðveg.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir þýsk umhverfismörk og varnaraðgerðir:

Summa díoxíns (WHO PCDD/F-TEQ)	Aðgerðir og tegund svæðis
< 5 pg/g jarðvegs	Engar aðgerðir.
5-40 pg/g jarðvegs	Ef uppsprettan finnst í nágrenninu, ætti að minnka áhrifin.
40-100 pg/g jarðvegs	Ef uppsprettan finnst í nágrenninu, skal minnka áhrifin. Eftirfarandi landbúnað ætti að forðast: ræktun lágvaxinna berjarunna, grænmetis og plantna. Takmarka húsdýrahald.
> 100 pg/g jarðvegs	Hreinsun á jarðvegi á leiksvæðum, jarðvegur skal hreinsaður eða honum skipt út.
> 1000 pg/g jarðvegs	Hreinsun á jarðvegi á búsvæðum. Jarðvegur skal hreinsaður eða honum skipt út.
> 10000 pg/g jarðvegs	Hreinsun á jarðvegi á iðnaðarsvæði. Jarðvegur skal hreinsaður eða honum skipt út.

Díoxín í nágrenni sorpbrennslu

Hæsti styrkur díoxíns í þessari rannsókn mældist í sjávarseti í Skutulsfirði, í botni fjarðarinnar skammt frá sorpbrennslunni Funa. Sú niðurstaða kemur ekki á óvart þar sem auk þurrhrensibúnaðar til mengunarvarna í sorpbrennslunni var notaður vothrensibúnaður og skolvatnið leitt til sjávar. Ekki eru til sérstök mörk fyrir díoxín í seti, en að óbreyttu leggur Umhverfisstofnun ekki til að gripið verði til aðgerða þar, enda þegar búið að stöðva mengunarvaldinn.

Í fjórum jarðvegssýnum af níu í nágrenni við sorpbrennsluna Funa mælist styrkur díoxíns í jarðvegi rétt við lægstu aðgerðarmörk sem eru 5 pg/g. Ekki þarf að grípa til aðgerða þar né takmarka landnotkun þar sem sorpbrennslu hefur þegar verið hætt og því ætti ekki að vera um meiri uppsöfnun á díoxíni að ræða. Þar sem styrkur díoxíns var mældur í jarðvegi undir slegnu túni og borinn saman við styrk í jarðvegi í afgirtum reit við hliðina, kemur í ljós að magn díoxíns í jarðvegi undir túnum er mun lægra. Því má áætla að díoxínmengun sem mældist í heysýnum fyrr á árinu skýri að hluta lægri styrk í jarðvegi. Þannig hafi ákomin mengun frá sorpbrennslu verið fjarlægð með heyinu. Einnig gæti hluti skýringa á því hvers vegna lágur styrkur mælist í sumum sýnum í jarðveginum

í nágrenni sorpbrennslustöðvarinnar legið í því að á þau hafi verið beitt.

Díoxín í jarðvegi í nágrenni við sorpbrennsluna á Kirkjubæjarklaustri og á Svínafelli í Örafum mældist undir mörkum. Sömuleiðis mældist díoxín í jarðvegi í nágrenni Sorpeyðingarstöð Suðurnesja og Sorpeyðingarstöð Norðurþings undir mörkum.

Loks mældist díoxín yfir lægstu aðgerðarmörkum í nágrenni við sorpbrennsluna í Vestmannaeyjum. Umhverfisstofnun lagði til í janúar 2011 að eldri brennslum, þar á meðal í Vestmannaeyjum, verði gert að uppfylla hertari skilyrði um losun mengandi efna, þar á meðal díoxíns fyrir árslok 2012. Umhverfissráðherra hefur ákveðið að eldri sorpbrennslur fái frest til 1. janúar 2013 til að laga sig að hertum kröfum.

Díoxín við áramótabrennur

Jarðvegssýni sem tekin voru við áramótabrennur voru undir mörkum við Ægissíðu og Rauðavatn, rétt yfir lægstu aðgerðarmörkum í Herjólfssdal en hæst gildi voru í jarðvegi við brennustæði í Skutulsfirði. Hvað varðar brennu í Skutulsfirði er um að ræða tvær uppsprettur díoxíns og hefur losun

Hæsti styrkur díoxíns í þessari rannsókn mældist í sjávarseti í Skutulsfirði, í botni fjarðarinnar skammt frá sorpbrennslunni Funa



Yfirlit yfir niðurstöður úttektar Umhverfisstofnunar 2011

Staður	Vegna	Lýsing á sýnatökustað	WHO-PCDD/F TEQ pg/g
Funi, Skutulsfjörður, Engidalur	Aflögð sorpbrennsla	Á grónu svæði í um 500 m fjarlægð NA frá Funa.	4,70
-	-	Á grónu svæði í um 250 m fjarlægð NA frá Funa.	5,15
-	-	Á grónu svæði við Langá í um 250 m fjarlægð SV frá Funa.	0,996
-	-	Á grónu svæði við Langá í um 500 m fjarlægð SV frá Funa.	1,04
-	-	Á grónum lundum í um 1000 m fjarlægð SV frá Funa, afgirt.	4,25
-	-	Á túni í um 1000 m fjarlægð SV frá Funa.	1,08
-	-	Á grónu svæði í um 1500 m fjarlægð SV frá Funa, neðan við fjós við bæinn Efri- Engidal.	1,28
-	-	Á grónu svæði við bæinn í landi Fossa í um 2000 m fjarlægð S frá Funa.	1,15
-	-	Sjávarset á botni fjarðarins á fjöru út frá Funa.	33,0
Holtahverfi, Skutulsfjörður	-	Á grónu svæði við Holtabraut í um 1600 m fjarlægð NV frá Funa.	5,27
Hnífsdalur	Aflögð sorpbrennsla Skarfasker	Á öröskubu og grónu svæði í hlíð ofan við veg og framan við vegskála utan raskaðs svæðis vegna gangagerðar í um 150 m fjarlægð frá sorpbrennslunni á Skarfaskeri.	1,02
-	-	Á grónu svæði við byggð í Hnífsdal í um 750 m fjarlægð SV frá sorpbrennslunni á Skarfaskeri.	12,1
Kirkjubæjar-klaustur	Sorpbrennsla	Sýni tekið í trjálundi við prestbústað á Kirkjubæjarklaustri. Grasi vaxinn skógarbotn, mikil aska yfir sverðinum.	1,41
-	-	Á árbakka suðvestan við sorpbrennslu. Árbakki grasi gróinn með hvönn og víði. Aska yfir sverði.	0,937
-	-	Á skólalóð. Þarna er grasblettur sem er sjaldan sleginn. Aska yfir sverði.	1,58
-	Aflögð sorpbrennsla	Á svæði NV við gamla sorpbrennslu. Gróinn sandur með lyngi og grösom. Aska yfir sverði.	0,906
Vestmannaeyjar	Sorpbrennsla	Vestan við sorpbrennsluna, í um 250 m fjarlægð frá henni. Þunn gróðurþekja yfir moldarblönduðum vikri.	24,5
-	-	Í um 670 m fjarlægð V við sorpbrennsluna. Grasi vaxin brekka skammt frá göngustigi.	1,63
Svínafell í Örafum	Sorpbrennsla	Af skurðbakka SA við sorpbrennslu. Skurðbakki grasi gróinn og bitinn af sauðfé. Aska í sverði.	0,949
-	-	Í grasbrekku neðan við fjós. Brekkan er ekki slegin en beitt. Aska í sverði.	1,15
Húsavík	Sorpbrennsla, Höfði	Norðan við stöðina á grónu landi austan varnargirðingar við klettabrún. Girðingin enda 20-30 m N sýnatökustaðar og gengt er fyrir hana.	1,01
-	-	Norðan við stöðina á afgirtu gömlu túni sem hefur lengi verið nýtt sem hestahólf.	1,41
-	Sorpbrennsla Húsavík	Norðvestan stöðvarinnar, um 300 m austan Þjóðveggar 85 að Húsavík og um 30 m NA afleggjara að bænum Kaldbak. Lyngmói.	0,980
-	-	Sunnan stöðvarinnar í Lyngmóa.	1,18
Reykjanes	Sorpbrennsla Fitjum	Norðan við aflagða sorpbrennslu. Tekið í mosavöxnum lyngmóa, með rofblettum og lúpinu.	4,13
-	-	Vestan við aflagða sorpbrennslu. Tekið í mosavöxnum lyngmóa, með rofblettum og lúpinu.	4,60
-	Sorpbrennsla Kalka, Helguvík	Norðan við sorpbrennslu Köllu í Helguvík, í lyngmóa með mosa og grösom.	1,00
-	-	Austan við kirkjugarð vestan sorpbrennslu Köllu við Helguvík. Grýttur lyngmói með miklum mosa.	1,09
-	Alur, Helguvík	Suðvestan við Al í Helguvík. Grýttur mói og mosavaxinn. Grunnur jarðvegur.	1,03
-	-	Norðaustan við Al í Helguvík. Grasmói með kræki- og beittilyngi og hreindýramosa. Rofblettir.	1,09
Grundartangi	Norðurál og Elkem	Suðvestan við verksmiðju Elkem. Grýttur grasmói með talsverðum mosa í sverði.	1,03
-	-	Norðaustan við álver Norðuráls. Hrísmói, aðeins blautur og sýni því tekin úr þúfum.	1,25
-	-	Norðvestan við álver Norðuráls. Grasmói á mel. Nokkur mosi.	1,02
Hafnarfjörður	Gámur Hringhenda	Sýni tekið við jaðar golfvallar Keilis í mosavöxnu hrauni með lyngi. Jarðveg aðallega að finna í dældum og þar er gróið yfir með grasi	1,70
Straumsvík	Álver	Sýni tekið í grónu hrauni vestan við álverið. Hraun vel gróið á þessu svæði og sýni tekið í grasmóa.	1,02
Reyðarfjörður	Álver	Í lyngmóa, u.þ.b. 100 m norðan (ofan) við gamla vegin milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar. Gróðurlag þunnt, vart meira en 5 cm.	1,27
-	-	Í grónu landi á vestri bakka lækjarfarvegur sem liggur NS. Svæðið er óraskað.	1,69
Akranes	Sementsverk-smiðja	Í gömlum húsagarði NV við Sementsverksmiðjuna. Lóðin er í órækt og hús horfið. Hugsanlega eitthvað slegið.	1,46
Reykjavík	Brenna, Ægisíða	Á brennustæði við Ægisíðu. Grasi sjávarmegin við brennustæðið, troðið af göngufólki og líklega ekki slegið.	2,14
-	Brenna, Rauðavatn	Á brennustæði við Rauðavatn. Graspúst með lúpinu.	1,18
Vestmannaeyjar	Herjólfssdalur, brenna	Úr brennustæði í grasvaxinni brekku norðan við Fjósaklett.	5,54
Skutulsfjörður	Hauganes, brenna	Sýni tekið í brennustæðinu á Hauganesi.	13,5

Staður	Vegna	Lýsing á sýnatökustað	WHO-PCDD/F TEQ pg/g
Snæfellsnes	Viðmiðunarsýni	Sýni tekið sunnan við Staðarstað í Staðarsveit. Holt úti í mýri, mosi og grös.	1,10
Álfafjörður	-	Sjávarset tekið í botni fjarðarins á fjöru.	1,39
-	-	Á grónu óhreyfðu svæði fyrir botni fjarðarins.	0,933
Seyðisfjörður	-	Sýni var tekið við sauðfjárrétt, innan við golfvöll Seyðisfirðinga. Svæðið var grasi gróið en utan ræktaðra túna.	1,57
Vogar, Suðurnes	-	Sýni tekið suðaustan við Voga í mosavöxnu hrauni með lyngi og grösom.	0,990
Borgarfjörður	-	Sýni tekið í landi Litla Skarðs. Gróið melholt með mosa, lyngi og birki.	1,02
-	-	Sýni tekið við sunnanverðan Borgarfjörð inn af Borgarfjarðarbrú. Hris og lyngmói.	0,985
Fnjóskadalur	-	Sýni tekið austan Grenivíkurvegur um 500 m norðan hringvegur. Hæsti hluti á þýfðum bala við bugðu á allvatnsmiklum læk, lágvaxið kjarr í grennd.	0,980
Austur-Landeyjar	--	Sýni tekið í þýfðum grasmóa sem er beittur. Aðeins stór í hluta móans sem er framræstur. Sýni tekin úr þúfum sem eru þurrari.	0,937
-	-	Sýni tekið í jaðri Birkiskógar næri Næfurholti. Gróinn mosa og grösom.	1,00

Þegar verið stöðvuð frá sorpbrennslunni. Í ljósi þess að heilbrigðiseftirlit á hverjum stað hefur eftirlit og gefur út leyfi fyrir áramótabrennum er þess gætt, eins og kostur er, að efniviður brennanna sé þannig að sem minnst verði til af díoxíni við brunann. Umhverfisstofnun telur því ekki þörf á að takmarka slíkar brennur.

Díoxín við stóriðju og aflagðar sorpbrennslur

Ekkert af sýnum sem tekin voru í nágrenni við stóriðju reyndust vera með gildi yfir mörkum. Í einu sýni, úr Hnífsdal í nágrenni við aflagða sorpbrennslu á Skarfaskeri, var styrkur díoxíns yfir lægstu aðgerðamörkum en ekki er þörf á aðgerðum í ljósi þess að sorpbrennsla fer ekki fram í nágrenninu lengur.

Niðurstöður

Á heildina litið er niðurstaða mælinganna sú að díoxín í jarðvegi er í öllum tilvikum undir þeim mörkum sem kalla á takmarkanir á nýtingu, hreinsun jarðvegs eða geta skapað hættu fyrir almenning og lífríki. Almennigur þarf ekki að hafa áhyggjur af því að rækta í jarðvegi, tína ber eða nýta aðrar náttúruafurðir. Þegar díoxín mælast á bilinu 5-40 pg/g (WHO-PCDD/F TEQ) er brugðist við með því að finna uppsprettu losunarinnar og takmarka losun frá henni en ekki er

talin þörf á því að takmarka nýtingu eða skipta um jarðveg.

Í töflunni hér til hliðar er yfirlit yfir niðurstöður úttektar Umhverfisstofnunar 2011. Viðmiðunarsýni eru sýnd í sértöflu hér að neðan en styrkur díoxíns í þeim mældist í öllum tilfellum rétt við eða rétt rúmlega 1 pg/g (WHO-PCDD/F TEQ), sem þýðir í raun að styrkur efnanna er í kringum greiningarmörkin. Þó var aðeins hækkað gildi í jarðvegi í Seyðisfirði, viðmiðunarsýni fyrir Reyðarfjörð, eða 1,57 pg/g. Einnig í sjávarseti í Álfafirði, viðmiðunarsýni fyrir sjávarset í Skutulsfirði, 1,39 pg/g.

Hvað má urða og hvað ekki?

Á árinu gaf Umhverfisstofnun út stuttar leiðbeiningar um móttöku úrgangs á urðunarstöðum. Leiðbeiningarnar eru fyrst og fremst ætlaðar þeim sem reka urðunarstaði og viðskiptavinum þeirra, þ.e. þeim sem þurfa að koma úrgangi til urðunar. Um móttöku úrgangs á urðunarstöðum og þau gögn sem þurfa að fylgja úrganginum er ítarlega fjallað í reglugerð en með því að taka þær saman í stuttu máli vildi Umhverfisstofnun auðvelda viðkomandi aðilum að kynna sér reglurnar.

Á heildina litið er niðurstaða mælinganna sú að díoxín í jarðvegi er í öllum tilvikum undir þeim mörkum sem kalla á takmarkanir á nýtingu, hreinsun jarðvegs eða geta skapað hættu fyrir almenning og lífríki





Á HVERJU ÁRI SAFNAR UMHVERFISSTOFNUN FRUMGÖGNUM FRÁ EINSTÖKUM FYRIRTÆKJUM OG STOFNUNUM SEM FRAMLEIÐA EÐA MEÐHÖNDLA ÚRGANG OG VINNUR ÚR ÞEIM ENDANLEG GÖGN.

Gagnamál – Þekkja þarf fortíðina til að skapa framtíðina

Frá því sem áður var hefur kostum við meðhöndlun úrgangs fjölgað mikið. Til að mynda eru nú mögulegar margvíslegar leiðir til endurvinnslu, bæði innanlands og utan, og unnið hefur verið að ýmsum spennandi leiðum til orkuvinnslu úr úrgangi. Það er því mikilvægt fyrir þá aðila er koma að meðhöndlun úrgangs í landinu að geta útbúið raunhæfar áætlanir til nánustu framtíðar og að geta vegið og metið þær meðhöndlunarleiðir sem mögulegar eru hverju sinni. En líkt og í mörgu öðru þá þarf að þekkja fortíðina til að geta skapað framtíðina. Það er þess vegna sem svo mikilvægt er að afla gagna yfir magn, tegundir og núverandi ráðstöfunarleiðir þess úrgangs sem fellur til hér á landi á hverju ári. Jafnframt þarf Ísland að skila slíkum gögnum árlega til Eftirlitsstofnunar EFTA og Hagstofu Evrópusambandsins til að uppfylla skyldur sínar sem aðili að evrópska efnahagssvæðinu.

Á hverju ári safnar Umhverfisstofnun því frumgögnum frá einstökum fyrirtækjum og stofnunum sem framleiða eða meðhöndla úrgang og vinnur úr þeim endanleg gögn. Sú gagnasöfnun hófst fyrir um áratug síðan en hefur orðið umfangsmeiri með hverju árinu. Til að styrkja stofnunina í gagnaöfluninni er þeim sem meðhöndla úrgang skylt að senda stofnuninni frumgögn um sína starfsemi og fá til þess tiltekinn frest. Ári frá ári hefur Umhverfisstofnun lagt meiri vinnu í að kalla eftir frumgögnunum og hafa uppi á nýjum aðilum sem meðhöndla úrgang. Gagnaskilin hafa því batnað ár frá ári og um leið þau endanlegu gögn sem Umhverfisstofnun vinnur úr frumgögnunum.

Á hverju ári safnar Umhverfisstofnun því frumgögnum frá einstökum fyrirtækjum og stofnunum sem framleiða eða meðhöndla úrgang og vinnur úr þeim endanleg gögn

Móttöku úrgangs á urðunarstöðum er skipt í þrjú þrep: 1) lýsingu á grunneiginleikum úrgangsins, 2) samræmisprófun og 3) sannprófun á staðnum. Úrgangshafi ber ábyrgð á fyrstu tveimur þrepunum en rekstraraðili urðunarstaðarins því þriðja. Í lýsingu á grunneiginleikum úrgangs ber t.d. að fjalla um tegund úrgangsins skv. evrópsku flokkunarkerfi, uppruna hans, magn, eiginleika og samsetningu, útskolun efnispátta, mögulega hættulega eiginleika og upplýsingar um hvort unnt sé að endurnýta úrganginn. Oft þarf að framkvæma prófanir á úrganginum til að afla þessara upplýsinga en þegar lýsingu á grunneiginleikum er lokið er hægt að meta hvort úrganginn megi urða á þeim urðunarstað sem horft er til, í samræmi við þær reglur sem gilda. Samræmisprófun er svo gerð til að ákvarða hvort að úrgangur samræmist niðurstöðum lýsingar á grunneiginleikum. Slík prófun er einkum gerð til að hafa reglubundið eftirlit með úrgangi sem berst stöðugt að til urðunar. Síðasta þrep mælir fyrir um skoðun hvers farms sem berst á urðunarstaðinn, fyrir og eftir losun hans, og að skoða beri öll þau gögn sem aflað var fyrir lýsingu á grunneiginleikum úrgangsins og samræmisprófun hans. Í leiðbeiningunum kemur sérstaklega fram í hvaða tilvikum óþarft er að prófa úrgang fyrir urðun. Það á til dæmis við um heimilisúrgang frá sorphirðu sveitarfélögunum.

Á árinu hóf stofnunin að nýta sér möguleg þvingunarræði til að kalla eftir frumgögnum frá þeim aðilum sem ekki skiluðu á réttum tíma. Slík þvingunarræði felast m.a. í veitingu áminningar og álagningu dagsekta. Af þeim 45 meðhöndlunaraðilum sem stofnunin er með á skrá hjá sér skilaði 21 á réttum tíma eða stuttu eftir að skilafresturinn rann út, 15 brugðust við eftir að hafa fengið sendar upplýsingar um áform um áminningu og 9 fengu formlega áminningu. Allir þeir sem fengu áminningu brugðust við í kjölfar hennar og því þurfti ekki að koma til dagsekta að þessu sinni. Umhverfisstofnun vonar að svo verði ekki heldur í framtíðinni og að beiting þvingunarræða á síðasta ári verði til þess að allir skili framvegis á réttum tíma, enda ættu velflestir þeirra sem meðhöndla úrgang nú þegar að þekkja skyldu sína til að skila inn gögnunum.

Skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda

Árið 2009 var komið svokallaðri framleiðendaábyrgð á öll raf- og rafeindatæki sem framleidd eru hér á landi eða flutt inn. Ábyrgð framleiðenda og innflytjenda felst í að þeir skulu fjármagna og tryggja meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs að frátalinni söfnun til söfnunarstöðva sveitarfélaga. Ábyrgð framleiðanda og innflytjenda nær til landsins alls án tillits til þess hvar varan er seld.

Framleiðendur og innflytjendur reka sameiginleg skilakerfi til að uppfylla ábyrgð sína og skulu allir framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja vera í skilakerfi. Í lok árs voru starfandi tvö skilakerfi

ÁBYRGÐ FRAMLEIÐENDA OG INNFLYTJENDA FELST Í AÐ ÞEIR SKULU FJÁRMAGNA OG TRYGGJA MEÐHÖNDLUN RAF- OG RAFEINDATÆKJAÚRGANGS AÐ FRÁTALINNI SÖFNUN TIL SÖFNUNARSTÖÐVA SVEITARFÉLAGA.

framleiðenda og innflytjenda á Íslandi, RR-skil og Samskil. Stefnt er að því að 95% allra fyrirtækja sem flytja inn raf- og rafeindatæki verði aðilar að skilakerfi. Til að stuðla að því mun tollafgreiðsla raf- og rafeindatækja frá byrjun árs 2012 verða háð því að innflytjandi sé aðili að skilakerfi og sé enn fremur skráður í skráningarkerfi innflytjenda og framleiðenda hjá Umhverfisstofnun.

Árið 2009 var komið svokallaðri framleiðendaábyrgð á öll raf- og rafeindatæki sem framleidd eru hér á landi eða flutt inn

Umhverfisstofnun hóf rekstur skráningakerfis framleiðenda og innflytjenda í lok árs. Allir þeir sem flytja inn í atvinnuskyni, eða framleiða raf- og rafeindatæki skulu vera skráðir. Umhverfisstofnun úthlutar leyfisnúmerum í kjölfar skráningar og skulu framleiðendur og innflytjendur, við innflutning á raf- og rafeindatækjum, tilgreina leyfisnúmer sitt í reit í tollskýrslu frá og með 1. janúar 2012. Að öðrum kosti er innflutningur óheimill.



Hagræn stjórnþæki í umhverfisvernd

Á síðustu áratugum hefur hagrænum stjórnþækjum vaxið fiskur um hrygg í umhverfismálum, bæði hér á landi sem annars staðar. Í hagrænum stjórnþækjum felst að skapaður er fjárhagslegur hvati fyrir einstaklinga og fyrirtæki til að leggja sitt af mörkum til umhverfisverndar og sjálfbærrar auðlindanýtingar. Þannig er leitast við að ná markmiðum stjórnvalda á sem hagkvæmasta hátt og í sem mestri sátt við atvinnulíf.

Hagrænum stjórnþækjum er beitt ýmist í stað hefðbundinna boða og banna eða samhliða þeim. Sem dæmi um hagræn stjórnþæki sem notuð eru í íslenskri umhverfislöggjöf má nefna skilagjald vegna drykkjarumbúða, úrvinnslugjald vegna meðferðar, endurvinnslu og förgunar úrgangs og viðskiptakerfi með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda.

Hagræn stjórnþæki eru oft samofin beitingu einnar af meginreglum umhverfisréttarins, greiðslureglunnar. Í henni felst að kostnaður vegna mengunarvarna og viðbragða við mengun skuli borinn af þeim sem veldur mengun en ekki almenningi.



UMHVERFISSTOFNUN

MARKMIÐ 2008-2012

STJÓRNSÝSLA STOFNUNARINNAR VERÐI SKÝR OG SKILVIRK



STJÓRNSÝSLA

VERKFERLAR EFTIRLITS OG EFTIRFYLGNI VORU
ENDURSKOÐAÐIR Á ÁRINU. NÚ ER FERLIÐ MEÐ ÞEIM HÆTTI
AÐ EFTIRLITSMAÐUR FER Í EFTIRLIT, ÝMIST EINU SINNI
EÐA TVISVAR Á ÁRI, EFTIR ÞVÍ Í HVAÐA EFTIRLITSFLOKK
STARFSLEYFISSKYLDA STARFSEMIN FELLUR.

Eftirfylgni eftirlits

Nýr starfsmaður ráðinn í
eftirfylgni eftirlits

Um mitt ár var ráðinn sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun til að sinna eftirfylgni eftirlits sérstaklega. Ný gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar, útgefin 20. maí, gerði stofnuninni kleift að bæta við starfsmanni til að sinna þessum málaflokki, en gjaldskráin heimilar gjaldtöku vegna vinnu við eftirfylgni frávíka. Þetta er í samræmi við greiðslureglu umhverfisráttarins (e. polluter pays principle) en stofnunin telur eðlilegt að þeir sem uppfylla ekki kröfur um starfsleyfi greiði fyrir eftirfylgni við frávik og fjármagni þannig stöðu sérfræðingsins sem sér um að þvinga fram úrbætur í stað þess að slík eftirfylgni sé fjármögðuð úr ríkissjóði.

Verkferlar eftirlits
og eftirfylgni voru
endurskoðaðir á árinu

Verkferlar eftirlits og eftirfylgni voru endurskoðaðir á árinu. Nú er ferlið með þeim hætti að eftirlitsmaður fer í eftirlit, ýmist einu sinni eða tvisvar á ári, eftir því í hvaða eftirlitsflokk starfsleyfisskylda starfsemin fellur. Að því loknu skrifar eftirlitsmaður skýrslu sem er send til starfsleyfishafa og hefur hann 14 daga til að gera athugasemdir við hugsanlegar staðreyndavillur í skýrslunni. Þá er skrifleg skýrsla gefin út og hafi eftirlitið leitt í ljós að starfsemin uppfyllir ekki þau skilyrði sem sett eru í starfsleyfi er kallað eftir áætlun starfsleyfishafa um úrbætur. Á þessum tímum tekur sérfræðingur í eftirfylgni við málinu og sé úrbótum ekki sinnir er þvingunarúrræðum beitt, s.s. áminningu og dagsektum. Ef framangreindar aðgerðir bera ekki árangur eða frávik er ítrekað eða alvarlegt má nýta heimildir til að svipta rekstraraðila starfsleyfi, eða takmarka og stöðva starfsemi. Eftirlitsskýrslur og allar ákvarðanir vegna frávíka eru nú birtar á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Einnig er viðkomandi heilbrigðisnefnd sent afrit af eftirlitsskýrslum og þvingunarbréfum sem send eru starfsleyfishöfum.

Stefna Umhverfisstofnunar er að fylgja eftir öllum frávikum frá starfsleyfi, sama hversu stór eða smá þau reynast, reglan er: frávik er frávik. Form eftirlitsskýrslna var endurskoðað frá grunni og er



það mat stofnunarinnar að nýtt skýrsluform styðji betur en áður við það að greina hvort starfsemin er rekin í samræmi við skilyrði starfsleyfis eða ekki. Reynslan af þessum verkferli hefur almennt verið góð. Flestir starfsleyfishafar, þar sem um er að ræða fá eða smávægileg frávik, bregðast fljótt við og bæta úr því sem fundið hefur verið að fljótlega eftir að eftirlitsskýrsla hefur verið send, eða fljótlega eftir að áform um áminningu koma fram. Aukin eftirfylgni við öll frávik virkar einnig sem nokkurs konar gæðapróf fyrir starfsleyfin sem stofnunin gefur út. Starfsleyfi eru öðrum þræði samningur milli Umhverfisstofnunar og rekstraraðila um að rekstraraðili viðhafi ákveðnar mengunarvarnir, mæli helstu mengunarþætti og mengi ekki umfram fyrirfram ákveðin mörk. Að sama skapi felur starfsleyfið í sér fyrirheit gagnvart nágrönnum og almenningi um tiltekin umhverfisgæði. Það að fylgja eftir öllum frávikum hefur varpað ljósi á hvaða kröfur í starfsleyfum væri heppilegra að setja skýrar fram og undirstrikar einnig hversu mikilvægt er að kröfur séu mælanlegar og skýrt skilgreindar. Nýrri starfsleyfi stofnunarinnar koma almennt mjög vel út úr þessu svokallaða



gæðaprófi. Þau starfsleyfi sem eru hvað elst mættu sum vera nákvæmari hvað varðar kröfurnar, en þau eru mörg að renna út á næstunni og mun reynslan af aukinni eftirfylgni koma sér vel við endurnýjun þeirra.

Á árinu veitti Umhverfisstofnun 41 áminningu vegna frávíka frá starfsleyfum, reglugerðum og/eða lögum. Flestar leiddu þær til farsælla úrlausna, en eftir standa 7 mál sem eru enn í vinnslu. Af þessum 31 málum enduðu þrjú í dagsektum en þeim er nú öllum lokið, en innheimtar dagsektir renna í ríkissjóð. Þar að auki er fjöldi mála þar sem bætt var úr frávikum í kjölfar birtingar eftirlitsskýrslu eða eftir að áform um áminningu voru sett fram. Oftast var bætt úr frávikum er varða gagnaskil, ábyrgðartryggingar vegna mögulegrar bráðamengunar, áhættumat, viðbragðs- og neyðaráætlanir, mælingar á mengunarþáttum og merkingar olíugeyma. Það er gert fremur stuttu eftir að gripið er til þvingunarúrræða. Frávik sem fela í sér kostnaðarsamari, flóknari og/eða tímafrekari úrbætur, s.s. umfangsmiklar breytingar á

mengunarvarnabúnaði, eru þyngri í vöfum og leysast því stundum ekki fyrr en dagsektum hefur verið beitt eða þær í auglýsingu. Auknar heimildir stofnunarinnar til beitingar á beittari þvingunarúrræðum hafa að þessu leyti sannað sig sem þarfar.

Umhverfisstofnun gerir ráð fyrir að frávikum muni fækka ár frá ári með aukinni eftirfylgni. Á þessu ári var mikið um að fyrirtæki í sama geira væru með sams konar frávik. Til dæmis var algengt hjá fiskimjölsverksmiðjum að þær framkvæmdu ekki frárennismælingar, og margir sorpurðunarstaðir höfðu ekki framkvæmt áhættumat og unnið viðbragðsáætlun í samræmi við það. Ætla má að starfsleyfishafi dragi lærdóm af eftirfylgninni, enda útheimtir hún bæði fjármagn og vinnu af hans hendi, og því vonast Umhverfisstofnun til að starfsleyfishafar muni í auknum mæli leggja sjálfir áherslu á að uppfylla kröfur í starfsleyfi svo frávikum fækki og mengunarvarnir batni almennt.

Á árinu veitti
Umhverfisstofnun
41 áminningu vegna
frávíka frá starfsleyfum,
reglugerðum og/eða
lögum

Grænt kynlíf

Það kom skemmtilega á óvart að umfjöllun um grænt kynlíf var eitt vinsælasta lesefnið á vef Umhverfisstofnunar á árinu. Þar var m.a. fjallað um varasöm efni sem geta verið í sleipiefnum og kynlífsleikföngum og áhrif hormónaraskandi

efna úr pillunni sem berast í skólpu. Þetta sýnir að umhverfisfræðunum er fátt óviðkomandi og að hægt er að bæta sig á mörgum sviðum til að stuðla að betri heimi. Nánar má lesa um grænt kynlíf á grænn.is .

GRÍÐARLEGA MIKILVÆGT ER AÐ NÝTA ÞÁ FAGÞEKKINGU SEM
FYRIR HENDI ER SEM ALLRA BEST EN EKKERT LAUNUNGARMÁL
ER AÐ HAGKVÆM NÝTING FJÁRMUNA ER STOFNUNINNI
OFARLEGA Í HUGA, EKKI SÍST Á TÍMUM NIÐURSKURÐAR Í
STJÓRNSÝSLUNNI.

Hvítbók, áherslur í stjórnslu náttúruverndarmála

Í lok ágúst skilaði nefnd umhverfisráðherra, sem falið var að endurskoða náttúruverndarlög, skýrslu sinni, Hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands. Forstjóri Umhverfisstofnunar átti sæti í nefndinni en auk hans sat varamaður, sviðsstjóri sviðs laga og stjórnslu, marga fundi nefndarinnar en óskað hafði verið eftir því að varamenn tækju virkan þátt í starfi nefndarinnar. Verkefnið var umfangsmikið og urðu fundir nefndarinnar um 70 talsins.

Töluverð umræða skapaðist í nefndinni um stjórnslu náttúruverndarmála, bæði stofnanafyrirkomulag og þau stjórnæki sem nýtt eru í náttúruvernd nú á dögum. Mismunandi sjónarmið komu fram um það hvort heppilegt væri að samþætta mengunarvarnir og náttúruvernd eins og nú er gert eða skilja þar á milli. Fjallað var jafnframt um kosti og galla þess fyrirkomulags að hafa rannsóknir aðskildar frá stjórnsluframkvæmd og varð niðurstaðan sú að byggja áfram á þeirri aðgreiningu.

Umhverfisstofnun lagði í nefndarstarfinu áherslu á heildræna sýn í þágu umhverfis- og náttúruverndar. Einnig lagði stofnunin áherslu á að ná fram sem mestri samlegð og samþættingu, m.a. með því að nýta landshlutabundnar einingar betur en nú er gert. Ríkisstofnanir á sviði náttúruverndar hafa gjarnan

nokkrar starfsstöðvar um landið jafnframt því sem töluvert er af verkefnum á sviði náttúruverndar á vegum sveitarfélaganna. Gríðarlega mikilvægt er að nýta þá fagþekkingu sem fyrir hendi er sem allra best en ekkert launungarmál er að hagkvæm nýting fjármuna er stofnuninni ofarlega í huga, ekki síst á tímum niðurskurðar í stjórnslunni. Fjármagn til náttúruverndar var þó ekki sérstaklega rannsakað af hálfu nefndarinnar.

Fjallað er um þátt þekkingaröflunar og miðlunar upplýsinga fyrir stjórnslu náttúruverndarmála. Er þar vísað til svokallaðrar vistkerfisnálgunar sem beitt er til að ná fram samþættri stjórn og nýtingu náttúruauðlinda sem miðar að vernd og sjálfbærri nýtingu.

Nefndin greindi verkefni stórvalda í náttúruvernd, þ.e. hvaða aðilar sinna rannsóknum, vöktun, umsjón með náttúruverndarsvæðum, stjórnslu, eftirliti og stefnumótun. Niðurstaða nefndarinnar var að nokkuð skorti á skýrleika í löggjöf og útfærslu hennar í reglugerðum um stjórnslu og eftirlit. Umhverfisstofnun hafði áður vikið að skorti á skýrleika í ársskýrslu sinni fyrir árið 2010. Fram kemur í skýrslu nefndarinnar að afmarka þurfi nánar hlutverk Umhverfisstofnunar gagnvart öðrum stjórnvöldum einkum sveitarfélögum og huga að samspili eftirlits stofnunarinnar og Vatnajökulspjóðgarðs. Upplýsingar úr vöktun og rannsóknum eru gríðarlega mikilvægar

Þalöt eru notuð saman við PVC plast til að mýkja plastið. Komið hefur í ljós að nokkur algengustu þalötin sem notuð eru í þessum tilgangi geta dregið úr frjósemi með því að líkja eftir kynhormónum í líkamanum og dregið úr eðlilegum þroska lítilla barna og á fósturskeiði. Þalöt hafa áratugum saman verið notuð í þeim tilgangi að mýkja hluti úr PVC plasti. Þau hafa mikið verið rannsökuð og enginn efast lengur um þann skaða sem þau geta valdið börnum. Ef hlutir úr mjúku plasti eru til á heimili er rétt að gæta þess að lítil börn stingi þeim ekki upp í sig.

Plastleikföng

Mjúkir plasthlutir innihalda oft þalöt sem eru afar óæskileg efni og geta valdið varanlegum skaða á heilsu barna sem stinga þeim upp í sig og sjúga eða naga. Slíkir hlutir eru oft í umhverfi barna hvort sem það eru leikföng (t.d. plastendur, bækur, boltar) eða aðrir hlutir sem notaðir eru af börnum (t.d. dýnur, föt, ábreiður, smekkir, áhöld, uppblásanlegir hlutir eins og kútar). Sumir hlutir eru beinlínis til þess gerðir að börn stingi þeim upp í sig (t.d. snuð, túttur, naghringir).



fyrir markvissa stjórnslu og forsenda þess að unnt sé að beita vistkerfisnálgun. Í Hvítbókinni kemur fram að fjölmargar stofnanir annast vöktun og svo virðist sem lítil áhersla hafi verið lögð á samhæfingu að þessu leyti. Hætt er við að lítil yfirsýn náist með óskipulegum vinnubrögðum. Lagði nefndin til að sérstaklega verði hugað að vöktun í endurskoðun náttúruverndarlaga, ábyrgð skilgreind, vöktunaráætlanir gerðar og niðurstöður birtar.

Þvingunarúrræði eru til þess að stjórnvöld geti knúð borgara og fyrirtæki til að fara að lögum, almennum stjórnvaldsfyrirmælum eða stjórnvaldsákvörðun, hafi þau til þess skýra heimild í lögum. Fulltrúar Umhverfisstofnunar í nefndinni lögðu grunn að umfjöllun nefndarinnar um þetta efni. Þvingunarúrræði eru fremur fá í náttúruverndarlögum. Lögmælt úrræði eru:

- skrifleg áskorun
- fyrirmæli um úrbætur
- heimild til að vinna verk á kostnað þess sem skylt er að vinna verkið
- dagsektir

Gerð er nánari grein fyrir þessum úrræðum í skýrslunni og reifuð eru skilyrði þess að unnt sé að grípa til þvingunarúrræða. Fram kemur í skýrslunni að í náttúruverndarlögum sé að finna fjölda ákvæða sem telja verður óskýr að því er varðar þá skyldu eða bann sem þau mæla fyrir um en það getur hindrað beitingu þvingunarúrræða. Taldi nefndin mikilvægt að tekin yrði sérstök afstaða til þess hvaða boðum og bönnum skuli vera heimilt að fylgja eftir með þvingunarúrræðum og metið yrði hvaða úrræði séu árangursríkust til að tryggja virka eftirfylgni laganna.

Lagt er til að

- kveðið verði á um víðtækari dagsektarheimildir en nú eru fyrir hendi, s.s. til að stöðva ólögmætt jarðrask
- ákvæði um úrbótakröfur verði lögfest, m.a. til að stuðla að markvissari vernd almennaréttar
- heimilt verði að vinna verk á kostnað þess sem ber skylduna
- heimilt verði að stöðva framkvæmdir
- heimilt verði að afturkalla leyfi sem veitt hafa verið

Vikið er að þeim möguleika að lögfesta heimildir til stjórnvaldssekta og fjallað um ábyrgð á tjóni á náttúruminum. Loks eru settar fram tillögur um breytingar á viðurlagaákvæðum laganna með það fyrir augum að auka skilvirkni viðurlaga fyrir akstur utan vega. Einnig er lagt til að mælt verði fyrir um refsiaþbyrgð lögaðila.

Kæruúrskurðir

Á árinu 2011 féllu tveir úrskurðir umhverfisráðuneytis og einn úrskurður úrskurðarnefndar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir sem vörðuðu ákvarðanir Umhverfisstofnunar.

Fyrri úrskurður umhverfisráðuneytis varðaði málskraða Umhverfisstofnunar við afgreiðslu umsóknar um starfsleyfi til að gerast leiðsögumaður með hreindýraveiðum. Frá því að umsókn um leyfi barst stofnuninni liðu um átta mánuðir þar til svör bárust viðkomandi þar sem stofnunin óskaði eftir frekari gögnum. Skýringar Umhverfisstofnunar voru þær að aukið álag hefði verið á stofnunina vegna þessa málaflokks á árinu en vanalegt var, vegna nýrra laga og námskeiðs í leiðsögn sem ekki hafði

Þvingunarúrræði
eru fremur fá í
náttúruverndarlögum

GÆDAFERLAR HAFU VERIÐ AÐ STYRKJAST OG BATNA HJÁ STOFNUNINNI AÐ UNDAFÖRNU SEM DREGUR VERULEGA ÚR LÍKUM Á ÞVÍ AÐ ÚRVINNSLA MÁLA DRAGIST ÚR HÓFI FRAM.

verið haldið í langan tíma. Eins hafi kærandi ekki gengist undir námskeið á vegum stofnunarinnar og því hafi umsókn hans kallað á umfangsmeiri yfirferð en ella og nauðsynlegt hafi verið að taka afstöðu til umsagnar Hreindýraráðs. Umhverfissráðuneytið taldi skýringar stofnunarinnar ekki fullnægjandi og því ekki nægjanlegar ástæður fyrir hendi á þeim tögum sem urðu á svári við umsókn kæranda. Ráðuneytið taldi að stofnuninni hefði borið að skýra kæranda frá því ef slíkar tafir væru fyrirsjáanlegar, eins og mælt er fyrir um í 3. mgr., 9. gr. stjórnsýslulaga, en ekki hafi verið hægt að sjá á gögnum málsins að það hafi verið gert.

Lærdómurinn sem draga má af þessu felst fyrst og fremst í því að stofnunin þarf að huga vel að skýrleika þegar farið er fram á frekari gögn áður en afstaða er tekin til umsóknar

Umhverfisstofnun þykir miður sá dráttur sem varð í þessu máli. Lærdómurinn sem draga má af þessu felst fyrst og fremst í því að stofnunin þarf að huga vel að skýrleika þegar farið er fram á frekari gögn áður en afstaða er tekin til umsóknar. Einnig hafa gæðaferlar verið að styrkjast og batna hjá stofnuninni að undanförunu sem dregur verulega úr líkum á því að úrvinnsla mála dragist úr hófi fram.

Í seinni úrskurði umhverfissráðuneytisins var óskað eftir því að felld yrði úr gildi ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis fyrir fiskeldisstöð. Meginmálsástæða kæranda var sú að með útgáfu umrædds starfsleyfis væri komið í veg fyrir mögulega siglingaleið stórskipa sem áformað væri að hefði leguból fyrir innan kvíar fiskeldisins í tengslum við áform um vatnsútflutning frá svæðinu. Umhverfisstofnun benti á það í umsögn sinni að starfsleyfi væri ekki hin endanlega heimild til fiskeldis innan svæðisins heldur fjallaði aðeins um það hvornig standa skuli að rekstrinum með tilliti



til mengunarvarna. Umhverfissráðuneytið staðfesti ákvörðun Umhverfisstofnunar með vísan til þess að útgáfa umrædds starfsleyfis hafi verið í samræmi við lög og að ekki væru skilyrði til þess, samkvæmt lögum og reglum sem um útgáfu viðkomandi starfsleyfis gilda, að tekið væri tillit til umræddrar starfsemi sem er fyrirhuguð. Benti ráðuneytið jafnframt á að til þess að starfrækja fiskeldi þyrfti einnig rekstrarleyfi Fiskistofu og eitt skilyrði fyrir útgáfu þess væri starfsleyfi frá Umhverfisstofnun.

Úrskurðarnefndin tók til endurskoðunar ákvörðun Umhverfisstofnunar í máli sem varðaði

túlkun á ákvæðum reglugerðar um olíuúrgang. Umhverfisstofnun taldi endurvinnsluferli á notuðum smurolium sem framkvæmt væri af hálfu kæranda ekki uppfylla skilyrði olíuhreinsunar og því ekki skila afurð sem gæti flokkast sem grunnolía. Niðurstaða stofnunarinnar var að sú olía sem kærandi seldi sem verksmíðjuolíu væri í raun úrgangsolía, skv. reglugerð um olíuúrgang. Kærandi var ósammála þessari niðurstöðu og taldi túlkun Umhverfisstofnunar fara í bága við orðalag ákvæða reglugerðarinnar. Umhverfisstofnun taldi hins vegar reglugerðina of almennt orðaða og því nauðsynlegt að fylla í almennt orðalag hennar með hliðsjón af texta tilskipana Evrópusambandsins sem ætlunin var að innleiða með reglugerðinni. Til að mynda hefði orðið „hreinsun“ á íslensku mun víðtækari merkingu en orðið „refine“ í ensku. Úrskurðarnefndin féllst ekki á skýringar Umhverfisstofnunar og taldi stofnunina með ákvörðun sinni ganga gegn orðanna hljóðan í reglugerð um olíuúrgang á íþyngjandi hátt fyrir kæranda. Reglugerðinni hefur nú verið breytt hjá umhverfissráðuneytinu á þann hátt að aukið hefur verið við skilgreiningar og skýrleika. Var það talið nauðsynlegt til þess að tilskipanir Evrópusambandsins teldust innleiddar á fullnægjandi hátt. Úrskurðurinn kemur því ekki til með að kalla á breytingar eða endurskoðun á starfsleyfum innan Umhverfisstofnunar. Stofnunin telur þó mikilvægt

að draga þann lærdóm af þessu máli, að þegar verið er að innleiða reglur Evrópusambandsins í íslenskan rétt, verði að gæta þess afar vel að merking orða getur breyst í þýðingu. Það getur t.d. leitt til víðtækara gildissviðis en vilji er til og því nauðsynlegt að meta það í hverju tilviki fyrir sig hvort innleiðing kalli á frekari skilgreiningar en er að finna í reglutekta Evrópusambandsins.

Einbeitum okkur að vaxandi gæðakröfum

Rík áhersla hefur verið lögð á umbótavinnu í formi innleiðingu gæðakerfis þar sem ferlagreining með skýrri ábyrgðarskiptingu hefur verið í fyrirúmi. Mikilvægt er að lesa í þau gögn sem sýna okkur stöðu mála milli ára, jafnvel áratuga, sem og milli mánaða. Hér verður skyggst á bak við tölurnar en þess ber að geta að vaxandi gæðakröfur eru gerðar til skráningar ákveðinna upplýsinga hjá stofnuninni. Þetta er því verkefni sem er í stöðugri framþróun.

Fjöldi stjórnsýsluákvæðana hjá Umhverfisstofnun á árunum 2011 og 2010 er svipaður en þær voru þó 33 fleiri á árinu 2010. Það sama má segja um fjölda þeirra ákvæðana sem eru kærðar þar sem þær voru fleiri á árinu 2010 eða sex en eingöngu þrjár á árinu 2011. Hlutfallslega er þó fjöldi kæra ekki í beinu sambandi við fjölda stjórnsýsluákvæðana. Það er

Fjöldi stjórnsýsluákvæðana hjá Umhverfisstofnun á árunum 2011 og 2010 er svipaður en þær voru þó 33 fleiri á árinu 2010



UMHVERFISSTOFNUN

GILDI UMHVERFISSTOFNUNAR

Stofnunin og starfsmenn hennar hafa þrjú megingildi að leiðarljósi í öllu sínu starfi.

Fagmennska – tekið sé á málefnum sem berast stofnuninni af yfirgripsmikilli þekkingu og með faglegum hætti

Traust – Umhverfisstofnun njóti trausts meðal fyrirtækja, almennings og stjórnmalamanna

Ábyrgð – stofnunin er ábyrgur aðili í verndun náttúrunnar og stuðlar að heilsusamlegu umhverfi landsmanna



UMHVERFISSTOFNUN ER SÚ STOFNUN Á VEGUM UMHVERFISRÁÐUNEYTISINS SEM HEFUR FLEST STJÓRNSÝSLUVERKEFNI MED HÖNDUM.


Þó hins vegar hægt að segja að miðað við fjölda stjórnsýsluákvæðana eru kærurnar fáar. Eins og fram kemur í gæðastefnu stofnunarinnar þá leggjum við ríka áherslu á ábyrga og vandaða ákvarðanatöku og munum fylgjast grannt með þessum hlutföllum á milli ára.

Það gefur líka góða mynd af verkefnum stofnunarinnar að líta á hlutfall umsagna og stjórnsýsluákvæðana. Umhverfisstofnun er sú stofnun á vegum umhverfissráðuneytisins sem hefur flest stjórnsýsluverkefni með höndum. Lagaumhverfi umhverfis- og auðlindamála krefst þess að kröfur um umhverfisvernd séu skýrar. Eftirfylgni markmiða um umhverfisvernd felur gjarnan í sér að þörf er á afgerandi ákvörðunum stjórnvalda, t.d. um atvinnustarfsemi. Kröfur um umhverfisvernd fela oft í sér kostnaðarsamar ráðstafanir fyrir rekstraraðila þar sem ávinningurinn er umhverfsgæði og náttúruvernd fyrir almenning til lengri tíma samfara viðkomandi atvinnustarfsemi. Það er því ánægjulegt að sjá að ákvörðunum fjölga samanborið við fjölda umsagna. Mikil vinna hjá stofnuninni fer í að vinna umsagnir um skipulagsáætlanir og matsskýrslur svo dæmi séu nefnd. Vönduð skipulagsvinna og faglegt mat á umhverfisáhrifum er gríðarlega mikilvægur undirbúningur ákvarðana um leyfi fyrir viðkomandi starfsemi. Eins og sjá má á kökurnar, eru umsagnir um 18% af öllum innkomnum málum hjá stofnuninni.

Töluverð aukning hefur verið á heildarfjölda mála sem borist hafa stofnuninni. Það má berlega má sjá á súlurritinu þar sem málum fjölgaði um rúm 30% frá árinu 2009 til ársins 2010. Athygli vekur að fjöldi lokaðra mála frá árinu 2010 vex um nær helming milli ársins 2010 og 2011. Má eflaust skýra hluta þessarar aukningar með átaki sem gert var í að starfsfólk loki málum um leið og ákvörðun hefur verið tekin, þrátt fyrir að búast megi við einhverjum bréfaskriftum í kjölfar ákvörðunar. Ástæða þessa átaks er að stofnunin fær þá skýrari mynd af fjölda þeirra mála sem eru raunverulega í vinnslu og einnig til að auðvelda gagnaöflun við samantekt á málshraða erinda.

Umhverfisbrotum vísað til lögreglu

Síðastliðið ár hefur Umhverfisstofnun unnið að því að endurskoða ferla innan stofnunarinnar við framsendingu á málum vegna umhverfisbrota til lögreglu. Farið hefur verið yfir það m.a. á hvaða stigi málum skuli vísað til lögreglu og hvernig undirbúningi verði háttað innan stofnunarinnar. Nokkrum málum er vörðuðu umhverfisbrot var vísað til ákærvaldsins á árinu en ekkert þeirra hefur þó leitt til ákæru enn sem komið er, svo kunnugt sé. Í einu máli var rannsókn felld niður sökum þess að ekki var líklegt að sakfelling næðist fram. Í málinu var afstaða ríkissaksóknara, sem fékk málið til umsagnar, sú að ekki væri hægt að



Athygli vekur að fjöldi lokaðra mála frá árinu 2010 vex um nær helming milli ársins 2010 og 2011

Mikil vinna hjá stofnuninni fer í að vinna umsagnir um skipulagsáætlanir og matsskýrslur

NOKKRUM MÁLUM ER VÖRÐUÐU UMHVERFISBROT VAR VÍSAÐ TIL ÁKÆRVALDSINS Á ÁRINU EN EKKERT ÞEIRRA HEFUR ÞÓ LEITT TIL ÁKÆRU ENN SEM KOMIÐ ER, SVO KUNNUGT SÉ.


tala um brot þar sem tjón var ekki sannað. Skilyrði um tjón var ekki tilgreint sem skilyrði um refsínæmi í umræddu lagaákvæði. Umhverfisstofnun telur ástæðu til að staldra við þessa nálgun ríkissaksóknara á umhverfisbrotum og telur að þau geti verið þess eðlis að tjón komi jafnvel ekki fram fyrr en að löngum tíma liðnum. Byggja verður úrvinnslu refsiverðra brota á sérþekkingu í umhverfismálum. Lögjafinn hefur þegar tekið afstöðu til þess hvers konar athafnir eru ólögðar án tillits til þess hvort tjón verði metið þegar brot á sér stað. Á þetta t.d. við um losunarmörk sem sett eru fyrir mengandi starfsemi.

Í málum er varða akstur utan vega hefur komið fram að lykilhugtök þurfa að vera skýr í lögjöfnum þar sem kveðið er á um bönn og viðurlög. Ítrekaðir sýknudómar í þessum málaflokki hafa leitt til þess að ákærendur ígrunda mun oft en áður hvort mál er tækt til ákæru. Vonir standa til að fyrirbyggjandi frumvarp umhverfissráðherra til breytinga á lögum um náttúruvernd verði til þess að ráða bót á þessu. Umhverfisstofnun leggur mikla áherslu á skilgreiningar hugtaka við gerð reglugerðartillagna og umsagna um lagafrumvörp.


Starfsmaður Umhverfisstofnunar fór í heimsókn til KLIF í Noregi á liðnu ári og átti þar fund með starfsmönnum sem koma að framvísun umhverfisbrota til lögreglu. Sá fundur var um margt mjög fróðlegur, einkum varðandi árangur sem náðst hefur við eftirfylgni umhverfisbrota, fjölda slíkra mála sem vísað er til lögreglu og leiða jafnframt til sakfellingar. Starfsmenn KLIF töldu einkum tvennt koma til sem skýri að miklu leyti þann árangur sem náðst hefur á síðustu árum í þessum málaflokki. Í fyrsta lagi skýr mengunarlaggjöf þar sem umhverfisbrot flokkast sem samhverf brot og því reynist ekki nauðsynlegt að sanna að tjón hafi orðið vegna brotsins. Í öðru lagi var stofnuð sérstök deild innan lögreglunnar sem er sérhæfð í mengunar- og efnahagsbrotum sem sýnir það viðhorf að um er að ræða nátengda brotaflokk.

Umhverfisstofnun mun áfram vinna að því að styrkja eftirfylgni umhverfisbrota með eflingu verkferla og með samvinnu við lögreglu. Einnig vinnur stofnunin að úrbótum á viðurlagaákvæðum í umhverfislöggjöf í samvinnu við umhverfissráðuneytið og veitir umsagnir til Alþingis um viðurlagaákvæði í lagafrumvörpum.


Umsagnir / stjórnsýsluákvæðanir



Stjórnsýsluákvæðanir / kærur



Innkomin mál / lokun mála





UMHVERFISSTOFNUN

MARKMIÐ 2008-2012

UMHVERFISMERKINGAR LEIÐI INNKAUP ALMENNINGS OG FYRIRTÆKJA



UMHVERFISMERKINGAR

HVERSU MIKILL ÚRGANGUR VERÐUR TIL OG HVORT HANN ER SKAÐLEGUR EÐA EKKI, ER ALFARIÐ UNDIR VÖRUVALI OG NEYSLUVENJUM FÓLKS KOMIÐ.

Ágætis byrjun – Svanurinn fyrir nýbakaða foreldra

Verkefninu er ætlað að hvetja foreldra til að nota umhverfismerki sem hjálpartæki við vöruval.

Verkefnið Ágætis byrjun gengur út á að kynna norræna umhverfismerkið Svaninn og dreifa fræðslupokum Svansins til nýbakaðra foreldra. Verkefninu er ætlað að hvetja foreldra til að nota umhverfismerki sem hjálpartæki við vöruval. Í pokanum er bæklingur sem fjallar um Svaninn og kosti þess að velja umhverfsvottað fyrir ungbörn. Þar eru einnig svansvottaðar vörur sem gefa mynd af því úrvali af ungbarnavörum sem stendur til boða svo foreldrar hafi raunverulegt val um vöru sem er betri fyrir umhverfi og heilsu.

Ágætis byrjun er unnið að norski fyrirmynd en þar hefur sambærilegt verkefni verið í gangi frá 2005 og gefið góða raun. Verkefnið er unnið í samstarfi við heilbrigðisstofnanir sem dreifa pokanum til nýbakaðra foreldra. Gert er ráð fyrir að pokunum verði dreift á fæðingardeildum eða heilsugæslum á landinu öllu. Ágætis byrjun hófst í október 2011 og er miðað við að það standi yfir til október 2012.

Fræðsla fyrir nýbakaða foreldra

Lengi býr að fyrstu gerð. Það vita hjúkrunarfræðingar, ljósmæður og læknar sem sinna ungbörnum og nýbökudum foreldrum. Fræðsla og skýr upplýsingagjöf til þessa hóps getur skipt sköpum til framtíðar og styður foreldra í því mikilvæga verkefni sem þeir taka sér fyrir hendur við fæðingu barns. Ungt fólk sem er að eignast sitt fyrsta barn mótast neytendahegðun sína og því mikilvægt að bjóða þessum hópi upp á gagnlega fræðslu sem nýtist til framtíðar.

Ungt fólk nú á dögum er upp til hópa tiltölulega meðvitað um umhverfismál og umhverfisvitund eykst með hverri kynslóð. Það sem áður fyrr þótti sérvíska eða öfgar þykir í dag sjálfsagt. Með aukinni umhverfisvitund foreldra verður samfélagið í heild móttækilegra fyrir þeim stuðningi sem



umhverfismerki líkt og Svanurinn býður upp á. Nýbakaðir foreldrar eru í lykilstöðu til þess að tileinka sér ábyrgar neysluvenjur sem taka tillit til umhverfis og heilsu.

Því er mikilvægt að foreldrar geri sér grein fyrir að þeirra val hefur áhrif. Neysluvenjur og vöruval hafa skýr áhrif á möguleika samfélagsins til að þróa sjálfbæran hátt. Dagleg neysla veldur mikilli sóun, mengun og úrgangsmyndun. Hver vara hefur ákveðinn líftíma og mun að endingu verða fargað. Hversu mikill úrgangur verður til og hvort hann er skaðlegur eða ekki, er alfarið undir vöruvali og neysluvenjum fólks komið. Að sama skapi má segja að úrgangsmyndun frá neyslu hafi áhrif á lýðheilsu til langs tíma, þar sem flestar neysluvörur innihalda aragrúa efna sem losna út í umhverfið við niðurbrot.

Í daglegu lífi komast allir í snertingu við óteljandi efni sem mörg hver eru varasöm. Skaðleg efni geta leynst í öllum vörum og þess vegna er mikilvægt að velja skynsamlega. Nýbakaðir foreldrar vilja að sjálfsögðu börnum sínum allt hið besta en börn eru mun viðkvæmari fyrir skaðlegum efnum í umhverfinu heldur en fullorðnir. Þau eru lítil, með viðkvæma húð og þar sem ónæmiskerfið er ekki fullþroskað þola þau minna magn af skaðlegum efnum en fullorðnir. Börn komast einnig í snertingu við meira efnamagn en fullorðnir. Þau setja hluti upp í sig, skríða um á gólfinu þar sem eru leifar af efnum og sofa í herbergjum sem eru yfirfull af dóti.

Foreldrar læra margt nýtt á fyrstu mánuðum og árum barnsins. Margir foreldrar gera óraunhæfar kröfur um að allt þurfi að vera gert rétt. Enginn gerir allt rétt enda snýst lífið ekki um að vera fullkominn. Með því að velja umhverfsvottaðar vörur fram yfir aðrar tekur maður sjálfur stjórnina og velur í auknum mæli hvaða efni maður kemst í snertingu við. Foreldrar mega því ekki láta sér fallast hendur heldur muna að hægt er að taka upplýstar og skynsamlegar ákvarðanir þegar kemur að vöruvali en það er ekki síst mikilvægt þegar valdar eru vörur fyrir ungbörn og mjólkandi mæður.

Svanurinn veitir öryggi

Svanurinn setur mjög strangar kröfur um efnainnihald og gengur yfirleitt töluvert lengra en löggjöf einstakra landa hvað varðar bann við notkun á skaðlegum efnum. Þannig veitir Svanurinn neytendum vissu fyrir því að búið er að takmarka notkun varasamra efna. Svanurinn leggur til að mynda blátt bann við notkun ýmissa efna sem þykir sýnt að hafi skaðleg áhrif á umhverfið, geti verið krabbameinsvaldandi, hormónaraskandi eða ofnæmisvaldandi. Þessar kröfur eru sérstaklega strangar þegar kemur að vörum ætluðum ungbörnum og því er Svanurinn öruggt val fyrir nýbakaða foreldra.

Sem dæmi má nefna að í svansmerktum sápum og kremi fyrir börn mega ekki vera nein hormónaraskandi efni, engin ilmefni, engin ofnæmisvaldandi efni og ekkert paraben og gerð er krafa um að efnið brotni niður í náttúrunni. Í svansmerktar bleyjur, blautþurrkur, dömubindi og

brjóstapúða má einungis nota pappírsmassa frá sjálfbærri skógrækt, bómull frá eitrefnalausri ræktun þar sem dregið er úr allri mögulegri mengun við framleiðslu.

Sem opinbert umhverfismerki Norðurlandanna þá er hlutverk Svansins að hjálpa neytendum að velja þá vöru sem er betri fyrir umhverfi og heilsu. Foreldrar þurfa því ekki að vera sérfræðingar í neinu sem snertir umhverfismál eða varasöm efni heldur geta verið örugg um að hafa valið af ábyrgð með því að velja Svaninn.

Meðvitaðir foreldrar eru ábyrgir neytendur

Svanurinn er umhverfismerki en hann er jafnframt neytendamerki. Stofnað var til merkisins árið 1989 af Norrænu ráðherranefndinni í þeim tilgangi að minnka umhverfisáhrif framleiðslu. Með því að hvetja fyrirtæki til að draga úr umhverfisáhrifum við framleiðslu er hægt að tryggja neytendum áreiðanlega leið til að velja bestu vöruna frá umhverfissjónarmiði. Þegar foreldrar velja umhverfsvottaða vöru stuðla þeir að því að draga úr umhverfis- og heilsuvandamálum sem tengjast eigin neyslu og lífsstíl og senda um leið skýr skilaboð til framleiðenda um að þeir eigi að leggja áherslu á umhverfismál. Foreldrar sem velja Svaninn sýna í verki að þeir kjósi umhverfsvottaðar vörur og þrýsta þannig á um grænni markað og nýsköpun.

Mikilvægi vöruvals nýbakaðra foreldra er margþætt en mest er um vert að þeir geri sér grein fyrir eigin valdi og valfrelsi. Því er ekki síst mikilvægt að

Þessar kröfur eru sérstaklega strangar þegar kemur að vörum ætluðum ungbörnum og því er Svanurinn öruggt val fyrir nýbakaða foreldra

Fræðsla og skýr upplýsingagjöf til þessa hóps getur skipt sköpum til framtíðar og styður foreldra í því mikilvæga verkefni sem þeir taka sér fyrir hendur við fæðingu barns

UMHVERFISMÁL Hafa mikinn meðbyr þessa dagana og innkaupafólk í skólum ætti að geta nýtt sér almennan áhuga starfsmanna á því að verða grænni til að ýta undir aukin vistvæn innkaup.



foreldrar geri sér grein fyrir því að nú þegar er til úrval af svansmerktum vörum á markaði. Það er raunhæfur möguleiki að velja umhverfsvottaðar vörur í öllum helstu vöruflokkum fyrir ungabörn og mjólkandi mæður í flestum stórvöruverslunum. Foreldrar þurfa ekki að bylta lífi sínu eða takmarka innkaup sín við sérvöruverslanir til þess að geta valið umhverfsvottaðar vörur fyrir sig og sína.

Umhverfisstofnun vonar því að verkefnið Ágætis byrjun verði til þess að vekja athygli á áhrifamætti neytendavals fyrir umhverfi og lýðheilsu.

Vistvæn innkaup hjá menntastofnunum

Á síðasta ári fengu allir menntaskólar og háskólar á höfuðborgarsvæðinu kynningu á vistvænum innkaupum. Á kynningunni var innkaupaaðilum skólanna kynnt hvað vistvæn innkaup fela í sér og hvað þau geta gert til að fylgja stefnu stjórnvalda um vistvæn innkaup. Stefnan var samþykkt árið 2009 og samkvæmt henni skulu stofnanir ríkisins velja vöru eða þjónustu sem er síður skaðleg umhverfinu eða heilsu manna og ber sama eða lægri líftímakostnað samanborið við aðrar vörur og þjónustu sem uppfylla sömu þörf. Skólunum var á fundinum bent á þeir hafa möguleika á að óska eftir umhverfsvottuðum vörum og þjónustu frá sínum birgjum og að skynsöm innkaup snúast um að nýta sér það val sem manni býðst. Önnur leið til að verða vistvænni í sínum innkaupum er að fylgjast með magni þess sem keypt er inn, í stað upphæðar sem keypt er fyrir og setja sér svo markmið um að draga úr neyslu á ákveðnum vörum.

Umhverfismál hafa mikinn meðbyr þessa dagana og innkaupafólk í skólum ætti að geta nýtt sér

almennan áhuga starfsmanna á því að verða grænni til að ýta undir aukin vistvæn innkaup. Það kom á daginn að skólar eru margir hverjir að gera margt áhugavert í umhverfismálum nú þegar. Þar má nefna að Menntaskólinn í Kópavogi, sem nú þegar er kominn með vottun skv. ISO 9001 stefnir að því að fá umhverfsvottun skv. ISO 14001. Hjá MK var komið á aðgangsstýringu við ljósritunarvélur og prentara og var þannig dregið verulega úr pappírnotkun með tilheyrandi sparnaði og minni umhverfisáhrifum. Nýlegir skólar njóta þess að vera margir hverjir hannaðir út frá umhverfissjónarmiðum. Sem dæmi um það má nefna Háskólann í Reykjavík en við hönnun skólans var mikil áhersla lögð á að hámarka orkunýtni. HR kaupir svansmerktar ræstingarþjónustu ásamt svansmerktum ljósritunarpappír, prenturum og blekhyllkjum.

Heimsóknir í skólana gefa stjórnendum og innkaupafólki byr undir báða vængi og aukinn áhuga á að tileinka sér aðferðafræði vistvænna innkaupa. Á heimasíðunni www.vinn.is geta innkaupaaðilar lesið um einfaldar leiðir fyrir stofnanir til að nálgast vistvæn innkaup af meiri ákveðni og leiðir til að sjá mælanlegan árangur af starfinu.

Góð ráð fyrir græn jól

Í byrjun nóvember kom út jólablað Umhverfisstofnunar. Blaðinu var dreift sem aukablaði með Fréttablaðinu og fór því víða. Umhverfisstofnun sendi eintök af blaðinu til sinna starfsstöðva, þar sem dreifing Fréttablaðsins nær ekki til alls landsins. Umfjöllunarefni í blaðinu voru margvísleg og þeim var vel tekið þar sem undirbúningur að jólahaldi

var að hefjast á mörgum heimilum. Í blaðinu var umfjöllun um umhverfismerki, viðtöl við valinkunna einstaklinga um tengd málefni, upplýsingar um hvaða jólatré er „grænast“ og hugmyndir að öðruvísi jólapökkun. Aðaláhersla blaðsins var þó á varasöm efni í neytendavörum og gefin voru einföld og góð ráð um hvernig megi forðast þau.

Á degi hverjum er framleitt gífurlegt magn efnis sem er ætlað í neytendavörur. Stundum kemur ekki í ljós fyrr en eftir á að efni reynast skaðleg við notkun. Flestar þær vörur sem Íslendingar neyta eru framleiddar erlendis, stundum í löndum þar sem efnalöggjöf er ekki jafn ströng og hér á landi. Sérstaklega er varasamt að kaupa falsaðar vörur þar sem enginn staðfesting er fáanleg um raunveruleg innihaldsefni. Ábyrg meðhöndlun á keyptum vörum skiptir líka máli því þegar neytendavörur fara í urðun, því af þeim hlýst mun meiri mengun og dreifing á skaðlegum efnem en ef þær fara í endurvinnslu. Skaðlega efni geta leynst í ótal vörum, í til að mynda snyrtivörum, pelum, leikföngum, hreinlætisefnum, húsgögnum og fatnaði.

Við getum haft töluverð áhrif sjálf á það magn af skaðlegum efnem sem við komumst í snertingu við. Samkvæmt svo kallaðri REACH-löggjöf á neytandi rétt á að krefja endursöluaðila vöru um upplýsingar er varðar hugsanleg varasöm efni í vörunni. Við getum nýtt okkur þau umhverfismerki sem til eru, svo sem Svaninn, en hann gengur reyndar lengra en landslög segja til um þegar kemur að því að banna skaðleg efni í vörum. Það á sérstaklega við um vörur ætlaðar börnum og með því að kaupa svansmerktar barnavörur er verið að velja öryggi.

Börn eru mun viðkvæmari fyrir skaðlegum efnem, svo sem hormónaraskandi efnem, heldur en fullorðnir en það vill einmitt svo til að ef efnasamsetning innilofts í íbúðarhúsnæði er skoðuð þá er það barnaherbergið sem kemur verst út. Þar er að finna mest af skaðlegum efnem enda eru barnaherbergi yfirleitt troðfull af húsgögnum, leikföngum, raftækjum og ýmsum öðrum vörum. Mest af því sem finna má í barnaherbergjum er líka tiltölulega nýlegt en flestar vörur losa meira af skaðlegum efnem stuttu eftir framleiðslu. Með því að hafa einfaldlega færri hluti og í einhverjum tilfellum eldri hluti í kringum okkur, getum við því dregið úr hugsanlegri mengun frá varasömum efnem. Annað gott ráð er að huga vel að innilofti almennt, þ.e. lofta vel út og takmarka ryksöfnun á heimilinu en í venjulegum rykrottum má finna leifar af þeim skaðlegu efnem sem við komumst gjarnan í snertingu við, s.s. blý, kadmíum og þalöt.

Um jólin viljum við gefa góðar gjafir og gera vel við okkur í mat og drykk. Þeir sem vilja halda grænni jól geta hugað vel að gjafavali. Það má draga úr óþarfa snertingu við varasöm efni og kaupa svansmerktar vörur eða huga meira að gæðum en magni og velja gjafir sem endast. Minni sóun og betri nýting ættu jafnframt að vera lykilorð jólnanna og því er ekki úr vegi að huga að innpökkun þar sem efniviður umbúðanna nýttist einnig til annarra hluta eða er endurvinnanlegur. Ekki er síður mikilvægt að huga að matvælum um jólin og reyna eftir fremsta megni að draga úr óþarfa innkaupum á mat sem ekki verður borðaður. Áhugavert er einnig að velja fyrir sér helsta stofustássi jólnanna, sjálfu jólatrénu og hafa í huga umhverfisáhrif af framleiðslu þess. Þegar horft er til

Stundum kemur ekki í ljós fyrr en eftir á að efni reynast skaðleg við notkun

Samkvæmt svokallaðri REACH-löggjöf á neytandi rétt á að krefja endursöluaðila vöru um upplýsingar er varðar hugsanleg varasöm efni í vörunni

Nýlegir skólar njóta þess að vera margir hverjir hannaðir út frá umhverfissjónarmiðum

Í byrjun nóvember kom út jólablað Umhverfisstofnunar



ÞRJÚ FYRIRTÆKI FENGU SVANSVOTTUN Á ÁRINU 2011: HÓTEL RAUÐASKRIÐA, HÓTEL ELDHESTAR OG PRENTSMIÐJAN PRENTMET Í REYKJAVÍK.

Svanurinn gerir skýrar kröfur til svansmerktrar vöru og má þar nefna að svansmerktar bleiur verða að innihalda lífrænt ræktaða bómull, svansmerkt garðhúsgögn er eingöngu smíðuð úr víði frá sjálfbærri skógrækt og gerðar eru strangar kröfur um lita- og efnameðhöndlun á svansmerktum fatnaði. Það sama á við um þjónustuaðila en svansmerkt hótél, ræstingþjónusta eða veitingastaðir eru búin að lágmarka heildarumhverfisáhrif frá sinni starfsemi og innleiða orkusparnað, vistvæn innkaup og betri lausnir við úrgangsméðhöndlun.

Kröfurnar eru mismunandi eftir því hvaða þjónusta eða vara á í hlut en alltaf er miðað að því að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið sem verða við framleiðslu, notkun og förgun vöru eða þjónustu.

Íslensk fyrirtæki

Undanfarin ár hefur íslenskum leyfum fjölgað mikið. Þrettán ný fyrirtæki hafa bæst í hópinn á undanförunum þrem árum og nú er svo komið að alls 17 fyrirtæki eru vottuð Svaninum. Til þess að fyrirtæki geti fengið svansvottun þarf það að gangast undir vottunarferli sem gengur úr skugga um að kröfurnar sem Svanurinn setur séu uppfylltar.

Þrjú fyrirtæki fengu svansvottun á árinu 2011: Hótel Rauðaskriða, Hótel Eldhestar og prentsmiðjan Prentmet í Reykjavík.

Hótel Rauðaskriða er sveitahótel staðsett í Aðaldal, Þingeyjarsýslu. Á hótelinu er gistiástaða fyrir rúmlega 60 manns. Hótel Rauðaskriða hefur lengi lagt áherslu á að minnka umhverfisáhrif af starfsemi en með svansvottun er gengið enn lengra og staðfest að Hótel Rauðaskriða er fremst í flokki hvað varðar lágmarkun neikvæðra umhverfisáhrifa.

Hótel Eldhestar er sveitahótel í nágrenni Hveragerðis. Á hótelinu er gisting fyrir rúmlega 60 manns. Hótel Eldhestar hefur lengi lagt áherslu á að minnka umhverfisáhrif af starfsemi sinni og var fyrst hótela á Íslandi til að fá vottun eftir ströngum kröfum Svansins en það var vottað með Norræna umhverfismerkinu Svaninum frá júlí 2002-2006 og nú aftur árið 2011.

orku- og efnanotkunar þá hafa íslensk jólatré yfirburði yfir hvort tveggja, innflutt lifandi tré og plasttré.

Jólin eru hátíð þar sem bjartsýni og gleði á að vera við völd. Þegar haldin eru græn jól má segja að sérstakt tækifæri sé til bjartsýni þar sem verið er leitast við að njóta hátíðarinnar til fullnustu samhliða því sem dregið er úr sóun, óþarfa neyslu og mengun. Umhverfisstofnun stefnir að því að gefa aftur út jólablað fyrir næstu jól og vonandi verða jólin framvegis græn á sem flestum heimilum landsins.

Þeir sem hafa áhuga geta fundið ítarlegri umfjöllun um varasöm efni á slóðinni www.graenn.is.

Svansleyfi

Aldrei hefur verið auðveldara að verða sér úti um umhverfisvænar vörur og þjónustu eins og nú. Fjölmar gar verslanir bjóða nú upp á mikið úrval svansmerktra vara og æ fleiri íslensk fyrirtæki eru vottuð Svaninum.

Þetta er þróun sem hefur átt sér stað undanfarin ár og rekja má til aukinnar eftirspurnar eftir umhverfisvænni vörum og þjónustu. Einnig má greina aukinn áhuga fyrirtækja á að sinna umhverfismálum af festu og bjóða upp á umhverfisvæna valkost.

Svanurinn er opinbert norrænt umhverfismerki sem auðveldar hinum almenna neytenda að þekkja vöru og þjónustu sem er umhverfisvænni án þess að þurfa sjálfur að leggjast í mikla rannsóknarvinnu um bakgrunn vörunnar, framleiðsluhætti hennar og þess háttar. Strangar kröfur Svansins um lágmarkun umhverfisáhrifa tryggja að svansmerkt vara er betri fyrir umhverfi og heilsu. Kröfur Svansins ná yfir alla helstu umhverfisþætti þjónustu eða framleiðslu vöru svo sem orku- og hráefnanotkun, losun mengandi eða hættulegra efna, umbúðanotkun, flutning og meðhöndlun úrgangs.

Fjölmar gar verslanir bjóða nú upp á mikið úrval svansmerktra vara og æ fleiri íslensk fyrirtæki eru vottuð Svaninum

Með svansvottun er staðfest að Hótel Eldhestar er enn fremst í flokki hvað varðar lágmarkun neikvæðra umhverfisáhrifa. Eldhestar hlutu umhverfisverðlaun Ferðamálastofu árið 2011.

Prentmet ehf var stofnað í apríl árið 1992. Í byrjun voru aðeins tveir starfsmenn hjá Prentmeti en fyrirtækið færði fljótlega út kviarnar og starfsfólki fjölgaði ört. Þar starfa nú tæplega 100 manns á þremur stöðum; í Reykjavík, á Selfossi og Akranesi. Prentmet býður upp á mikla breidd í prentverki, meðal annars offsetprentun, stafræna prentun, prentun umbúða og bóka. Svansvottun Prentmets nær yfir alla prentþjónustu fyrirtækisins í Reykjavík.

Á árinu 2012 má búast við því að fleiri prentsmiðjur og hótél bættist í hóp svansmerktra fyrirtækja en jafnframt er von á vottuðum fyrirtækjum í nýjum vöru- og þjónustuflokkum. Í lok árs 2011 voru um 20 umsóknir um Svaninn í vinnslu og má því búast við að leyfshöfum muni fjölga töluvert á næstu misserum.

Ný viðmið fyrir Svaninn

Við svansvottun er unnið út frá sérhæfðum viðmiðum sem þróuð eru fyrir hvern vöru- og þjónustuflokk. Þegar tekin er ákvörðun um hvort þróa eigi ný viðmið fyrir Svaninn er fyrst og fremst tekið mið af því hversu umfangsmikil umhverfisáhrif hljótast af umræddri vöru eða þjónustu frá vöggu til grafar, hvaða möguleikar eru á því að draga úr umhverfisáhrifum vegna framleiðslu vörunnar og hvort svansmerking geti haft jákvæð áhrif á val neytenda og þróun umhverfisáhrifa innan vöru- eða þjónustuflokks til langs tíma.

Gallupkönnun um Svaninn

Í nýlegri könnun um umhverfis- og neytendamerki sem gerð var af fyrirtækinu MMR í desember 2011, kemur í ljós að norræna umhverfismerkið Svanurinn er langþekktasta umhverfismerkið á Íslandi. Þegar þátttakendur voru beðnir um nefna eitthvert umhverfismerki sem þeir könnuðust við þá nefndu 45% aðspurðra Svaninn en innan við 5% nefndu þau umhverfismerki sem næst komu í röðinni. Í sambærilegri könnun frá 2009 nefndu 28% Svaninn. Þegar þátttakendum könnunarinnar var sýnt merki Svansins sögðust 74% þekkja það og þegar spurt var um hvaða merki viðkomandi tengdi við umhverfisvernd nefndu langflestir Svaninn eða 73%.

Af þessum niðurstöðum má ráða að Svanurinn er því ekki einungis það merki

sem er neytendum efst í huga heldur hefur það einnig sótt í sig veðrið undanfarin ár. Alls 47% aðspurðra tengja Svansmerkið við strangar kröfur og 65% sögðust treysta því að vara sé umhverfisvæn ef hún er merkt Svansmerkinu.

Jafnframt því að gera kröfu um minni umhverfisáhrif, gerir Svanurinn einnig kröfu um virkni og gæði vottaðrar vöru eða þjónustu. Til að fá Svansmerkið þarf virkni að vera jafn góð eða betri en hjá annari sambærilegri vöru eða þjónustu. Þetta virðast neytendur skilja því þegar spurt var hvaða merki tengir þú við gæði, nefndu langflestir Svaninn, eða 39% þátttakenda.

Neytendur voru spurðir hvort þeir treystu þeim framleiðendum sem lýstu því yfir að vara þeirra væri umhverfisvæn, en 15% þátttakenda voru mjög sammála þeirri

Teymi óháðra sérfræðinga er sett saman til að móta viðmið Svansins fyrir hvern vöru- eða þjónustuflokk fyrir sig og áður en endanleg ákvörðun um viðmiðunarreglur er tekin, er auglýst eftir athugasemdum frá atvinnulífi, umhverfisverndarsamtökum og yfirvöldum í opnu umsagnar- og samráðsferli.

Viðmiðin eru endurskoðuð á þriggja til fjögurra ára fresti. Tilgangur endurskoðunar er að stuðla að stöðugum endurbótum, bæði á viðmiðunum sjálfum og framsetningu þeirra en einnig á því hvaða kröfur eru settar til grundvallar svansmerkingu viðkomandi vöru eða þjónustu. Verkerli sífelldrar endurskoðunar leiðir af sér markvissar umbætur sem skilar sér í bæði traustu umhverfismerki og gæðum vottaðrar vöru og þjónustu.

Árið 2012 taka ný viðmið Svansins gildi fyrir tvo þjónustuflokka sem algengir eru á Íslandi, annars vegar hótél og farfuglaheimili og hins vegar prentsmiðjur. Fyrirtæki með svansvottun munu því þurfa að gangast undir vottun að nýju samkvæmt nýjum viðmiðum á komandi misserum.

Meðal nýrra viðmiða sem eru í smíðum er viðmið fyrir einnota umbúðir undir matvæli en auk þess er verið að kanna fýsileika á að svansmerkja brauð, en enn sem komið er eru engin matvæli svansvottuð.

staðhæfingu. Þegar spurt var hvort þeir treystu því að vara væri umhverfisvæn ef hún er merkt með Svaninum sögðust 65% vera sammála eða mjög sammála. Því virðist sem kröfur Svansins um lágmarkun umhverfisáhrifa skili sér sem gæðastimpill til neytenda en með ströngum kröfum er tryggt að Svansmerkt vara eða þjónusta sé betri fyrir umhverfið en sambærileg.

Kröfur Svansins ná yfir alla helstu umhverfisþætti eða framleiðslu vöru, svo sem orku- og hráefnanotkun, losun mengandi eða hættulegra efna, umbúðanotkun, flutning og meðhöndlun úrgangs. Það sama á við um þjónustuaðila en svansmerkt hótél, ræstingþjónusta, prentsmiðjur eða verslanir hafa lágmarkað heildarumhverfisáhrif frá starfsemi sinni og innleitt orkusparnað, vistvæn innkaup og betri lausnir við úrgangsméðhöndlun.

Enn sem komið er eru engin matvæli svansvottuð

Á árinu 2012 má búast við því að fleiri prentsmiðjur og hótél bættist í hóp svansmerktra fyrirtækja

FJÁRMÁL OG REKSTUR

Heildarvelta Umhverfisstofnunar er samkvæmt bráðabirgðauppgjöri fyrir árið 2011 um 1.078 milljónir króna. Sértekjur stofnunarinnar eru um 158 milljónir króna, markaðar tekjur eru um 138 milljónir króna og aðrar rekstrartekjur eru um 22 milljónir króna.


Gjöld stofnunarinnar skiptast þannig að laun og launatengd gjöld eru langstærsti kostnaðarliðurinn eða um 48,4%. Þar á eftir koma aðkeypt þjónusta, um 15,7%, húsnæðiskostnaður, um 14,3%, og tilfærslur sem var um 8,8%. Tilfærslur eru að langmestu leyti greiðslur til landeigenda vegna arðs af hreindýraveiðum, styrkir úr veiðikortasjóði og endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna refa- og minkaveiða.

Gjöldin hækka nokkuð milli ára og skýrist það m.a af kostnaði við vatnatilskipun, sem allur fór í gegnum bókhald stofnunarinnar, þ.m.t. greiðslur fyrir vinnu annarra stofnana, framkvæmdum á rauðlistasvæðum og vegna viðskipta með loftslagsheimildir.


Geta ber þess að uppgjörið sýnir ekki raunsanna mynd af stöðu stofnunarinnar að því leyti að höfuðstóll sem fluttur er milli ára inniheldur ýmis verkefni sem frestað hefur verið þó svo fjárveitingar til þeirra séu að nokkru komnar fram. Má þar m.a. nefna 13 milljónir króna vegna undirbúnings byggingar gestastofu í Snæfellsjökulsþjóðgarði, 20 milljónir króna vegna undirbúnings opunar Hornstrandastofu og 16 milljónir króna vegna undirbúnings opunar Látrastofu.

Á meðfylgjandi skífuriti má sjá skiptingu gjalda ársins 2011 á rekstrarliði Umhverfisstofnunar.

Velta 2004-2011



Rekstrarliðir



FJÁRMÁLA- OG REKSTRARSVIÐ

Fjármála- og rekstrarsvið sinnir öllum fjármálum og bókhaldi Umhverfisstofnunar. Meðal verkefna sem tengjast því er merking reikninga og uppáskriftir, innheimta sértekna, uppgjör og kostnaðareftirlit. Ennfremur má nefna innkaup, eignaumsýslu,

kostnaðarmat á frumvörpum og reglugerðum og umsjón bankareikninga. Sviðið sinnir ennfremur gæðamálum, skjalavörslu stofnunarinnar og tölvumálum. Þar að auki er öll ritaraþjónusta og símavarsla á höndum starfsmanna sviðsins.



REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 2011

TEKJUR: (þús.kr.)	2011*	2010
Sértekjur	157.735	178.696
Markaðar tekjur	137.778	151.834
Aðrar rekstrartekjur	21.782	17.062
Tekjur samtals	317.295	347.592

GJÖLD:		
Laun og launatengd gjöld	522.281	478.391
Ferða- og fundakostnaður	69.939	58.560
Rekstrarvörur	33.675	30.791
Aðkeypt þjónusta	169.446	99.438
Húsnæðiskostnaður	154.157	129.133
Bifreiðakostnaður	9.892	10.123
Tilfærslur	94.832	143.544
Rekstrargjöld samtals:	1.054.222	949.980

Eignakaup	23.793	14.593
Gjöld samtals	1.078.015	964.573
Fjármagnsgjöld	1.791	2.501
Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir fjárheimild	-762.511	-619.482
Framlag ríkissjóðs	728.600	593.600
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins	-33.911	-25.882

Höfuðstóll í árslok		
Fjárheimild flutt frá fyrra ári	101.043	126.925
Fjárheimild flutt yfir á næsta ár	67.133	101.043

*Tölur fyrir árið 2011 eru skv. bráðabirgðauppgjöri.



UMHVERFISSTOFNUN

AKUREYRI

Borgum við Norðurslóð
600 Akureyri
sími 591 2000

EGILSSTAÐIR

Tjarnarbraut 39
700 Egilsstöðum
sími 591 2115

ÍSAFJÖRÐUR

Mánagötu 2
400 Ísafirði
sími 591 2000

MÝVATN

Hraunvegi 8
660 Mývatni
sími 591 2000

REYKJAVÍK

Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
sími 591 2000

SNÆFELLSNES

Klettsbúð 7
360 Hellissandi
sími 436 6860

PATREKSFJÖRÐUR

Aðalstræti 67
450 Patreksfirði
sími 591 2000

VESTMANNAEYJAR

Strandavegi 50
900 Vestmannaeyjum
sími 591 2000